**Þórunn Jarla Valdimarsdóttir**

# Heimildasafn dómabóka

***Notað við skriftir bókarinnar***
***BÆRINN BRENNUR. SÍÐASTA AFTAKA Á ÍSLANDI:***

*Útg* ***JPV forlag 2021.***

## Skráð upp úr safni Eggerts Þórs Bernharðssonar

*Sem greiddi Gunnari Þór Hannessyni fyrir*

*að skrá þjóðskjöl málið varðandi*

**I efnisyfirlit**

**II safnið**

# Upp úr dómabók: yfirlit lykilorð, í tímaröð

## í meginsafni:

**Lýsingar persóna eru í meginsafni undir nöfnum**
*líka vitnisburður um Agnesi af þingi 6 í Hvammi*

***Þingað á ýmsum bæjum:***

***Þingstaðir:*** **Stóra-Borg**: Þing 1, 7 og 12. **Tjörn á Vatnsnesi:** Þing 2. **Miðhópi:** Þing 3 og 8. **Hvammur:** þing 4 6, 9, 10 og 13. **Þingeyrar:** þing 5 og 11. **Geitaskarð:** þing 14.

***Í varðhaldi:***

***Dýraníð og pírómanía Friðriks og móðurfjölskyldu?:***

***Kvikindisskapur Agnesar og Sigríðar:***

### Stúlkubarnið sem er vitni að morðunum:

*Persónugallerí yfirheyrslanna:*

***Heimilisfólk Katadal:*** **Dýraníð Friðriks og fleira:** *vitnisburður um þau:*

***Lýsing S og A úr yfirheyrslum:***

***Lýsing Friðriks úr yfirheyrslum:***

*Um móðurfjölskyldu Friðriks:*

***Þorbjörg svarar ásökunum úr bernsku:***

***Vitnisburðir um Agnesi unga:***

## Agnes talar vel um Natan við Rósu:

***Hið dularfulla bréf A til R:***

## Rósa og Natan: og fégráðug klámferð F á Vatnsenda

## Ástir Natans og Sigríðar:

*Gjafir Nathans:*

## Ástir Friðriks og Þórunnar:

## Ástir Friðriks og Sigríðar:

**Ekkert tilhugalíf segir Agnes:**
**Friðrik vill fínni konu:**

## Ástir Agnesar og Daníels:

## Fyrsta hugmynd um dráp Natans: foreldrar drullu samsekir:

**Fullorðið fólk óskar Nathani dauða í eyru Friðriks / meðsekt móður:**

**Friðrik kemur á biðilsbuxum á Þorra:**

**segir S fyrst frá morðlöngun sinni:**

***Sigríður sagði Agnesi strax frá ráðagerð F***

**Gísli föðurbróðir F í vitorði strax:**

**1 ferð Friðriks til morðs:**

*Þau hittast við messu Tjarnarkirkju:*

***Daníel á Illugastöðum: Daníel týnir gullpeningi:***

*- Friðrik kemur 2x að Illugastöðum að sækja **bréf** og koma með, N og S eru í Langadal en D gætir fjár: Agnes eggjar, þær segja D:*

*- Daníel fer, kemur við í Katadal:*

**Agnes flýr að Ásbjarnarstöðum eftir skammir Natans:**

*- Nathan sóttur frá Geitaskarði: Pétur kemur á meðan.*

**2 ferð Friðriks til morðs:**

***Friðrik kemur við á Ásbjst eftir 2 ferð til morðs. Agnes eggjar:***

*Friðrik fer í kaupstað og að Geitaskarði til Daníels, mikið morðplan.*

**Sama dag og F að Gskarði Pétur sendur að sækja Natan.**

*Sjá D í vitorði : Agnes fékk bréf frá Daníel með Sauðadráps-Pétri:*

***Sigríður kemur í Katadal:***

***Nathan fyrirgaf Agnesi flóttann:*** *myrtur sömu nótt*

**Þau trekkja hvert annað upp:**

*Friðrik talar Sigríði til, gegnum Agnesi:*

***Agnes brýnir Sigríði:***

***Agnes ætlaði að senda Daníel bréf: efni ma Sigríður til í að drepa Nathan ein:***

***Sigríður sagði N að Jóhannes vildi myrða:***

***Bréfin:***

***Daníel afneitar bréfi:***

***Þykjast fínni en Pétur: Agnes og Sigríður hrækja á hann:***

**Peningar Natans:**

***Natan æsir Friðrik og lofar fjársjóði:***

***Sjá Rósa og Natan: fégráðug klámferð F að Vatnsenda:***

*Draummaður Þorbjargar:*

*Agnes þykist ekkert vita í fyrstu yfirheyrslu um peninga:*

*Sérstakur extra-réttur vegna meintra fjársjóða Natans:*

*Lýsing á morði í ljósi fjár – A og S vildu ei binda N:*

## Ástæður morða:

**Raunveruleg ástæða haturs Friðriks á Natani! Ljótt ef satt er:**

**Friðrik fyrst hatur svo áeggjan S, A og D:**

**Natan laspúveraði (skammaði) kvenfólk:**

**Fégráðug ferð Friðriks á Vatnsenda:**

**Sigríður vill búa:**

**Friðrik vill búa:** *sjá: eldri sauðaþjófnaðir Friðriks:*

*tekur 4 stk í afrétt Katadal vex smám saman ásmegin, kaupir hest*

*Á Illugastöðum: Á Þorgrímsstöðum: Í afréttinni: Jóhannes klagar í hreppstjórann og missir trúnað F.* ***Þorbjörg og Friðrik tala um húsbruna fari annar að byggja kot í afréttinni:***

*Natan fórst illa við Friðrik í hvalskiptum og hótaði að drepa hann:*

*Friðrik áður langað að myrða Árna í Tungu:*

***Agnes hatur:***

*Fégræðgi:*

*Nathan hafi ætlað að myrða Friðrik: + föður + föðurbræður:*

# Morðin:

***Ýmsar bollaleggingar: A vill hamar því sársaukaminna.***

***Agnes var fyrst til að minnast á morð:***

**Þáttur Sigríðar:**

**Agnes og Sigríður vildu eitra fyrir Pétri:**

*Faðir vissi hvað Friðrik hafði í hyggju en hleypti honum samt af stað: afsökun hattur, mjólk og brennivín:*

*F reyndi enn að fá Gísla með:*

**Ólafur föðurbróðir veit:**

**S lýsir því hvar hver sefur, fyrirgefningu Agnesar, allt huggulegt:**

**Frásögn Friðriks:**

**Barnið er í baðstofunni þegar morðin hefjast:**

**Frásögn Agnesar:**

***Nathan galdramaður:***

*Sigríður og F skipa Agnesi að bera inn ljós, hún óttast fjölkyngi Natans, að hann sjái sig:*

*Friðrik heldur Natan eigi ástardrykk:*

*Friðrik óttast líka að Natan sé fjölkunnugur:*

**Lokastunga Friðriks og það sem Pétur sagði:**

**Þau kveðjast, þær þakka honum fyrir morðin:**

Þau vinda sér í þýfið:

Bæjarbruni undirbúinn:

## Eftir morð og bruna:

**Agnes og Friðrik samferða að Stapakoti:**

*Friðrik lagði þeim línurnar með frásögn brunans:*
*Friðrik gistir í Tungukoti í Hlíðardal:*
***Daníel kemur frá Geitaskarði að Katadal:***
*(Laugardagskvöld 15. mars)*

***Ferðalög til rannsókna og á þingin:***
*Ferð og rannsókn Jóns í Stapakoti og vinnumanna hans -*
*Föstudagur 14. mars. 2 vinnumenn sjá strax að myrtir:*
*Þáttur Jóhannesar vinnumanns:*
*Ferð og rannsókn Jóns í Stapakoti - til sýslumanns etc:*
***Sýslumaður kemur í Katadal:***

**A, S og J sinna fénu á Illhugastöðum:**
*Sunnudagskvöld D A og S fara saman:*
**Sjá líka: Jóhannes felur með þeim þýfi og veit í raun:**
*Mánudagskvöld:*
*Þriðjudagsmorgun:*
*Miðvikudagskvöld:*

**Þýfið:**
Almennt:
**Morðvopnið:**
Peningapungur og silkislæða:
**Það sem þau brenndu:** *Tekið saman brennt þýfi F og A, það virt til fjár Gísli og Guðmundur Ketilsson:*
Reiðbuxur og grjónapoki og fleira:
Meðöl Natans:
Koffortið:
***Lykillinn að koffortunum: Agnes fleygði út í sjó***
*Daníel og F og peningapungurinn: mánudagur 17. mars:*
*Ferð F og Gísla að Illhugastöðum: mánudagskvöldið 17. mars:*
Þorbjörg með í ráðum um að sækja þýfi en ekki brenna:
***Þriðjudagur 19. mars seinni ferð F og G að Illugastöðum:***
**Þýfið sem Jóhannes faldi:**
Sjá: Jóhannes felur með þeim þýfi og veit í raun:

**Þýfið falið í Katadal:**
Skeiðvatnið:
Kvikasilfur:
**Friðrik þagði um þýfið svo Gísli mætti njóta:**
**Menn frá réttinum sækja þýfið í Katadal:**
**Þýfið skoðað og skráð:** sjá eldri þjófnaðir: virðing sauða

**Samsekir:**

***Þau óttast Friðrik:* Faðir óttast skapvonsku Friðriks:**
***Samstaða náinna:***
***Foreldrar Friðriks:***
***Gísli sagði föður Friðriks fyrir ferð 2 til morðs:***
**Faðir:**
**Móðir:**
**Annað heimilisfólk saklaust af vitneskju um morðið, en vitandi um þjófnaði:**
**Elínborg systir Friðriks:**
**Daníel í vitorði:**
*Agnes fékk bréf frá Daníel með Sauðadráps-Pétri:*
**Ósvífni Daníels:**
**Jón föðurbróðir á Gnýstöðum:**
**Ólafur föðurbróðir á Súluvöllum:**
*veit af morðlöngun, ætlaði eftir morðið að segja frá*
**Jóhannes girnist fé Natans:** [staða vinnufólks og samstaða]
**Jóhannes felur þýfi og veit í raun: biður A og S að þegja um:**
**Jóhannes flytur þýfið:**
**Jóhannes vildi að fyrra bragði stela:**
**Jóhannes játar:** *lýsing á honum/ faldi þýfið og hjálpaði F að stela beisli á hvalfjöru:*
***Jóhannes gróf í vegg í baðstofu til að ná músum:***

## Yfirheyrslurnar:

*Þriggja daga réttur 11 að Stóruborg:*
*Jón í Stapakoti kemur með A og S á fyrsta þingið:*
*Friðrik ákveðinn að þræta fyrir og segja þær ljúga:*
*Sigríður biður Agnesi strax að meðkenna:*
*Friðrik:*
*Þess gætt að grunaðir hefðu ei samgang:*
*Lok extraréttar góð lýsing:*
*Þorbjörg segir börnum sínum að þegja:*
*Reynir að klína því á Málfríði:*
*Þorbjörg og Sigurður segja Elínborgu að þegja:*

**Lifandi hópsena:**
***Meinsæri Jóhannesar: J, A og S samsvarin í að þegja:***

## *Flutningar fanga, gæsla og kyrrsetning:*

***Friðrik vill fá hníf og flýja:***
*stofna fanganýlendu í Drangey: – Þ og Þ vilja fela hann í Katadal. - eldri útilegudraumar F. Vill síður drepa menn í byggð*

*Heimferðaleyfi Katadals fólks: niðurlútur hópur samsekur*
***Heimferðarleyfi og extraréttarlok, Sýsli veikur:*** *Jóhannes sóttur:*
*Daníel í geymslu hjá sýslumanni í Hvammi: óformleg yfirheyrsla í Miðhópi á leið á Stóruborg:*

## Þáttur Þórunnar:
## Þáttur Daníels:

# Eldri þjófnaðir:

***Í fyrra ráðgera móðir F og E systir hans að stela kofforti N, hvetja hann til að stela frá N, því stal hann sauðum hans:***

**Friðrik stal hníf:**

***Fyrirmyndir Friðriks í glæpum: Gísli:*** **Lítið eitt af korni:**

**Faðir stal sauð frá Natan og hesti í Rvk: hirða lambræfla.**

**Hesturinn:**

***Þórunn og stolni klúturinn, þjófnaðir þeirra Friðriks meðan þau bjuggu á Vesturhópshólum:***

***Sonur prestsins séra Gísla á Hólum, Gísli, líka þjófur!***

## *Stolið í hvalfjöru – beisli og yfirgjörð:*

***Ýmsir þjófnaðir Friðriks:***

*Friðrik stal ám frá Natan og fleirum:*

***Eldri sauðaþjófnaðir Friðriks:***

*tekur 4 stk í afrétt Katadal vex smám saman ásmegin*

*Sex ær Natans hverfa:*

*Sigurður faðir hans veit af þjófnaðinum!*

*Ólafur föðurbróðir F veit líka af þjófnaðinum*

**Um virðingu stolnu sauðanna:**

*Friðrik stal hesti og fleira:*

*Friðrik býður þýfi til sölu:* beislisstangir

## Virðingargjörð böðuls:

# Upp úr dómabók: yfirlit Kjarni sögunnar

**Svo ruglingslegt að ég verð að búa til**
**Heimildalykil og atriðisorðasafn**

neitar að hafa nokkra vitneskju eða grun um það á Illhugastöðum framda morð.[1] **[í eintölu, eins og Sauðadráps-Pétur skipti ekki máli]**

Eiríkur Guðjónsson: glæpir alltaf til þess að komast áfram og upp í heiminum.

## Lýsingar persóna eru í meginsafni undir nöfnum:

### Stúlkubarnið sem er vitni að morðunum:

**Súsanna Natansdóttir:** Íslbók segir hana stuttlífa (1826-1827) fædd 7. júlí 1826, látin í ágúst 1827. Rósant sagður albróðir

Því ekki Súsanna, önnur dóttir fædd 1825?: Þarnæst framstóð ***bóndakona Rósa Guðmundsdóttir á Vatnsenda***, sem af réttinum tilkvödd neitar að geta neina upplýsing í þessu máli gefið.[2] /234 En viðkannast að Agnes hafi komið einhvörntíma í vetur, og hafi hún þá í sín eyru talað mikið vel um húsbónda sinn Nathan. Um barn það sem fyrr er getið um að hafi á Illhugastöðum verið í fóstri er dóttir deponent og er nú til hennar heim komið, segir hún það sé á 3ja ári, **[furðulegt að barnið sé ekki nafngreint, hvað er það? Barn svo ómerkileg stærð?]** er farið að tala, og kveðst hún ekki hafa aðkomist hjá *henni*, að hún hefði neitt um það framda morð vitað, en hún segi alltaf að Nathan sé uppi á Skarði, [Geitaskarði] eins og henni mun sagt hafa verið.

Hlýtur að vera Þóranna Rósa: **Þóranna Rósa Ólafsdóttir** (1825-1897) sjómannsfrú í Bessastaðasókn Gull. 1860. Svo vinnukona í Árnessýslu. Var samkvæmt Æ.A-Hún og Ljósm. talin laundóttir Natans, en Indriði? telur líklegt að svo sé ekki. Súsanna fædd 1826 sé talin fyrsta hjúskaparbrot Vatnsenda-Rósu. Enda Natansdóttir í kirkjubókum.

## *Persónugallerí yfirheyrslanna:*

Extraréttur 6 í Hvammi, fólkið sem þekkti Þorbjörgu og Agnesi forðum. 3 Jónar, Guðný og Loftur.

Framhaldsþing á Stóruborg, exttraréttur 7: talað við bræður Sigurðar bónda, Jón, Ólaf og Gísla. [þetta er heil nýlenda

---

[1] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 228-229.

[2] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 234-235.

úr Skagafirði,  J og Ó búa á næstu bæjum við Katadal sinn hvoru meginn við Vatnsnesið, J á Gnýstöðum og Ó á Súluvöllum] Vinnumenn í Stapakoti Japhet og Jóhannes. Rósa og spúsi, bræðurnir aftur, Sigurður á Gottorp, Eggert á Þernumýri, Þórunn aftur og Þorbjörg, Friðrik, Agnes og Sigríður.

*Heimilisfólk Katadal:*

**Dýraníð Friðriks og fleira:** Framstóð því næst, 28, ***hreppstjóri Eggert Jónsson á Þernumýri***, [**Þverárhreppur** var hreppur í Vestur-Húnavatnssýslu, kenndur við bæinn Þverá í Vesturhópi.**]** sem tilkvaddur neitar að geta neina upplýsing í þessu borið, og ei heldur kunna neitt um Katadalsfólk að bera utan hvað illt orð hafi legið á því fyrir ófrómleika, og Friðrik hefði fengið orð fyrir **skelmirí við skepnur** og óráðvendni til orða.[3] En enga vissu kveðst hann hafa fyrir að þau Katadalshjónin hafi einn þjófnað framið, heldur kveðst deponentinn hafa Þórunni Eyvindsdóttur vera borið óráðvant en ráðvant orð, þar sem hún verið hafi hér í sýslu. Frekari upplýsinga er ei af depon að fá, og játar hann það framanskrifaða rétt bókað. Dimitteraður.

***vinnumaður Japhet Bjarnason í Stapakoti*** /232 Enga óráðvendni kveðst depon heldur kunna að bera Katadalsfólki yfirhöfuð, utan hvað Sigurður hafi verið nokkuð ágengur með beit þegar depon. var á Tjörn, en hafi þó svarað góðu um, þegar að því hafi verið fundið.

***Ingibjörg Sigurðardóttir*** 12 ára gömul, barn hjónanna í Katadal og ókonfirmeruð, en skýr og greind að heyra.[4]

Auk barna og föðurbróður fósturdóttir: Þarnæst framstóð 18 ***Magdalena Tómasdóttir*** frá Katadal, systurdóttir bóndakonu þar Þorbjargar, og þar uppalin.[5] Hún tjáist vera 11 ára gömul og ókonfirmeruð,

/223 Framstóð aftur 19 ***Bjarni Sigurðsson*** í Katadal 10 ára gamall sem og svo segist að vera mikið skýr og greindur, og er hann lengi margvíslega aðspurður að ýmsu sökinni til upplýsingar, án þess að nokkur upplýsing af honum fáist, en

***Lýsingar S og A úr yfirheyrslum:***

Verða þær Sigríður og Agnes settar í varðhald undir aðgæslu.[6] Agnes  er meðal máta há og grannvaxin, toginleit í andliti og fáleit, með dökkt slykjuhár og bláeygð. Sigríður í minna

---

[3] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 238.

[4] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 222-223.

[5] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 223.

[6] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 11.

lagi, en nokkurn veginn þrekin eftir hæð, jafnleit í andliti, nokkurn veginn söðulnefjuð, ljósbláeygð með bjart hár.

***Lýsing Friðriks úr yfirheyrslum:*** *óþekkur dýraníðingur með morðóra*

***Jón föðurbróðir á Gnýsstöðum:*** Ár 1828 þann 15da apríl [þriðjudagur] setti sýslumaður Blondahl einn extrarétt að Stóruborg með þeim sömu þingvottum sem í gær, til ennú að framhalda rannsókn í því þá meðhöndlaða morðs- og þjófnaðarmáli.[7] Mætti svo fyrst fyrir réttinn 20, bóndi Jón Ólafsson á Gnýstöðum, bróðir bónda Sigurðar í Katadal, sem af réttinum tilkvaddur að segja sannleikann, neitar að hafa nokkra vitneskju eða grun um það á Illhugastöðum framda morð **[alltaf í eintölu, eins og Sauðadráps-Pétur skipti ekki máli],** fyrri en eftir að það var uppkomið. Jón viðkannast að hafa verið 10 ár vinnumaður hjá bróður sínum Sigurði í Katadal, nú fyrir 6 árum, og kveðst hann engan þjófnað eður óráðvendni hafa orðið var við, að þar hafi verið framið þennan tíma, en Friðrik hafi þá strax tjáð sig óráðvandann til orða og verka, óhlýðinn foreldrum sínum og skelenskan við skepnur, [skrifari viss um að lesi rétt, af dansa orðinu *skele*, sem þýði að gjóa augum eða vera rangeygður, á ensku *squint*] en ófrómleika kveðst hann ei hafa orðið var við af honum. Hafi faðir hans oft áminnt hann til góðs, en móðir hans hafi sér virðst hafa heldur mikið eftirlæti á honum, og Sigurður þess vegna ekki getað agað hann eftir vild sinni. Einhvörntíma nú fyrir 3 eða 4 árum segir depon., að Árna í Tungu og Friðrik hafi orðið sundurþykkir útúrbeit, og nokkru nokkru eftir þetta hafi Friðrik sagt við sig, að það væri ei meira en mannsverk, þegar sér yxi fiskur um hrygg, að ráða Árna af dögum. **[morð órar Friðriks strax fyrir kynþroska]** Kveðst hann hafa sagt Árna frá þessu strax daginn eftir, og beðið hann að vera varann um sig.

## *Um móðurfjölskyldu Friðriks:* ***vitnað um Þ + unga***

*Extraréttur 6 Hvammi:* Þarnæst framstóð 14, **bóndi Jón Jónsson á Hofi** sem af réttinum tilkvaddur viðkannast að hann búið hafi á Hofi í Vatnsdal á móti Halldóri og Kristínu, foreldrum Þorbjargar í Katadal, sem verið hefur frá 1799 til 1809, en hvað lengi af þessum 10 ára tíma Kristín hafi búið þar sem ekkja eftir fráfall Halldórs kveðst depónentinn ei muna.[8] Þorbjörg segir hann farið hafi burt með móðir sinni vorið 1809, og muni hún þá verið

---

[7] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 228-229.

[8] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 210-211.

hafa rúmt 20 ára að aldri. Um téð tímabil segir deponentinn að téð fólk hafi heldur tjáð sig óvandað í umgengni við sig, þó einkum móðir Þorbjargar og dætur hennar, Þorbjörg og Guðrún. Enn leggur depónentinn til, eitthvört haust, nokkru eftir veturnætur, meðan ég bjó móti Halldóri heitnum, kallaði hann einn morgun til mín á baðstofuglugganum, og sagði, að eldur væri kominn í töðuhey mitt. Flýtti ég mér svo á fætur, og sá þá að reykur stóð upp úr heyinu þegar ég kom út. Hafði þó enginn hiti verið í heyinu áður og torfið freðið. Komu þá bændurnir frá Bessastöðum, Guðmundur heitinn og Loftur Grímsson, sem séð höfðu eldinn, að hjálpa til að slökkva hann, hvað okkur lukkaðist, eftir að brunnið hafði á að geta um hálft annað kýrfóður, en ekkert styrkti sambýlisfólk mitt mig til að slökkva eldinn utan Halldór, lítið eitt eftir skipan Guðmundar heitins á Brúsastöðum. Ímyndaði ég mér að eldur þessi mundi kveiktur hafa verið af sambýlisfólki mínu, og var helst til getið, að Þorbjörg í Katadal mundi það hafa gjört, þar hún var þá unglingur og ókonfirmeruð. En enga vissu hef ég fyrir þessu, og það var heldur aldrei fremur rannsakað. Öðru sinni, meðan ég var fyrir sunnan, sagði konamín mér, að kveikt hefði veirð í rúmi hennar í baðstofu meðan hún var úti seint á degi, sem hún hélt skeð vera af völdum /211 sambýlisfólksins, en sem hún gat slökkt áður en skaði varð af. Annars virtust mér bæði Þorbjörg og Guðrún systir hennar vera heldur ófrómar og smá hrekkjóttar, og einu sinni tóku þær ásamt móður sinni hund er ég átti og mörðu sundur á honum lappirnar svo ég ei skyldi geta brúkað hann til smalamennsku en yrði sjálfur að tefja mig við hana frá slættinum. **[pýróman, dýraníðingar og manna!]** Yfirhöfuð höndluðu þær mæðgur Kristín og Þorbjörg mikið illa við mann sinn og föður eftir að hann tók til að verða heilsulasinn og hann ekki gat unnið, svo að hann stundum varð að flakka í burtu, þó þær hefðu haft nógan mat. 1 ár kveðst deponentinn verið hafa Agnesi Magnúsdóttur samtíða, og hafi sér heldur virðsst hún vera ófróm, en annað óráðvant kveðst hann ei kunna til hennar að segja, og enga eða litla þekkingu hafa á öðru því við þessa sök dreifða fólki. Það framanskrifaða játar deponentinn rétt bókað. Dimitteraður.

Þarnæst framstóð 15, **bóndakona Guðríður Jónsdóttir á Hofi** (kona næsta vitnis) af réttinum tilkvödd.[9] Viðkannast hún eins og móðir hennar heefur frásagt, að hún búið hafi á móti foreldrum Þorbjargar í Katadal, á Hofi, og að eldur hafi komið uppí heytóft þeirra og hafi það tilgengið eins og Jón hefur frá sagt, en bætir því við, að 2 nóttum áður hafi hún séð seint um kvöld vera kviknað í tóftinni, og hafi þá eldurinn orðið strax slökktur og cverið vakað næstu nótt eftir, og hafi þá ei á eldinum borið, þar

[9] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 211-212.

til annan morgun þar eftir, sem Jón hefur frá sagt. Hafi þá heyið í tóftinni verið grænt og torf á því freðið. Ekkert kveðst hún vita hvör valdið hafi þessum eldi, þó í tilgátum hafi veirð, að eitthvað af sambýlisfólkinu hefði gjört það. Sömuleiðis kannast vitnið við að búið hafi verið eitt sinn að kveikja í rúminu sínu seint á degi, meðan hún hafi úti veirð að hirða um skepnur sínar, en móðir sín fyrir sunnan, og kvesðt hún hafa fundið eldköggul niðri í hrísinu í rúminu. /212 og hafi heyið verið farið að brenna, og skinn, sem verið hefði undir sænginni, en hún og önnur rúmföt óbrunnin. Ekkert kveðst hún vita hvör þennan eld hefði í rúmið látið, þó hún hefði helst haft sambýlisfólkið grunað fyrir það. Þar í sínu búi hafi ei verið nema börn sín ung, og Guðrún heitin Halldórsdótti hefði haft dylgjur um að Þorbjörg systir hennar mundi hafa þetta gjört, hvað hún þó ei kveðst markað hafa, þar þeim systrum hafi illa saman komið, og Guðrún engu síður verið hrekkjótt en Þorbjörg. Um hvörnig þær mæðgurnar farið hafi með hundinn, ber þessu vitni saman við næst undangangandi vitni, og yfirhöfuð kveðst vitnið halda að þær mæðgur hafi heldur verið ófrómar, og óráðvandar yfirhöfuð. Um breytni þeirra móður, Þorbjargar, og hennar sjálfrar við Halldódr heitinn, ber deponentinum saman við næsta vitni. ,,, um Agnesi sjá í meginsafni ... Dimitteruð.

Þarnæst framstóð 16, **bóndi Loftur Grímsson á Brúsastöðum,** 69 ára gamall, sem af réttinum tilkvaddur viðkannast að hafa veirð viðstaddur við heybrunann á Hofi (eins og Jón hefur frá sagt) og hjálpað til að slökkva eldinn ásamt sambýlismanni sínum og hafi Guðmundur heitinn rekið halldór heitinn á Hofi til að slökkva eldinn.[10] Heyið í tóftinni segir deponentinn sér virðsst hafi verið grænt og torf á það hlaðið. Ekkert segist hann vita hvör eldininum hafi ollað, þó í tilgátum hafi verið að sambýlisfólk Jóns á Hofi hafi það gjört. Ekkert tjáist deponentinn muna óráðvant að vitna um Þorbjörgu í Katadal eður reka minni til að hann hafi heyrt henni, eður fólki hennar eignaða /213 aðra hrekki en það fyrrnefnda, meðan það hafi hér í sveit dvalið og tjáist heldur enga þekkingu hafa um annað fólk, sem þessa sök er viðriðið og játa það framan skrifaða rétt bókað. Dimitteraður.

***Þorbjörg svarar ásökunum úr bernsku:***

***Þorbjörg:***/226 Hún þrætir fyrir að hafa nokkurn tíma kveikt eld í heyi Jóns á Hofi eður rúmi konu hans, en kveðst einasta muna til að kviknað hafi einu sinni í heyi hjá Jóni, og hafi það verið af hita í heyjum, en um eldinn í rúminu kveðst hún ei hafa heyrt getið fyrri en nú. Þrætir einninn fyrir að hafa meitt hund

[10] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 212-213.

Jóns á Hofi, og sömuleiðis fyrir að hafa neitt illa með föður sinn höndlað.

## *Vitnisburðir um Agnesi unga:*

Þar bæði Agnes Magnúsdóttir og sömuleiðis Þorbjörg Halldórsdóttir í Katadal eru báðar uppaldar í þessari sveit, hafa nokkrar persónur af sýslumanninum aðvaraðar verið að mæta hér í dag til vitnisburðar um undanfarna hegðan og breytni þessara persóna m.m.[11] Framstóð því næst 12, **hreppstjóri Jón Jónsson frá Kornsá**, sem af réttinum tilkvaddur viðkannast, að sú ákærða Agnes Magnúsdóttir hafi verið sem barn í niðursetu hjá föður sínum hér í Hvammi í Vatnsdal, og þarnæst hjá sjálfum sér þegar hann tók við búi á sömu jörð árið 1813 til ársins 1816, eða lengst af þessum tíma. Muni hún þá verið hafa 16 ára gömul þá hún hafi frá sér farið, hafi sér virðst hún vera í betra lagi gáfuð, og hafi gott skynbragð haft á sínum kristindómi, heldur lingjörð en hörð í geðsmunum, fróm og óskreytin, en heldur óviðfeldin í lunderni.

Þarnæst framstóð 13, **studiosus Jón Jónsson á Helgavatni**, sem tilkvaddur viðkannast fyrrnefnd Agnes Magnúsdóttir hafi verið hjá sér vinnukona á Geitaskarði frá vorinu 1826 til vorsins 1827, og hafi sér virðst hún vera heldur ósannsögul og hroðyrt, heldur undarleg og þunglima í geðsmunum, en ófrómleik kveðst hann ei hafa orðið var við hjá henni.[12] Hafi sér virðst hún í betra lagi gáfuð, og bæði lesandi og skrifandi, en enga hrekki hafi hún sér vitanlega í ljósti látið um þann tíma sem hún hafi hjá sér verið. Ekkert annað af því þessa sök viðrinu /210 fólki kveðst depónentinn þekkja eða geta neitt umborið og játar það framanskrifað rétt bókað. Dimitteraður.

Þarnæst framstóð 14, **bóndi Jón Jónsson á Hofi**.[13] /211 1 ár kveðst deponentinn verið hafa Agnesi Magnúsdóttur samtíða, og hafi sér heldur virðsst hún vera ófróm, en annað óráðvant kveðst hann ei kunna til hennar að segja, og enga eða litla þekkingu hafa á öðru því við þessa sök dreifða fólki. Það framanskrifaða játar deponentinn rétt bókað. Dimitteraður.

Þarnæst framstóð 15, **bóndakona Guðríður Jónsdóttir á Hofi** (kona næsta vitnis) af réttinum tilkvödd.[14] /212 Það eina ár sem deponentinn kveðst hafa samtíða verið Agnesi Magnúsdóttir, segir hún að hún hafi tjáð sig mikið ófróma, en aðra hrekki kunni hún ei til hennar að segja, og ei heldur kunna neitt að vitna um

---

[11] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 209.

[12] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 209-210.

[13] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 210-211.

[14] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 211-212.

annað af því fólki, sem við þessa sök er viðriðið og játar sinn framburð rétt bókaðann. Dimitteruð.

## Agnes talar vel um Natan við Rósu:

Þarnæst framstóð ***bóndakona Rósa Guðmundsdóttir á Vatnsenda***, sem af réttinum tilkvödd neitar að geta neina upplýsing í þessu máli gefið.[15] /234 En viðkannast að Agnes hafi komið einhvörntíma í vetur, og hafi hún þá í sín eyru talað mikið vel um húsbónda sinn Nathan. [gerði hún sér vonir um hann eða var hún að kvelja Rósu?]

### *Hið dularfulla bréf A til R:*

***bóndakona Rósa Guðmundsdóttir á Vatnsenda:*** /234 Rósa kannast við bréf það sem farið hafi á milli þeirra Agnesar í vetur eins og Agnes hefur frásagt, og ber henni saman við það sem Agnes hefur sagt um innihald þeirra, sem er svo ómerkilegt, að ónauðsynlegt hefur virðst að innfæra það. Ekkert óráðvant kveðst deponent vitnað geta um þær Agnesi og Sigríði, enda sé hún þeim ókunnug.

## Rósa og Natan: **og fégráðug klámferð F á Vatnsenda**

***bóndakona Rósa Guðmundsdóttir á Vatnsenda:*** /234 **Sumarið 1825** segir hún að Nathan hafi frá sér farið frá Vatnsenda, eftir hann hafi verið hjá sér og manni sínum **rúman 2ja ára tíma**, og viti hún til að Nathan hafi þá átt talsverða peninga, og segist hún hafa tekið við af honum til geymslu uppá 60 spesíur og muni hann hafa farið með töluvert meira burtu en þetta. Næsta vor eftir [1826] að Nathan hafi í burtu farið, hafi Friðrik í Katadal komið að Vatnsenda, kallað sig á eintal útí skemmu, hafi hann þá farið að útmála fyrir sér að hann hefði ást eða grind til hennar og beðið sig að /235 lofa sér að vera um nóttina, og gjört ráð fyrir að koma í rúm til hennar um nóttina, [hann er svo ungur þarna!] þar maður hennar ekki hafi sofið hjá henni, og hafi hún verið ólétt að barni sem hún hafi alið snemma sama sumar [Súsönnu þeirra Natans!]. Þetta kveðst hún hafa afekið við Friðrik, og gengið inn frá honum og beðið mann sinn að lofa honum ekki að vera þó hann bæði hann.

En eftir þetta kveðst hún hafa aftekið við Friðrik, og gengið inn frá honum og beðið mann sin að lofa honum ekki að vera þó hann bæði hann, en eftir þetta segir hún maður sinn hafi komið til sín, og sagt að Friðrik beiddi sig um að var í einhvörju rúmi fyrst helst í búrinu, hvar hann leita ætlaði að peningum sem Nathan ætti geymda hjá Rósu, og sem Nathan væri búinn að vísa sér til að hann mætti taka, ef hann gæti fengið Rósu til að sleppa

---

[15] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 234-235.

þeim, og hafi boðið manni sínum til þess tvær eður 4ar spesíur.[16] Kveðst hafi Friðrik sagt honum að móðir sín hefði draumamann sem hefði sagt henni að peningarnir væru geymdir undir sá í búrtinu. Kveðst þá Rósa hafa sagt manni sínum frá að hún geymdi að sönnu peninga fyrir Nathan, en ekki væri einskildingur af þeim í búrinu, og mætti hann lofa Friðrik að leita þar. Hafi svo maður sinn verið á flakki eftir að hún og vinnukona sín hafi lagt sig fyrir, en þegar Friðrik haldið hafi að þær væru sofnaðar, hafi hann farið í búið, og rifið þar til undir suamum, en ekkert fundið. Hafi hann þá sagt að móðir sín mætti far aða lúra betur, því ekki væru peningarnir hér, einnig ef þeir væru undir bagga sem hann gat þá ekki hrært, muni hann þó hafa gjört ráð fyrir að koma aftur þá hann  hefði fengið betri upplýsing já móður sinn til að leita, en farið eftir það á stað um nóttina, en ei aftur komið þær xxxx en oft hafi Friðrik síðan þá hann hafi sig séð, látið á sér skilja að hann ætti sér hefndir /236 að gjalda.  ***bóndakona Rósa Guðmundsdóttir á Vatnsenda:*** /236  Peninga þá er hún geymt hafi fyrir Nathan kveðst hún hafa afhent honum það sama vor, sem Friðrik hafi þangað komið eins og áður er sagt, og aldrei kveðst hún um langan tíma heyrt hafa á Nathan hvar hann hafði peninga sína geymda, en meðan hann hafi hjá sér verið hafi hann grafið þá í jörðu ýmist utan eður innan bæjar. Enga frekari upplýsing í þessari sök er af deponent að fá, og játar hún það framanskrifaða rétt eftir sér innfært – dimitteruð.

Þarnæst framstóð ***Ólafur Guðmundsson á Vatnsenda***, ektamaður Rósu Guðmundsdóttur, sem áður var yfirheyrð.[17] Gefur þetta vitni að öllu leyti samkvæman virtnisburð konu sinni um komu Friðriks að Vatnsenda vorið 1826, og hvörninn að Friðrik hafði sagst hafa komist að því að **peningarnir** mundu vera geymdir undir sá í búrinu. Og hafi hann gjört ráð fyrir að koma aftur, þá móðir hans væri búin að hafa upp betur. Að öðru leyti er enga upplýsing af depon. að fá í þessu máli og játar hann sinn framburð rétt bókaðan. Dimitteraður.

/241 Sömuleiðis viðkannast nú Þorbjörg, að veturinn eftir að Nathan hafi farið frá Vatnsenda hafi Friðrik sagt sér, að Nathan hefði sagt hann mætti eiga alla þá **peninga** sem hann ætti í Vatnsendalandi, ef hann gæti fundið þá **[bendir til þess að Nathan komi sjálfur sögum um ríkidæmi sitt á kreik!]** og hafi Friðrik spurt sig að, hvar peningar þessir væru niðurkomnir, og kveðst hún hafa giskað á að þeir mundu vera undir sá í búrinu vegna þess að sig minnir hún hafi heyrt það haft eftir Nathan. **[draummaðurinn lygi!]** Hafi Friðrik svo kennt sér um að hann

---

[16] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 234-235.

[17] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 237.

ekki hefði fundið peningana, og viljað láta sig segja glöggvar til þeirra, en hún kveðst hafa afsagt að segja framar til þeirra. Sömuleiðis kannast Þorbjörg við að hún hafi gefið Friðriki í skyn að hún gæti vitað margt, þó sér væri ekki sagt það, og hafa því Friðrik haldið að hún hefði draum-mann. Einhvörntíma í vetur segir hún Friðrik hafi spurt sig að, hvar hún héldi að peningar Nathans væru, og kveðst hún hafa sagt að ef þeir væru innan bæjar mundi þeir helst vera grafnir í búrinu. Ennú er enga frekari upplýsing af Þorbjörgu að fá, og þar nú er dagur á enda, verður rannsókn í kvöld ekki lengur framhaldið.

## Ástir Natans og Sigríðar:

*Gjafir Nathans:*

*/162 Sigríður:* silfurmyllurnar hafi legið á fati frammi í búrinu sem Nathan hafi verið búinn að lofa að gefa sér og kveðst hún hafa tekið þær án Friðriks vitundar, og segist hafi síðar með vitund hreppstjórans og konu hans, fest þær á bol er hún nú gengur í.

**bóndi Árni Skúlason í Tungukoti í Hlíðardal:** Framstóð ... Um þær Agnesi og Sigríði kveðst hann ekkert óráðvant vita utan það að sagt hafi verið að Sigríður hafi að undanförnu samsængað Nathan,.[18]

## Ástir Friðriks og Þórunnar:

/180 Kveðst Þórunn næstliðið vor farið hafa að Katadal ásamt Friðriki Sigurðssyni frá Vesturhópshólum og hafi hann heimuglega verið búinn að lofa að ekta sig, þegar hann fengi þar til aldur. En nú á yfirstandandi vetri (hvað snemma kveðst hún ei muna) hafi hann afsagt sér um það, og kveðst hún hafa haft grun um að hann mundi vera farinn að hallast að Sigríði á Illhugastöðum, án þess hún vissi neina vissu um það, og kveðst nú Þórunn ólétt vera að völdum Friðriks. Þórunn neitar með öllu, að hún nokkurn tíma hafi á Friðrik merkt að hann hefði í áformi að drepa Nathan Ketilsson eður fremja þar önnu illvirki.

**Extraréttur 7 Stóruborg seinni dagur**: /230 Sigurður er aðspurður, hvörs vegna hann hafi leyft Friðrik svo mikil ferðalög næstliðinn vetur þar hann þó hafi haft grun á áformi hans, og kveðst hann hafa gjört það mest þess vegna, *að sér hafi leiðst að heyra til þeirra Friðriks og Þórunnar*, **[vill losna við rifrildi úr húsinu]** eftr að farið hafi verið að kólna millum þeirra, og líka hafi hann *óttast fyrir þykkju og kalsinni* af Friðrik ef hann synjaði honum um þetta. Svo vel þennan, sem allan sinn í þessari sök

---

[18] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 171.

gefna framburð tjáist Sigurður reiðubúinn að staðfesta með sáluhjálpareiði, og er honum svo ásamt þeim þremur hans í gær yfirheyrðu börnum gefið heimferðarleyfi.

/256 ekki kveðst Þorbjörg kunna að bera **Þórunni neitt annað ófrómt** eður óráðvant en það sem hún sjálf hefur frásagt. Í tilliti til þeirra af Friðrik stolnu sauðkinda, en þeim Friðrik og henni hafi komið illa saman eftir að á hafi verið farið að líða.

## Ástir Friðriks og Sigríðar:

**Ekkert tilhugalíf segir Agnes:**

/163 Heldur hafi Sigríður lagt orð til þess að hún væri ekki á móti morðinu og kveðst hún ei til vita að neitt tilhugalíf hafi verið á milli þeirra Sigríðar og Friðriks.

/245 Aldrei segir Sigríður Friðrik hafi sagt sér frá neinum þjófnaði er hann hafi framið.

/250 ***Friðrik*** vill ei viðkannast að hann nokkurntíma hafi fullkomlega *beðið Sigríðar*, en einhvörntíma hafi það komið lítilfjörlega í tal, og í þanka kveðst hann hafa haft, að komast að *Illhugastöðum* eftirleiðis, nú fyrst til vorsins, og einneginn hafi sér dottið í hug að fá þá *til ábýlis* eftirleiðis.

**Friðrik vill fínni konu:**

***Ólafur:*** /229 reyna svo til að fá Illhugastaði til ábýlis á eftir, og mundi það mest af því sem til væri ganga í ofanálag á jörðina, ellegar að öðrum kosti hræða Nathan til að segja til peninga sinna, áður en hann væri drepinn, fá síðan glas, sem Sigríður hefði sagt honum að Nathan ætti, og hefði inni að halda eitthvört meðal til að draga saman ástir karla og kvenna, fara svo með peningana og það norður að Víðimýri, og reyna svo til að fá Jómfrú Ragnheiði þar til ekta með meðalinu úr glasinu, en gifta Sigríði einhvörjum öðrum manni. **[hann er strax með áform um að svíkja Siggu, helvítið! Ja mikið blaðra bræður.]**

## Ástir Agnesar og Daníels:

/197 Agnes viðkannast, að til orða hafi komið millum Daníels og sín, að þau kynnu að ektast með tímanum.

/244 Búin kveðst Sigríður hafa verið að lofa þeim Agnesi og Friðrik að styrkja þau til að drepa Nathan ef þau á þyrftu að halda, en aldrei kveðst hún hafa sagt Agnesi að að sér hefði verið komið, að drepa Nathan í rúminu. En Daníel og hún hafi einn morgun sagt við sig að ef þau hefðu verið í hennar stað, skyldu þau ekki hafa xxxx að reka hnífinn í hann, hafi þá **Daníel sofið hjá** /245 **Agnesi** þá nótt eins og hann hafi verið vanur þegar hann hafi verið þar.

## Fyrsta hugmynd um dráp Natans: **foreldrar drullu samsekir:**

Ár 1828, þann 28 apríl [mánudagur.] setti sýslumaður Blondahl einn extrarétt að Þingeyrum, með undirskrifuðum þingvottum, til enn nú að framhalda rannsókn í þeirri þann 22. apríl seinast meðhöndluðu morðs- og þjófnaðarsök.[19] Var svo laus og liðugur fyrir réttinn kallaður fanginn ***Friðrik Sigurðsson***, sem af réttinum tilkvaddur bætir nú við sinn áðurgefna framburð, að í vetur, einhvörn tíma eftir jólin, meðan Gísli Ólafsson í Katadal hafi verið norður í Skagafirði, hafi í tal borið millum foreldra hans, í Friðriks áheyrn, að þau langaði til að kaupa kot norður í Skagafirði, og hafi Gísli verið sendur norður til að fala þetta kot. Segist faðir hans hafa barið sér til peninga til að kaupa kotið, og kveðst Friðrik hafa þar til lagt, að hann vissi að peningar mundu vera í kofforti Nathans á Illhugastöðum, og hann mundi geta náð þeim, ef hann vildi vinna til að sækja þá með Friðrik strax nóttina eftir, og hafi Sigurður talið tormerki á því, bæði vegna þess, að Sigríður mundi setja sig í móti því, ef hún fengi það að vita, og að þeir Nathan og Sigurður Þorsteinsson (sem hafi verið hjá honum) mundu verða varir við þetta. Hvar til deponentinn kveðst hafa svarað, að ei mundi verða Sigríði að óttast, en ef þeir Nathan og Sigurður yrði varir við það, yrði annað hvort að drepa þá, eður flýja út í myrkrið, og hafi faðir sinn fallist á að ef þetta yrði reynt, mundi það síðar nefnda helst vera afráðandi. [að flýja ekki drepa] Kveðst þá Friðrik hafa spurt, hvörninn ætti að fara, ef þeir yrðu eltir, og kæmust ei undan og sæi hannþá ei annað en það yrði að drepa þá, og hafi móðir sín ráðlagt að best væri að fleygja þeim /262 útí sjó og segja þeir hafi gengið fram á nes, þar hún hafi vitað að sú ferð lægi fyrir þeim. Kveðst þá Friðrik hafa mótmælt þessu sem heimskulegu og faðir sinn líka, þar mennina mundi reka upp aftur. Kveðst þá Friðrik hafa fallið uppá að kveikja eld í skemmunni á Illhugastöðum og brenna mennina þar inni, en setja bát er Nathan átti fram á sjó, svo það liti svo út, sem þeir hefðu drukknað á hvolfi. Hafi þá föður sínum þótt þetta óráð, þar ei yrði neitt tekið úr baðstofunni, og ei einu sinni peningarnir úr koffortinu. Kveðst þá Friðrik hafa til lagt að best væri að **brenna baðstofuna og mennina þar inni** og láta sem baðstofan hefði brunnið af voðaeldi, *og hafi foreldrum sínum fallist báðum vel á þetta*. Kveðst hann svo hafa kvatt föður sinn til að koma strax af stað með sér til þessa verks, og hafi hann þá talist undan því, og heldur en ekki ráðið sér til að hugsa ekki uppá þetta, en þó *spurt sig að hvort hann vildi ekki heldur fara einn, svo hann einn gæti notið ábatans*. Litlu síðar kveðst hann hafa átt tal um þessa ráðagjörð við móður sína, og hafi þeim þá komið saman um að engan væri betra að fá til þess en Sigurð, en honum mundi nú vera farinn að bila hugur, og ei

---

[19] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 261-262.

heldur þykjast þurfa þessa með, og hafi því móður sinni sýnst að best mundi vera að Friðrik gjörði þetta einsamall með tilstyrk Sigríðar, svo þau gætu ein notið þess er eftir hann fyndist, þar Friðrik kvaðst tlaið hafa tormerki á að ná peningunum af Nathan lifandi, án þess hann fengi þar um njósn. [telur hann göldróttan? Sbr óttinn meðan þau drápu hann.] oftar segist hann hafa átt tal við móður sína hér um, og hafi hún altént ráðið sér frá að fá annan til að styrkja sig til þessa, fyrst faðir hans vildi ei styrkja hann til þess.

Nokkru eftir þetta segir Friðrik að þeir Gísli hafi farið með barn ofan að Gnýstöðum, sem áður er um vitnað, og kveðst hann þá hafa gjört ráð fyrir við móður sína að hann mundi ganga ofan að /263 Stapakoti.[20] Um ferð þeirra Gísla (og tíma) hafi þá gengið eins og áður er um vitnað, og segir hann að móður sinni og sér muni þá hafa farið líka orð, þá hann hafi komið heim, eins og áður er sagt. /263 Nokkru síðar kveðst hann hafa sagt móður sinni að Agnes væri og svo komin í þessa ráðgjörð og hefði hann talað þær Sigríði og hana til að binda Nathan, og láta hann segja til peninganna, en Agnes mótmælt því, og hafði þá móðir sín sagt að þess hefði verið von af henni, þar hún hefði verið skýrust af þeim, því Nathan kynni að stórmæla honum áður en hann dæi, og væri honum best að láta hann aldrei þekkja sig, þá hann dræpi hann, og líka hafi hún beðið sig fyrir að bera ekki að honum hníf, en ráðið heldur til, að rota hann með hamar, eftir Agnesar forlagi, og segir Friðrik, að þetta hafi verið sú mesta öftrun, sem móðir sín hafi látið sig af heyra í þessari sök, og í annað sinn hafi hún látið þau orð falla að helst vildi hún að ekki yrði af þessu, hvað hann kveðst ekki hafa tekið fyrir alvöru. [tók hann þó nokkuð heldur fyrir alvöru er faðir hann taldist undan því að ræna/myrða etv með honum? Og heldur en ekki ráðið sér til að hugsa ekki uppá þetta. Vald húsbóndans ekki gleyma því.]

**Fullorðið fólk óskar Nathani dauða í eyru Friðriks / meðsekt móður:**

Eitt sinn í vetur segir hann að Brynjúlfur á Þorfinnsstöðum [Eyvindarson, virðist vera, bróðir Þórunnar vinnukonu] hafi komið að Katadal, og hafi þá verið talað um Nathan.[21] Kveðst hann þá óskað hafa að Nathan væri dauður, og Brynjúlfur samsinnt það, og hafi þá faðir sinn sagt, að hann vildil gjarnan óska að Nathan væri dæmdur til dauða, og aflífaður eftir lögunum, en móðir sín hefði lagt það til, að hún vildi óska, að Nathan væri dauður, uppá hvorn máta sem það svo yrði. Kveðst hann þá hafa í galsa hafa lagt að við Brynjúlf að ráðast að þessu

[20] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 262-263.
[21] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 263-264.

með sér, og hafi hann hlegið við því, og eytt þessu tali, en aldrei kveðst hann hafa nefnt þetta við Brynjúlf fyrr eður síðar.

## Friðrik kemur á biðilsbuxum á Þorra:

**segir S fyrst frá morðlöngun sinni:**

/186 gef ég Sigríði á Illugastöðum þetta fyrst í skyn og tók hún þá hvorki vel né illa í það.

***S sagði Agnesi strax frá ráðagerð F:***

**Sigríður þing 1:** Einhvörntíma á Þorranum [hefst með fös í 13 viku vetrar 19-25 jan en lýkur 18-24 feb] í vetur kom Friðrik Sigurðsson að Illhugastöðum og var Agnes Magnúsdóttir þá ekki heima.[22] Nefndi hann þá við mig hvort ég ekki mundi vilja giftast /156 sér. Svaraði ég þartil, að fyrst vissi ég ei hvört það stæði mér til boða, og síðan væri mér annar eins kær, nefnil. Nathan húsbóndi minn, sem og svo hafði lofað mér því. Sagði þá Friðrik að Nathan mundi ei efna þetta loforð, hvað ég og svo var hrædd um, þar f utan treysti ég mér ei að vera lengur hjá Nathan og þola þær skammir, sem ég oft og tíðum varð að þola, og sá að ég mundi ekki með góðu móti geta burtu frá honum komist. Taldi ég þá til efnaleysi okkar Friðriks að byrja hjúskap og féll Friðrik þá uppá að best væri að drepa Nathan og ná því sem hann ætti. Spurði hann mig þá að, hvort ég vissi ekki hvar peningar Nathans mundu geymdir vera og neitaði ég því. En þótt ég þá vissi að hann hefði þá geymt þá í kofforti sínu og kvaðst þá Friðrik reiðubúinn að drepa Nathan þá strax þar hann var þá einn heima, fyrir utan mig og barn á 3ja ári, sem þar var til uppfósturs, og fyrirsló hann undir eins að brenna upp bæinn á eftir, bað ég hann þá mikillega fyrir að gera það þá ekki, og varð svo ei af því í það skipti. Nokkru seinna kom Agnes heim og sagði ég henni þá frá þessari ráðagjörð Friðriks. Gegndi hún þá engu þar til öðru, en bað Guð að varðveita hann frá þessu. Nú man Sigríður að þegar Friðrik talaði um þetta við hana, hafi Sigurður Þorsteinsson, skagfirskur, sem ætlað haft næstkomandi vor /157 í vinnumennsku hjá Nathan verið þar, og hafi Friðrik því ekki sagst vilja drepa hann saklausan, því hann hefði ekkert illt gjört sér, hvörki eður öðrum.

***Friðrik kemur við á Ásbjst eftir 2 ferð til morðs. segir Agnesi þar frá ráðagerð sinni, hún var með fyrr:***

F: / 188 Á heimleiðinni 2 ferð til morðs það sama kvöld kom ég að Ásbjarnarstöðum og hitti Agnesi þar, sem ekki þorði að fara heim, sagði ég henni frá áformi mínu og hvernig Sigríður

---

[22] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 155-157.

hefði undir það tekið. Það væri svo sem /189 þær Agnes og Sigríður hafa þar um frá sagt.

Agnes Þing 1: /163 Viðkannast hún að Sigríður hafi sér fyrst frá áformi Friðriks sagt, eftir að hún hafi komið hér **[? Sbr Agnes ekki skráð í húsvitjunarbók á Illugastöðum]** í vetur, og eftir það hafi Friðrik fundið sig á Ásbjarnarstöðum og sagt sér frá að hann hefði ætlað að drepa Nathan og hefði Sigríður aftrað sér frá því, og hefði hann því sagst ei aumkva hana, hvað illt hún liði hjá Nathan. Kveðst hún í þetta sinn hafa lofað að hún ekki skyldi skipta sér af, þá hann dræpi Nathan, eður segja frá því, en sig minni að Friðrik hefði heldur gert þá ráð fyrir að aldrei mundi af þessu verða. Einungis vegna þess að sér hafi verið illa við Nathan fyrir breytni hans við sig, kveðst hún hafa gefið þetta eftir og ei gjört hann varann við þá Friðrik hafi komið, það af Sigríði umvitnaða fimmtudagskvöld, en engu hafi Friðrik lofað sér fyrir það að þegja yfir þessu, en hafi hótað sér, að hún skyldi sig sjálfan fyrir hitta ef hún segði frá þessu. Heldur hafi Sigríður lagt orð til þess að hún væri ekki á móti morðinu

***Nathan fyrirgaf Agnesi flóttann:*** *myrtur sömu nótt*

Miðvikudaginn þann 12ta (hlýtur að vera 13da skrifar Egg) þ.m. kom Nathan heim og sagði ég honum þá strax frá, að ég eftir hreppstjórans ráði hefði tekið á móti Agnesi, og fann hann ekkert að því, sem sagði að ég hefði gjört rétt að fylgja hreppstjórans ráðum í þessu.[23] Bað Agnes hann þá forláts á því hún hefði í burtu farið, og lagði Nathan þá ekkert illt til hennar fyrir það. *myrtur sömu nótt*

## Gísli föðurbróðir F í vitorði strax:

### Þing 2 á Tjörn:

Því næst kom laus og liðugur fyrir réttinn Gísli Ólafsson, bróðir Bjarna sama staðar og Sigurðar og föðurbróðir Friðriks.[24] /175 Einhvörntíma í vetur, mig minnir á þorra, fór ég ásamt Friðrik í Katadal ofan að Gnýstöðum. [þeir enda á Illhugastöðum 1 ferð til morðs]

## 1 ferð Friðriks til morðs: *Gísli var með. Þeir gistu þar um nóttina.*

/187 Litlu síðar kom ég þar aftur eitt kvöld, ásamt með Gísla í Katadal, og hafði ég gefið honum áform mitt að skilja, á

[23] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 158-159.
[24] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 174-176.

leiðinni frá Gnýstöðum, og talaði hann til að styrkja mig til þess og færðist hann undan því, en þóttist heldur kunna að styrkja mig til að í peninga Natans ef færi gæfist, þó sér væri hvorugt geðfellt. Fann ég svo Sigríði þá hún fór í fjósið, og var Sigurður Þorsteinsson þar þá, en Agnes ei heima, taldi hún það úr að framkvæma þetta og ég var ei heldur mikið áfram um það, vegna þess að Sigurður var þar en Sigríður sagði mér að engir peningar væru nú í koffortinu Natans, vegna þess að hann mundi hafa grafið þá deginum áður og réðum við svo af að gista þar um nóttina og tók ég Sigríði mikinn /187 vara fyrir að láta Agnesi af þessu vita, og kvaðst engu hætta, fyrst það hefði ekki látið sig gjöra meðan Agnes var í burtu. [S hafði sagði A strax eftir biðilsferð]

Enn frambar Sigríður: nokkru eftir að Nathan kom heim, og eftir að Sigurður var í burtu, en Agnes var strokin út að Ásbjarnarstöðum og Tjörn fyrir þá orsök að Nathan hafði skammað hana, kom Friðrik að kvöldi dags, og barði að dyrum, kom ég þá út, og var Friðrik þá kominn, og kvaðst nú kominn [**1 ferð til morðs]** vera til að drepa Nathan og spurði mig að hvort ég vildi heldur vera úti sem inni á meðan.[25] Bað ég hann þá enn fyrir að framkvæma þetta ekki, og lét hann það þá að orðum mínum í það skipti, en bað mig að geta ei um við Nathan að hann hafi þar komið, heldur að *segja að það hafði verið Jóhannes smali* frá Stapakoti að spyrja að kindum, hvað ég og gjörði. Litlu eftir þetta var Nathan sóttur frá Geitaskarði að gjöra lækningatilraunir við hreppstjóra vorn, er veikur lá, og kom Pétur Jónsson frá Geitaskarði til að vera heima á Illhugastöðum meðan Nathan fór í burtu að passa skepnurnar, og sagði Nathan mér áður en hann fór í burtu að kæmi Agnes heim meðan hann væri burtu mætti ég ekki lofa henni að vera eina nótt heima, utan hún kæmi í kafaldi svo henni yrði ei fært til næsta bæjar. En sama daginn kom Agnes og beiddi mig að taka á móti sér, en ég þorði það ei nema ég áður spyrði hreppstjórann um það og réði hann mér til þess. Þegar Agnes kom heim sagði hún að Friðrik hefði fundið sig á Ásbjarnarstöðum það sama /158 sinn sem hann seinast komið hefði að Illhugastöðum og sagt sér frá áformi sínu, og hefði hún sagst enga von hafa gefið honum að styrkja hann þar til, og hafi hann þá gefið henni í skyn að hann mundi seinna koma og framkvæma þetta, hvort hún/þær vildu eður ekki. Kom okkur Agnesi þá saman um að segja ekki Nathan frá þessu áformi, bæði vegna þess að við vorum hræddar um að við ei gætum með góðu móti sloppið frá Nathan og óttuðumst líka hefndir frá Friðrik. **[þykjast lýs milli tveggja nagla]**

---

[25] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 157-158.

Því næst kom laus og liðugur fyrir réttinn **Gísli Ólafsson**, bróðir Bjarna sama staðar og Sigurðar og föðurbróðir Friðriks.[26] /175 Einhvörntíma í vetur, mig minnir á þorra, fór ég ásamt Friðrik í Katadal ofan að Gnýstöðum. [þeir enda á Illhugastöðum 1 ferð til morðs] Var Sigurður í Katadal þá ekki heima. Sló þá Friðrik uppá við mig að ganga með sér þá við fórum frá Gnýstöðum fram að Stapakoti og taldist ég heldur undan því þar Þorbjörgu húsmóður minni kynni að mislíka það, en hann sagði mér að það mundi ekki verða. Gekk ég svo með honum á leið fram eftir og bað hann mig þá að fara með sér að Illhugastöðum og drepa Nathan Ketilsson og Sigurð Þorsteinsson, skagfirskan mann er þar var þá. Taldist ég undan því og leiddi Friðrik mikið fyrir sjónir hvað stór synd það væri, en hann hélt ei að síður áfram og þorði ég ei annað en fylgja honum, þar Friðrik er mér yfirsterkari. Og ég vissi líka að hann gat fengið nóg meðöl til að drepa mig með frá Nathan á Illhugastöðum, því Friðrik hafði sagt mér að glas með skeiðvatni stæði þar í búrinu. Komum við að Illhugastöðum og fórum þar í opinn skemmukofa um háttatíma, þar til Sigríður kom út og ætlaði í fjósið. Gekk Friðrik þá í tal við hana og kom til mín aftur og sagði að Sigríður hefði beðið sig fyrir að drepa þá ekki á það sinn, en vegna náttmyrkurs treysti /176 ég mér ekki til að komast heim aftur og beiddum við svo að lofa okkur að vera á Illhugastöðum og vorum þar um nóttina. Ekki þorði ég að vara Nathan við þessu, það ég vissi hann málugan og óttaðist hann kynni að segja Friðrik það aftur. Eftir það fórum við Friðrik heim og gat ég ekkert um þetta áform hans við foreldra hans. Í ferðinni með sér í þetta sinn hafði Friðrik með sér stóran skurðarhníf sem faðir hans átti sem hann þó hafði tekið án þessa vitundar.

## *Þau hittast við messu Tjarnarkirkju:*

Friðrik: /187 Næsta sunnudag [eftir 1 ferð til morðs] þar eftir hitti ég þær báðar Agnesi og Sigríði hér við Tjarnarkirkju og sagði þá Agnes við mig, að hefði Guð gefið mér nokkurt vit og kraft skyldi ég hjálpa sér til að komast frá Illugastöðum, og studdi Sigríður að því líka, og sagði ég að það gilti ei ef þær væru engar gungur. Undireins beiddu þær mig að koma og taka aftur bréf,

### *Daníel á Illugastöðum: Daníel týnir gullpeningi:*

**Þing 5 að Þingeyrum, fDaníel 2:**

... setti Blondahl sýslumaður einn extrarétt að Þingeyrum með undirskrifuðum lögteknum þingvottum, til enn nú að framhalda rannsókn í þessari seinast í gær meðhöndluðu morðs- og

[26] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 174-176.

þjófnaðarsök.[27] Kom svo laus og liðugur fyrir réttinn vinnumaður Daníel Guðmundsson á Geitaskarði, hvorn sýslumaðurinn hefur hingað með sér flutt. Enn stendur Daníel við sinn í gær gefna framburð, en þar sýslumaðurinn heyrt hefur síðan að sá myrti Nathan skyldi hafa átt að eiga gullpening sem Daníel hafði orðið hand hafandi að, er hann nú hér um spurður og viðkannast /202 hann að þegar hann verið hafi á Illhugastöðum í vetur hafi hann séð Sigríði vera að fara með gullpeningi í fírskildingsstærð og hafi sýnt Friðrik í Katardal hann, þegar hann verið hafði þar um nóttina og sagst hafa tekið hann úr kofforti Nathans, að hvörju hún þá haft hafi lykilinn. Kveðst Darníel þá hafa beðið hana að lofa sér að hafa gullpeninginn hjá sér, hvað hún hafi gjört, en kveðst hafa xxxx xxxx xxxx **[týnt honum sbr síðar]** síðar við smalamennsku á Illhugastöðum ásamt einum áttskildingi er með dúkatinum hafi fylgt og hafi hann sagt Sigríði frá þessu. En hvört Nathan hafi verið búinn að sakna þessa gullpenings eða ei kveðst hann ei vita, en ekkert kveðst hann hafa hann heyrt um það tala. Gullpeningurinn kveðst hann á geta að verið hafi 3ja spesía virði. **[Daníel þykist hafa vit á peningum]** Þó kveðst hann ekki hafa neitt vit á þessu. /202 *innskot Friðrik:* Friðrik fyrir réttinn kallaður og samanborinn við Daníel og kannast við gullpeninginn eins og D hefir frá sagt og að þær S og A hafi sagt sér að D hefði gullpeningnum týnt eins og hann hefur frá sagt.

219 Agnesi ber saman við þá Friðrik og Daníel um það hvað orðið hafi af þeim gullpening sem Nathan hafi átt og kveðst hún heyrt hafa Nathan segja að hann mundi kosta 5 specíur og mun hafa /220 verið í 4 til 8 skildings stærð. Agnes kveðst ekkert muna til samtals þeirra Þorbjargar í Katadal, sem Friðrik hefur frásagt sömuleiðis.

Um **gullpeninginn** ber Sigríði saman við það sem Friðrik og Daníel hafa þar um frásagt, og segist hún halda að hann hafi verið 10 fiska að stærð. Ekkert segist hún heyrt hafa Daníel geta að /243 koma upp morðinu, þegar hann sá hjá þeim peningana á Illhugastöðum.

*- **Friðrik** kemur 2x að Illugastöðum að sækja bréf, N og S eru í Langadal en D gætir fjár: Agnes eggjar, þær segja D. F segir D hvetja:*

F: /187 Undireins beiddu þær mig að koma og taka aftur bréf, þar ég ætlaði upp í Vatnsdal, en Natan og

---

[27] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 201-202.

Sigurður upp í Langadal, kom ég svo að Illugastöðum aftur eftir að þeir voru í burtu farnir og var Daníel á [Geitar]Skarði þar þá. Lagði þá Agnes að mér að halda áfram mínu fyrra áformi með að drepa Natan og lofaði mér styrk til þess, lofaði og svo að gjöra þetta þá Natan kæmi aftur og Daníel væri burtu. Tók ég síðan bréf af þeim, annað til Rósu á Vatnsenda en annað til Steinvarar á Borg og kom heim aftur sama dag og Natan, og kom ei heim til mín en hélt ofan að Illugastöðum til að koma til þeirra bréfum aftur frá Rósu og Steinvöru, sem ég vissi að Natan mátti eigi af vita. Var Natan nýkominn heim að Illugastöðum, hitti ég þá Daníel og fékk honum bréfin þar þær voru búnar að segja að ég mætti það, en gerði ei Natan vart við komu mína. Gekk þá Daníel á leið með mér og sagði að Sigríður og Agnes væru búnar að opinbera sér þetta fyrirtæki, að drepa Natan og hvatti mig til að gjöra það, en sagðist ei fá tækifæri til að styrkja mig til þess í það sinn.

Daníel: Af réttinum tilspurður og áminntur að segja sannleikann. Viðkannast hann að hann á næstliðnum vetri /199 hafi verið um tíma vestur á Illhugastöðum og hafi Friðrik í Katadal komið þar eitt kvöld skömmu eftir að hann hafði þangað komið, og hefðu þær Sigríður og Agnes verið lengi á tali við hann frammi og hafði hann gist þar um nóttina, og verið með mikilli kátínu, en eftir að hann hafði verið í burtu farinn segir hann Agnes hafi sagt sér, að honum Friðriki væri mikið illa við Nathan fyrir þá skuld að Nathan mundi áður hafa setið um líf Friðriks og að Friðrik mundi því hafa í hug að drepa hann, og að þær Agnes og Sigríður væru í vitorði með það, og hafi þær gjört ráð fyrir að Nathan yrði myrtur og brennd svo upp baðstofan á eftir. Kveðst Daníel hafa ráðið þeim frá þessu. Sama daginn og Nathan hafi heim komið, segir hann Friðrik hafi komið með bréf til stúlknanna, og hafi hann þá spurt sig að, hvort þær hefðu sagt sér nokkuð frá áformi sínu og kveðst hann hafa játað því, og hafa þá gengið skammt á leið með Friðrik, og kveðst hafa reynt að aftra honum frá þessu.

***- Daníel kemur í Katadal og Agnes stuttu síðar:***

2 nóttum þar eftir kom Daníel að Katadal, á heimleið til sín, og sagði þá að bæði hann og stúlkurnar hefðu óskað að ég hefði komið kveldinu áður að framkvæma /188 morðið svo hann hefði getað styrkt mig til þess, og sagði stúlkurnar hefðu gert mér strengilegt boð að láta nú Natan ekki lifa margar nætur.[28] Litlu eftir að Daníel var farinn kom Agnes til mín og sagði mér hann

---

[28] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 187-189.

hefði skammað þær svo mikið eftir að Daníel var farinn á stað, að þær væru hræddar um líf sitt. Hafði hann fundið sér til að 4 ær hefði vantað, og sagt þær ætluðu að stela þeim, og bað mig ennú mikillega að koma ofaneftir annaðhvort það sama kvöld, eða næsta dag þar á eftir. Daginn eftir: 2 ferð til morðs.

/ 199 Daníel: Tveimur nóttum síðar kveðst hann hafa heim farið og fundið Friðrik á heimleiðinni og skilað frá þeim Agnesi og Sigríði að þær beiddu hann að koma sem fyrst, að gjöra það sem þær hefðu beðið hann. Kveðst hann þá enn hafa mælt til við Friðrik, að hann ekki framkvæmdi morðið, og hafi hann hvörki lofað því afsagt.

*Agnes flýr að Ásbjarnarstöðum:*

**bóndi Árni Skúlason í Tungukoti í Hlíðardal:** Framstóð ... Um þær Agnesi og Sigríði kveðst hann ekkert óráðvant vita ... og um Agnesi ei annað en það að *hún hlaupið hafi í burtu frá húsbónda sínum nú í vetur, orsaka lítið*, eftir hennar eigin sögn.[29]

Enn frambar Sigríður: nokkru eftir að Nathan kom heim, og eftir að Sigurður var í burtu, **[þarf ekki fjármann þegar N er heima]** en Agnes var strokin út að Ásbjarnarstöðum og Tjörn fyrir þá orsök að Nathan hafði skammað hana, kom Friðrik að kvöldi dags.[30] Litlu eftir þetta var Nathan sóttur frá Geitaskarði að gjöra lækningatilraunir við hreppstjóra vorn, er veikur lá, og kom Pétur Jónsson frá Geitaskarði til að vera heima á Illhugastöðum meðan Nathan fór í burtu að passa skepnurnar, og sagði Nathan mér áður en hann fór í burtu að kæmi Agnes heim meðan hann væri burtu mætti ég ekki lofa henni að vera eina nótt heima, utan hún kæmi í kafaldi svo henni yrði ei fært til næsta bæjar. En sama daginn kom Agnes og beiddi mig að taka á móti sér, en ég þorði það ei nema ég áður spyrði hreppstjórann um það og réði hann mér til þess. Þegar Agnes kom heim sagði hún að Friðrik hefði fundið sig á Ásbjarnarstöðum það sama /158 sinn sem hann seinast komið hefði að Illhugastöðum og sagt sér frá áformi sínu, og hefði hún sagst enga von hafa gefið honum að styrkja hann þar til, og hafi hann þá gefið henni í skyn að hann mundi seinna koma og framkvæma þetta, hvort hún/þær vildu eður ekki. Kom okkur Agnesi þá saman um að segja ekki Nathan frá þessu áformi, bæði vegna þess að við vorum hræddar um að

---

29 Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 171.

30 Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 157-158.

við ei gætum með góðu móti sloppið frá Nathan og óttuðumst líka hefndir frá Friðrik. **[þykjast lýs milli tveggja nagla]**

- *Nathan sóttur frá Geitaskarði:*

S: Agnes var strokin út að Ásbjarnarstöðum og Tjörn fyrir þá orsök að Nathan hafði skammað hana, kom Friðrik að kvöldi dags.[31] Litlu eftir þetta var Nathan sóttur frá Geitaskarði að gjöra lækningatilraunir við hreppstjóra vorn, er veikur lá, og kom Pétur Jónsson frá Geitaskarði til að vera heima á Illhugastöðum meðan Nathan fór í burtu að passa skepnurnar,

## 2 ferð Friðriks til morðs: *Vildi Gísla aftur með.*

Gísli: Í seinustu viku Þorra mæltist Friðrik til við mig að fara ofan að Illhugastöðum aftur með sér til þess sama, og sagði að ég skyldi biðja bróður minn að lofa mér eitthvað á bæi og hitta sig svo einhvers staðar.[32] **Ég sagði honum frá hvað Friðrik mundi hafa í hyggju** og að hann vildi fá mig til þess með sér og bað ég Sigurð að synja mér þó ég beiddi hann í Friðriks áheyrn að lofa mér á bæi, og bað hann svo fólkið heyrði að lofa mér ofan að Súluvöllum og neitaði hann mér um það. Fór Friðrik þá fram að Stapakoti og kom aftur um kvöldið og sagði hann mér þá að Sigríður á Illhugastöðum hefði aftrað sér frá því að drepa Nathan annað sinn. Hvorki þegar ég kom með Friðrik að Illhugastöðum eður í þetta sinn var Agnes heima.

F: / 188 Daginn eftir komu D og A 2 ferð til morðs. gekk ég fram að Stapakoti, fann Sigríði á Illugastöðum á leiðinni, og var Agnes þá nýkomin FARIN??? En Sigríður lét á sér skilja að hún vonaðist eftir mér á hverri stundu til að framkvæma það umhöndlaða verk, og gegndi ég henni lítið þar til, en fór fram að Stapakoti, fékk Jóhannes þar til að ganga með mér út og upp í fjallið fyrir utan og ofan Illugastaði, svo hann gæti sagt frá að ég væri út hjá Illugastöðum farinn. Beið ég svo í fjallinu þar til komið var undir dagsetur, gekk þá heim að Illugastöðum og barði. Kom Sigríður til dyra og sagði að Natan væri einn heima, en Agnes væri enn ei heim komin. Bauðst ég þá til að drepa Natan, en hún bað mig þá mikið að gjöra það ekki í þetta sinn, þar hann væri svo góður sér núna, sagði ég þá: „Fari þá??? nú og mun ég ei koma næsta daginn,“ og skildum við með það. Á heimleiðinni 2 ferð til morðs það sama kvöld kom ég að Ásbjarnarstöðum og hitti Agnesi þar,

---

[31] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 157-158.

[32] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 176-178.

***Friðrik kemur við á Ásbjst eftir 2 ferð til morðs. Agnes eggjar:***

Á heimleiðinni það sama kvöld kom ég að Ásbjarnarstöðum og hitti Agnesi þar, sem ekki þorði að fara heim, sagði ég henni frá áformi mínu og hvernig Sigríður hefði undir það tekið. Það væri svo sem /189 þær Agnes og Sigríður hafa þar um frá sagt.

Lagði þá Agnes mikið að mér að gefast ei upp við þetta, og gaf ég henni kost á því ef Daníel vildi styrkja mig til þess hennar vegna, og lofaði að finna hann um leið og ég færi út í kaupstað degi síðar.[33] Fór ég svo í kaupstaðinn og gekk um leið fram að Geitaskarði og sagði honum ljóslega allt það til hafði borið síðan við seinast skildum.

***Friðrik fer í kaupstað og að Geitaskarði til Daníels.***

F: gaf ég henni kost á því ef Daníel vildi styrkja mig til þess hennar vegna, og lofaði að finna hann um leið og ég færi út í kaupstað degi síðar.[34] Fór ég svo í kaupstaðinn og gekk um leið fram að Geitaskarði og sagði honum ljóslega allt það til hafði borið síðan við seinast skildum. Þann sama dag var Pétur Jónsson sendur frá Skarði vestur að Illugastöðum að sækja Natan, gjörði þá Daníel orð að fá leyfi til að fara vestur í Svínadal morguninn eftir, og ætlaði þá að ganga með mér vestur að Illugastöðum, þar við ætluðum að drepa Natan um nóttina, ganga síðan austur yfir Vatnsnes, og ætlaði ég svo að koma að Vesturhópshólum um nóttina og látast koma úr kaupstaðarferðinni, en Daníel ætlaði að ganga heim aftur. Beiddi Daníel húsmóður sína um leyfi að fara vestur í Svínadalinn, og heyrði ég hana skila því til mannsins sem veikur lá, en hann aftók það. Bað Daníel mig þá og hvatti mikið til, að halda ei að síður áfram með áformið, en ég sagði honum að það væri nú líkast til ég gjörði það aldrei. Gekk ég svo heim og var orðinn þessu afhuga. En daginn eftir kom Sigríður á Illugastöðum upp að Katadal og beiddi mig á allar lundir að halda áfram mínu fyrra áformi og lofaði að þær Agnes báðar skyldu styrkja mig til þess

Daníel: 199/ Skömmu síðar segir hann Friðrik hafi komið úr kaupstaðarferð fram að Skarði, og hafi hann þá skilað frá Agnesi að hún beiddi hann að koma vestureftir, að styrkja Friðrik til að drepa Nathan. Kveðst hann lengi hafa móti því mælt. Ekkert kveðst hann hvatt hafa Friðrik til að halda áfram með morðið. Þó kveðst hann aldrei hafa sagt Nathan frá þessu áformi,

---

[33] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 189.

[34] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 189.

því það hafi hann ei vogað fyrir Friðrik. /203 Um allt samtal og ráðagjörð þeirra Friðriks og Daníels á Geitaskarði þegar þeir hefðu þar fundist ber þeim nokkurn veginn saman, utan hvað Daníel kveðst aldrei hafa hvatt Friðrik til morðsins, ætlað með honum, ætlað að fara til þess xxxx þótt Friðrik í hans áheyrn grimmilega uppástandi það.

***Sama dag og F að Gskarði Pétur sendur að sækja Natan.***

F /189 Þann sama dag var Pétur Jónsson sendur frá Skarði vestur að Illugastöðum að sækja Natan, gjörði þá Daníel orð að fá leyfi til að fara vestur í Svínadal morguninn eftir, og ætlaði þá að ganga með mér vestur að Illugastöðum, þar við ætluðum að drepa Natan um nóttina, ganga síðan austur yfir Vatnsnes, og ætlaði ég svo að koma að Vesturhópshólum um nóttina og látast koma úr kaupstaðarferðinni,

***Sigríður kemur í Katadal:***

F: /189 [eftir kaupstaðarferð, Daníel bregst] Gekk ég svo heim og var orðinn þessu afhuga. En daginn eftir kom Sigríður á Illugastöðum upp að Katadal og beiddi mig á allar lundir að halda áfram mínu fyrra áformi og lofaði að þær Agnes báðar skyldu styrkja mig til þess og lofaði ég henni ei öðru en ég skyldi koma til þeirra, þá ég gengi ofan að Stapakoti í sömu vikunni, en Natan var þá kominn upp að Skarði aftur.

*Mánudagur 10. mars, F kemur að Illugastöðum:*

F: /190 Mánudaginn næsta þar eftir [10. mars] fór ég ofan að Stapakoti, og kom þá að Illugastöðum og var þar um nóttina, og *Pétur Jónsson er þá var þar*.[35] Lögðu þær þá að mér enn á ný fastlega að framkvæma morðið þá Natan kæmi heim, og lofuðu að styrkja mig til þess eftir megni ef ég með þyrfti og kváðust mundu sjálfar gjöra það ef ég væri ófáanlegur til þess. Drógst ég þá á það við þær.

*Miðvikudagur 12. mars, Natan kemur í Katadal:*

F: /190 Nokkru seinna [12 mars] kom Natan ofan frá Skarði og kom að Katadal og útvegaði ég honum mjólk að drekka, bauð honum brennivín og fylgdi honum á leið, en daginn eftir

---

[35] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 190.

## Þau trekkja hvert annað upp:

***Friðrik ræðir morðið fyrst við Sigríði, S og D hvöttu hann síðar:***

/174 Fyrst kannast Friðrik við að hafa fært það í orð við Sigríði, sem kveðst hafa verið búin að slá því frá sér, þá Sigríður hafi komið upp að Katadal og eggjað sig til þess, og líka hafi Daníel hvatt sig til þess, þar honum hafi verið mikið illa við Nathan.

***Friðrik talar Sigríði til, gegnum Agnesi – S fer í Katadal:***

/161 Enn biður Sigríður tilfært að Agnes hafi sagt sér eftir Friðriki að hann hefði sagt að Sigríður liði aldrei þær kvalir hjá Nathan, að henni væru þær ekki maklegar, fyrst hún hefði tvívegis aftrað sér frá að drepa hann. Kveðst hún því hafa gengið austur að Katadal, meðan Nathan hafi seinast í burtu verið, og spurt Friðrik eftir þessu og hafi hann við það kannast og kveðst hún þá hafa lofað honum að aftra honum ei frá þessu aftur.

*Friðrik:* /174 Sigríður hafi komið upp að Katadal og eggjað sig til þess, og líka hafi Daníel hvatt sig til þess, þar honum hafi verið mikið illa við Nathan.

***Agnes brýnir Sigríði:***

/196 Að öðru leyti kannast nú Sigríður við allan Friðriks framburð í þessari sök, að svo miklu leyti sem hann hana snertir, en segir að Agnes hafi mikið hert sig upp til framkvæmdar morðinu og beðið sig fyrir að afstýra þessu ekki lengur og leitt sér fyrir sjónir skammir þær er hún og Sigríður fengi hjá Nathan og beðið sig að fara upp að Katadal í það sinn sem hún þangað fór og taka á öllu því góða er hún hefði til að biðja Friðrik að hætta ei við þetta. Sigríður kannast við að seinasta kvöldið sem Daníel verið hafi á Illhugastöðum hafi bæði hún og þær óskað að Friðrik vildi nú koma að framkvæma morðið ef hann ætlaði sér það, og hefði Daníel tjáðst mundi styrkja hann til þess ef hann herti sig upp við það.

***Agnes ætlaði að senda Daníel bréf: efni ma Sigríður til í að drepa Nathan ein:***

Agnes setti í bréf til Daníels sem hún sendi aldrei: / 246 Sigríður mundi ein treysta sér að drepa Nathan, hvað hún hafi verið búin að segja sér.

**Innskot:** ***Sigríður var nú aftur fyrir réttinn kölluð og samanborin við Agnesi*** og viðurkannast hún að Jóhannes hafi tekið með þeim knýfi? af eltu leðri eins og Agnes hefur frá sagt. það.[36] Segir Sömuleiðis viðkannast hún, að í bréfinu hafi staðið um að Sigríður hafi treyst sér máske til að drepa Nathan ein og

[36] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 245-246.

kannast nú Sigríður við að hún einhvörn tíma hafi kunnað að svara þessu við Agnesi.

***Sigríður sagði N að Jóhannes vildi myrða:***

/253 Friðrik neitar að Jóhannes í Stapakoti hafi neitt vitað af áfromi sínu að drepa Nathan, en hann kveðst hafa gjört ráð fyrir að berja hann einhvörn tíma, þegar hann sæi sér færi, en Sigríður hafi sagt sér, að Jóhannes hafi verið búinn að koma uppá við þær að drepa Nathan, en Friðrik kveðst aldrei hafa haft orð á því við hann Jóhannes, þar sér hafi þókt hann hugdeigur og ónýtur til þess.

***Bréfin:***

/196 Sigríður: Bréf það er hún skrifað hafi til Steinvarar á Borg, segir hún Agnes hafi fyrir sig skrifað og hafi ei verið annað innihald þess en að hana langaði til að komast burtu frá Nathan, sem hún sæi sér engan veg til, og innihald bréfs þess er hún hafði skrifað sér aftur hafi ei verið annað en að móðir Sigríðar, sem býr á Borg, mundi láta sækja sig á næstu Krossmessu.

***bóndakona Rósa Guðmundsdóttir á Vatnsenda:*** /234 Rósa kannast við bréf það sem farið hafi á milli þeirra Agnesar í vetur eins og Agnes hefur frásagt, og ber henni saman við það sem Agnes hefur sagt um innihald þeirra, sem er svo ómerkilegt, að ónauðsynlegt hefur virðst að innfæra það. Ekkert óráðvant kveðst deponent vitnað geta um þær Agnesi og Sigríði, enda sé hún þeim ókunnug.

Sigríður viðkannast að Agnes hafi fengið það af henni umvitnaða **bréf**, og hafi þá fátt inni að halda, það sem hún hefur frá sagt.[37] Hafi Agnes strax rifið í sundur þetta bréf, en bréf hafi hún verið búin að skrifa aftur til Daníels, hvar í hún hafi talið tormerki á að geta framkvæmt það sem hún hefði beðið sig um, nema hann styrkti sig til þess, en þessu bréfi hafi Agnes aldrei getað komið til Daníels, og hafi hún því rifið það í sundur. **Bréf** það er Agnes hafi fengið frá Daníel segir hún að Agnes hafi sagt sér eftir Daníel, og bóndi Jóhann á Þorbrandsstöðum hafi skrifað, og hafi bréfið verið illa skrifað. Agnes segir hún fullkomlega hafi vitað, að það væri **Nathan** sem Daníel var að biðja fyrir í bréfinu, að láta **ekki lengi lifa**, en ekki Pétur ┼.

Agnes viðkannast og að Daníel hafi sagt /246 sér að Jóhann á Þorbrandsstöðum hafi skrifað það áður umvitnaða bréf til hennar, og hafi undir eins sagt að hann mundi hafa gilt einu þó Pétur væri drepinn, þar hann hefði ekki þóst hafa svo gott af honum, þar þeir skyldu hafa verið í samtökum Jóhann og Pétur með að stela heyi frá hreppstjóra Vorm nú í vetur. **[getur eins**

---

[37] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 243.

**verið að verja ástmann sinn]** Sömuleiðis kannast Agnes við að hafa verið búin að skrifa bréf til svars uppá bréf Daníels, en það hafi aldrei frá sér farið, og hafi innihald þess verið líkt og Sigríður hefur frásagt, og þar að auki kveðst hún hafa átalið hann fyrir að hann hefði ei getað það sjálfur og kveðst hún og hafa í bréfið sett, að Sigríður mundi ein treysta sér að drepa Nathan, hvað hún hafi verið búin að segja sér.

### *Daníel afneitar bréfi:*

**Extraréttur 13 að Geitaskarði.** *Daníel þrætir enn.*

Ár 1828 þann 19. júní [fimmtudagur] setti sýslumaður Blondahl einn extrarétt að Geitaskarði ... / 325 Daníel Guðmundsson kom nú laus og liðugur fyrir réttinn, og samanborinn við Jóhann um þetta bréf og þrætir hann enn sem fyrri fyrir að hafa látið það skrifa.[38] /326 segist þó ekki vilja segja Jóhann Jónsson Þorbjarnarstöðum ljúga það, þó hann muni ekkert eftir því, og enn þótt Jóhann nefni í áheyrn hans, stund og stað, hvar hann hafi bréfið fyrir hann skrifað, þrætir Daníel sem fyrri fyrir að geta neitt til þess munað. Annars kveðst Jóhann ekkert óskikkanlegt vita til Daníels að segja, um þann 6 ára tíma er hann hafi verið hér á næsta bæ við hann, ei haldur síðan hann hafi í sína þjónsutu komið, að undantekinni þrætu hans nú fyrir það umhöndlaða bréf. Aldrei segist hann með einu orði hafa á Daníel merkt áform Friðriks og þeirra á Illugastöðum, að drepa Nathan, eða gjöra honum eða Pétri neinn skaða. Sinn framanskrifaða vitnisburð segir Jóhann rétt eftir sér bókaðan og er hann síðan ásamt Daníel dimitteraður og er Jóhanni tilsagt að láta hann vera kyrran við heimili sitt eða í sveitinni, til þess mál þetta sé til lykta leitt. Actum ut supra Blondahl, Jón Jónsson, Þórður Þorleifsson.

### *Þykjast fínni en Pétur: Agnes og Sigríður hrækja á hann:*

***vinnumaður Japhet Bjarnason í Stapakoti*** /232 Ekkert óráðvant kveðst Japhet geta borið um þær Sigríði og Agnesi nema ef telja skuli að hann komið hafi að Illhugastöðum miðvikudaginn næst áður en brennt hafi verið þar, og hafi þær þá báðar verið í galsa að hrækja framan í Pétur Jónsson.

## Peningar Natans:

***Natan æsir Friðrik og lofar fjársjóði: [fyrir hvalskurð]***

/251 Friðrik kannast við ferð sína að Vatnsenda til að leita eftir peningum Nathans eins og hjónin þar hafa frá sagt, og segir hann að Nathan hafi í votta nærveru lofað sér að hann mætti eiga **peninga sína sem væru í Vatnsenda** landamerkjum, ef hann

---

[38] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 324-326.

gæti fundið þá, segir hann að móðir sín hafi sagt sér, að þeir mundu vera undir einum sánum í búrinu, og væri sér best að fá Rósu til að lofa sér að leita í búrinu, en faðir sinn hafi heldur ráðið sér til að fá Ólaf til að leyfa sér þetta, og bjóða honum til þess eitthvað af peningunum, en móðir sín hafi kennt sér um, þá hann hafi heim komið að hann hefði ei leitað nógu vel í búrinu og sagst ekki geta sagt honum greinilegar frá þessu. Seinasta föstudaginn sem hann hafi verið í Katadal áður en hann var tekinn, segir hann móðir sín hafi að fyrra bragði sagst halda hún kynni að vita hvar **peningar Nathans** væru niður komnir, og kveðst hann hafa spurt hana að, hvar það væri, og hafði hún sagst halda þeir væru niður **í búrgólfinu á Illhugastöðum** og hafa það til merkis að nóttina áður hefði sig *dreymt Nathan standa þar*, og hafi hún þá spurt hann að hvað hann væri að gjörða, og hafði hann þar til svarað að peningar sínir / 252 væru þar niðri en hann gæti ei náð þeim fyrir handleggjaleysi. Kveðst Friðrik ei hafa tekið neitt mark á þessu þar hann hafi munað til Vatnsendareiðarinnar. **[sneypuför!]** Annars kveðst hann hafa orðið var við að móðir sín hafi vitað það sem enginn hafi sagt honum, og því hafi hann haldið að hún kynni að hafa *draum-mann*, og kveðst hann heyrt hafa hana geta um að hana dreymdi sérílagi einn mann sem dauður er fyrir mörgum árum, er kynni að segja henni eitt og annað.

***Sjá Rósa og Natan: fégráðug klámferð F að Vatnsenda: bóndakona Rósa Guðmundsdóttir á Vatnsenda:*** /236 Peninga þá er hún geymt hafi fyrir Nathan kveðst hún hafa afhent honum það sama vor, sem Friðrik hafi þangað komið eins og áður er sagt, og aldrei kveðst hún um langan tíma heyrt hafa á Nathan hvar hann hafði peninga sína geymda, en meðan hann hafi hjá sér verið hafi hann grafið þá í jörðu ýmist utan eður innan bæjar. Enga frekari upplýsing í þessari sök er af deponent að fá, og játar hún það framanskrifaða rétt eftir sér innfært – dimitteruð.

/241 Sömuleiðis viðkannast nú ***Þorbjörg***, að veturinn eftir að Nathan hafi farið frá Vatnsenda hafi Friðrik sagt sér, að Nathan hefði sagt hann mætti eiga alla þá **peninga** sem hann ætti í Vatnsendalandi, ef hann gæti fundið þá **[bendir til þess að Nathan komi sjálfur sögum um ríkidæmi sitt á kreik!]** og hafi Friðrik spurt sig að, hvar peningar þessir væru niðurkomnir, og kveðst hún hafa giskað á að þeir mundu vera undir sá í búrinu vegna þess að sig minnir hún hafi heyrt það haft eftir Nathan. **[draummaðurinn lygi!]** Hafi Friðrik svo kennt sér um að hann ekki hefði fundið peningana, og viljað láta sig segja glöggvar til þeirra, en hún kveðst hafa afsagt að segja framar til þeirra. Sömuleiðis kannast Þorbjörg við að hún hafi gefið Friðriki í skyn að hún gæti vitað margt, þó sér væri ekki sagt það, og hafa því Friðrik haldið að hún hefði draum-mann. Einhvörntíma í vetur segir hún Friðrik hafi spurt sig að, hvar hún héldi að peningar

Nathans væru, og kveðst hún hafa sagt að ef þeir væru innan bæjar mundi þeir helst vera grafnir í búrinu. Ennú er enga frekari upplýsing af Þorbjörgu að fá, og þar nú er dagur á enda, verður rannsókn í kvöld ekki lengur framhaldið.

Enn bætir ***Sigríður*** við að hún oft hafi séð Nathan grafa eitthvað af peningum hingað og þangað í jörðu, stundum í svokölluðum Kirkjutanga, smiðjuskúr og fjóshaugnum, en hvar hann hafi látið áður hann hafi seinast burtu farið, kveðst hún ei vita, en hún kveðst hafa séð hann bera peningapung eitthvað norður fyrir bæinn áður hann hafi á stað farið, hvaðan hann hafi ei aftur með hann komið. En meðan hann hafi seinast heima verið kveðst hún enga peninga hafa séð hann með fara, og ei kveðst hún til vita að neinir peningar hefðu fundist í koffortunum eða annarsstaðar /162 eftir morðið, en eitthvað lítilfjörlegt hafi verið af smíðuðu silfri, og silfri í smíðum í þeim. Sömuleiðis læknismeðöl og glös og eitthvað af smíðatólum, en silfurmyllurnar hafi legið á fati frammi í búrinu sem Nathan hafi verið búinn að lofa að gefa sér og kveðst hún hafa tekið þær án Friðriks vitundar, og segist hafi síðar með vitund hreppstjórans og konu hans, fest þær á bol er hún nú gengur í. Meira til sakarinnar upplýsingar kveðst Sigríður nú ei muna að bera og játar hún það framanskrifaða rétt eftir sér bóka. Dimitteruð.

Sigríður frátekur að hún viti til neinna peninga eftir Nathan, fleiri en hún hefur frá sagt, og kveðst hafa verið búin að leita að þeim í búrsveggjunum meðan Nathan hafi í burtu verið.[39]

Sigríður þrætir enn nú harðlega fyrir að vita neitt til **peninga** Nathans, fleiri heldur en hún hefur frá sagt, kveðst heldur ekki hafa heyrt, hvort Friðrik hefði talað nokkurt orð við Nathan eður ekki, þar hún hafi alla tíð frammi verið.[40] /245 Ekkert kveðst Sigríður neitt til vita að grafið hafi verið í gólf á Illhugastöðum og ekki kveðst hún heldur hafa grafið í búrsgólfið heldur einasta **leitað í veggjunum**.

/222 ***Gísli*** neitar sérílagi harðlega fyrir alla vitund um peninga Nathans heitins eða neina frekari upplýsing í sökunni að geta gefið og játar sinn framburð rétt bókaðan. Dimitteraður.

/231 Framstóð aftur, ***Gísli Ólafsson í Katadal***, og viðkannast hann, af réttinum þar um spurður, að hafa talað við Ólaf á Súlnavöllum, það sem þessi hefur eftir honum framborið.[41] Gísli neitar að geta neitt frekara borið en áður, og kveðst ei hafa orðið var við að Friðrik græfi neitt eður leitaði eftir peningum á

---

[39] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 196-197.

[40] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 244-245.

[41] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 231-232.

Illhugastöðum nóttina sem hann sókti /232 koffortið og hitt annað með honum. Hann því að svo búnu dimitteraður.

**Jón föðurbróðir á Gnýstöðum:** /229 Sérílagi neitar depon. að hafa fyrr eður síðan neinn grun eður vitneskju fengið um hvar peningar Nathans séu niðurkomnir, og er enga frekari upplýsingu af honum að fá, og játar hann sinn framburð rétt bókaðan. Dimitteraður.

***Ólafur föðurbróðir F á Súluvöllum:*** /230 Aldrei kveðst depon. hafa getað að því komist hjá Gísla að hann vissi neitt af peningum Nathans,

***vinnumaður Japhet Bjarnason í Stapakoti*** /232 Ekki kveðst hann hafa aðkomist að þær hefðu neina peninga haft meðan þær voru í Stapakoti, og enga vitneskju kveðst hann hafa né getað eftirkomist hvar peningar þeir er menn meintu að Nathan ætti, væru niðurkomnir.

***Jóhannes Magnússon:*** /233 Annars kveðst hann aldrei hafa séð þær [Agnesi og Sigríði] hafa neina peninga handa á milli,

/254 Sigríður viðkannast að **Jóhannes** í Stapakoti hafi **oft spurt sig** eftir hvar **peningar Nathans** væru, og hafi látið í ljósi hug til að ná þeim, /254 en ei kveðst hún muna að hann hefði fullkomlega gjört ráð fyrir eður ráðið til að drepa Nathan.

/250 ***Friðrik*** þrætir enn harðlega fyrir að vita til fleiri peninga en upp séu komnir, og neitar harðlega fyrir að hafa neitt reynt til að spyrja hann Nathan að þeim þegar hann verið hafi að myrða hann, því hann kveðst *forðast hafa að tala eitt orð, svo hann ekki þekkti sig*. Því hann segir að bæði hann og Agnes hafi óttast fyrir, að Nathan *kynni að brúka formælingar við þau* ef hann þekkti þau og ekki heldur kveðst Friðrik hafa gjört tilraun til að leita að þeim, hvorki fyrr eður síðar nótt þá sem hann var á Illhugastöðum eður grafið í gólf eftir þeim.

*Draummaður Þorbjargar:*

**Þorbjörg viðurkennir undir lokin:** og /255 sömuleiðis kannast Þorbjörg við að sig hafi dreymt það sem Friðrik hefur frásagt, í tilliti til Nathans og peninga hans, og að hún hafi sagt Friðrik frá því.

***Jón föðurbróðir F á Gnýstöðum:***/ 229 Heyrt segist depon. hafa Friðrik rugla um að móðir sín kynni að vita ýmsa hluti, sem ekki þyrfti að segja henni, og að hún kynni að hafa draummann sem segði henni það.

***Ólafur föðurbróðir F á Súluvöllum:*** /230 Heyrt kveðst depon. hafa á Þorbjörgu, að hún mundi vera draumspök, eða að hana kynni að dreyma einhvörn mann sem /231 segði henni eitt og annað.

Þorbjörg /241 Sömuleiðis viðkannast nú Þorbjörg, að veturinn eftir að Nathan hafi farið frá Vatnsenda hafi Friðrik sagt sér, að Nathan hefði sagt hann mætti eiga alla þá **peninga** sem hann ætti í Vatnsendalandi, ef hann gæti fundið þá **[bendir til þess að Nathan komi sjálfur sögum um ríkidæmi sitt á kreik!]** og hafi Friðrik spurt sig að, hvar peningar þessir væru niðurkomnir, og kveðst hún hafa giskað á að þeir mundu vera undir sá í búrinu vegna þess að sig minnir hún hafi heyrt það haft eftir Nathan. **[draummaðurinn lygi!]** Hafi Friðrik svo kennt sér um að hann ekki hefði fundið peningana, og viljað láta sig segja glöggvar til þeirra, en hún kveðst hafa afsagt að segja framar til þeirra. Sömuleiðis kannast Þorbjörg við að hún hafi gefið Friðriki í skyn að hún gæti vitað margt, þó sér væri ekki sagt það, og hafa því Friðrik haldið að hún hefði draum-mann. Einhvörntíma í vetur segir hún Friðrik hafi spurt sig að, hvar hún héldi að peningar Nathans væru, og kveðst hún hafa sagt að ef þeir væru innan bæjar mundi þeir helst vera grafnir í búrinu. Ennú er enga frekari upplýsing af Þorbjörgu að fá, og þar nú er dagur á enda, verður rannsókn í kvöld ekki lengur framhaldið.

/250 Friðrik þrætir enn harðlega fyrir að vita til fleiri peninga en upp séu komnir, og neitar harðlega fyrir að hafa neitt reynt til að spyrja hann Nathan að þeim þegar hann verið hafi að myrða hann, því hann kveðst *forðast hafa að tala eitt orð, svo hann ekki þekkti sig*. Því hann segir að bæði hann og Agnes hafi óttast fyrir, að Nathan *kynni að brúka formælingar við þau* ef hann þekkti þau og ekki heldur kveðst Friðrik hafa gjört tilraun til að leita að þeim, hvorki fyrr eður síðar nótt þá sem hann var á Illhugastöðum eður grafið í gólf eftir þeim.

*Agnes þykist ekkert vita í fyrstu yfirheyrslu um peninga:*

Ekki kveðst hún vita neitt um hvar Nathan haft hafi peninga
sína og ei hafa orðið vör við að Friðrik fyndi neitt af þeim,
ei heldur vita neitt hvað hafi í koffortunum verið.[42]

*Sérstakur extra-réttur vegna meintra fjársjóða Natans:*

**Extraréttur 7 að Stóruborg, mánudag 14. apríl 1828 Agnes 4:**

[tóku 13 daga hlé, páskar 6. apríl.[43]] ... setti sýslumaður Blondahl einn extrarétt að Stóruborg, með undirskrifuðum þingvottum til enn nú að framhalda rannsókn í því þann 1sta þ.m. seinast meðhöndlaða **morðs- og þjófnaðarmáli**, í hvorju tilliti nokkrar persónur eru aðvaraðar um að mæta hér í dag.[44] Sérílagi er þessi **rannsókn nú framkvæmd** vegna þess að stór líkindi eru

---

[42] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 163.
[43] https://coolconversion.com/easter-sunday/1828
[44] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 218.

til að sá myrti Nathan Ketilsson **hafi átt töluverða peninga** sem ei eru fram komnir og ei er ólíklegt að morðingjarnir kynnu af að vita.

*Lýsing á morði í ljósi fjár – A og S vildu ei binda N:*

/219 Segir Agnes að Friðrik hafi falað sig og Sigríði til að *binda hann með sér og láta hann segja til peninga* sinna áður en hann væri drepinn en það hafi þær báðar afsagt og hafi því Friðrik sagst ekki hugsa til að geta vitað hvar peningarnir væru niðurkomnir, fyrst hann þyrfti einn að eiga við hann.

Kom svo laus og liðug fyrir réttinn fanginn **Agnes Magnúsdóttir**, sem af réttinum margvíslega aðspurð neitar honum harðlega að geta neina frekari upplýsingu um það framda morð gefið. [45] **[lýsing á morðinu]** Neitar með öllu að hún hafi heyrt Friðrik tala eitt einasta orð við Nathan meðan hann hafi verið að drepa hann, en Friðrik hafi sagt sér að Nathan fyrst hafi gripið utan um skaftið á hamrinum, og hún kveðst heyrt hafa að hann hafi lagt nokkur högg /219 með hamrinum í hann, en hvar þau hafi komið í hann, kveðst hún ei vita, ei heldur muna nein orð eftir Nathan önnur en þau að hann hafi beðið sig (þar hann hafi af sér vitað hjá rúminu) að taka manninn sem hann meint hafi vera Pétur, og þar eftir verið að biðja frænda sinn Vorm að vægja sér og lofað að betala honum hvörn sinn síðasta skilding. Þetta sama hafi Nathan ítrekað þegar þau Friðrik hafi komið inn með ljósið, og hann hafi verið vaknaður við aptur, og hafi þá ekki annarstaðar blætt úr Nathan en öðru megin úr höfðinu, það hún hafi getað séð eður til munað, en þar hann þá ekki hafi þekkt Friðrik, hafi þau meint hann væri orðinn truflaður. /219 Segir hún þau Friðrik og Sigríður hafi þrengt sér til að bera inn ljósið og kveðst hún hafa látið klút fyrir augun á sér svo hún sæi sem minnst og ei viljað láta Nathan þekkja sig, þar hún heyrt hafi áður en ljósið var kveikt, að hann hafði eitthvað verið að segja.

/245 Sigríður viðkannast Agnesar framburð um að Friðrik hafi falast af þeim að **hjálpa sér til að binda Nathan**, og láta hann segja til **peninganna** áður hann væri drepinn og hafi þær afsagt þetta og áður en hann hafi farið að myrða þá, hafi hann ekki sagst *hugsa til að pína Nathan til sagnar*, þar þeir væru tveir en hann ei nema einn. Meiri upplýsing eður meðkenning er ei af Sigríði að fá og játar hún sinn framburð rétt bókaðan. Dimitteruð.

## Ástæður morða:

**Raunveruleg ástæða haturs Friðriks á Natani! Ljótt ef satt er:**

Orsök haturs þess er sér hafi verið til Nathans heitins, segir Friðrik að verið hafi, að hann út *af sér hafi narrað 2 ½*

[45] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 218-219.

*krónu, sem hann aldrei hafi viljað endurgjalda sér, nema eina krónu næstliðið haust*.[46] Líka hafi hann *hvatt sig til að kaupa* af Þorsteini í Hlíð þann áður umvitnaða *hest, og stela til að borga hann með*, úr hvörjum hesti sér ekkert hafi orðið á endanum. [er Friðrik fífl og Nathan að egna hann? Hversu mikið ógeð er Nathan?] Meiri upplýsingar eða meðkenningu er nú ei af Friðrik að fá, og játar hann framburð sinn rétt bókaðan, er hann svo færður til síns arrests. Actum ut supra Blondahl, S. Skaptason, B. Olsen.

**Friðrik fyrst hatur svo áeggjan S, A og D:**

***Friðrik frh.***: Í fyrstunni kveðst hann einungis hafa viljað *drepa Nathan af* **hatri** til hans, en *seinast mest fyrir* **áeggjan** Sigríðar, Agnesar og Daníels.[47]

**Natan laspúveraði (skammaði) kvenfólk:**

Agnes viðkannast að þá Nathan hafi verið dauður hafi hún sagt að nú væri hann ekki að laspúvera sig [skrifari Eggs skilur af sögninni laspra, hallmæla niðra, laspur ásökun ávítur, hafi verið harður við þær og kannski áreita] til eður neitt af kvenfólki.[48]

**Fégráðug ferð Friðriks á Vatnsenda:** sjá Natan og rósa:

**Sigríður vill búa:**

Kom svo laus og liðug fyrir réttinn, fanginn ***Sigríður*** /242 ***Guðmundsdóttir***, sem enn tjáist standa við sinn áður gefna framburð í þessu máli, af réttinum tilkvödd. Segir hún að höfuðtilgangurinn til þeirrar hluttekningar sem hún átt hafi í morðinu hafi verið að losast frá Nathan, og **styrkjast til búskapar með því er hann ætti**, en ei kveðst hún til muna að Friðrik hefði í sinni áheyrn talað um að fá Illhugastaði til ábýlis eftirleiðis, en hann hafi viljað komast þangað í vetur og geta verið þar til vorsins, þar hann búist hefði við að einhvörn hefði þurft til að hirða um skepnur þar.

**Friðrik vill búa:**

*Á Illugastöðum:*

/226 ***Þorbjörg:*** Þrætir og svo fyrir að Friðrik hafi gefið sér í skyn, að hún gæti fengið Illhugastaði eða

---

[46] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 267.

[47] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 250-251.

[48] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 246.

stúlkurnar fyrir vinnukonur, og að hún hafi talað við Agnesi það sem Friðrik hefur þar um vitnað.

***Ólafur:*** /229 Búið hefði verið að gjöra ráð fyrir að leggja eld í bæinn til að hylja morðið og hefði síðan Friðrik viljað /230 gefa sig til að fara að Illhugastöðum til að hirða um skepnurnar, þar einhvörn mundi þurfa til þess, og reyna svo til að fá Illhugastaði til ábýlis á eftir, og mundi það mest af því sem til væri ganga í ofanálag á jörðina, ellegar að öðrum kosti hræða Nathan til að segja til peninga sinna, áður en hann væri drepinn,

Kom svo laus og liðug fyrir réttinn, fanginn ***Sigríður*** /242 ***Guðmundsdóttir***, sem enn tjáist standa við sinn áður gefna framburð í þessu máli, af réttinum tilkvödd. Segir hún að höfuðtilgangurinn til þeirrar hluttekningar sem hún átt hafi í morðinu hafi verið að losast frá Nathan, og **styrkjast til búskapar með því er hann ætti**, en ei kveðst hún til muna að Friðrik hefði í sinni áheyrn talað um að fá Illhugastaði til ábýlis eftirleiðis, en hann hafi viljað komast þangað í vetur og geta verið þar til vorsins, þar hann búist hefði við að einhvörn hefði þurft til að hirða um skepnur þar.

/250 ***Friðrik:*** í þanka kveðst hann hafa haft, að komast að *Illhugastöðum* eftirleiðis, nú fyrst til vorsins, og einneginn hafi sér dottið í hug að fá þá *til ábýlis* eftirleiðis.

*Á Þorgrímsstöðum:*

***Ólafur föðurbróðir F á Súluvöllum:*** /231 eitt sinn snemma í vetur segir hann að Friðrik hafi komið til sín Friðrik hafi komið til sín með brúnan húðarklár, og hafi hann sagst hafa fengið hann hjá séra Gísla í Vesturhópshólum, og einn saltkút, sem hann fengið hafi í haust Hafi hann þá sagst hafa í áformi að fá eyðijörðina Þorgrímsstaði í afréttinum [dalverpi vestan við Katadal], og fara að búa þar í vor og mundi séra Gísli hjálpa sér um spýtur til þess og sömuleiðis hestinn til að éta þá vorið kæmi. **[grundvallarlega langar F til ð búa, komast í manna tölu]** Kveðst þá deponentinn hafa ráðið honum sterklega frá þessu og talið til að ófrómt orð væri farið að liggja á honum. Myndu þá sveitarmenn setja sig móti þessu og mundi þá verða farið að taka próf um breytni hans, og kynni hann þá að verða uppvís að þjófnaði.

*Í afréttinni: Jóhannes klagar í hreppstjórann og missir trúnað F.*

***Jóhannes Magnússon vinnumaður í Stapakoti:*** /233 Deponentinn viðkannast að hafa fylgt Friðrik oft í vetur á leið, stundum eftir bón hans, en stundum til smalamennsku um leið, en aldrei kveðst hann hafa að komist hjá Friðrik, að hann hefði í hyggju að drepa Nathan, en hann hafi einhvörn tíma snemma í

vetur sagt sér frá áformi sínu að fara að byggja í afréttinni.[49] Og hafi þá gjört ráð fyrir því að hann mundi ekki verða of frómur **[hvað þýðir eiginlega frómur?]** og hafi hann þá falað sig til vistar, en deponentinn kveðst neitað hafa að fara til hans og sagt fólkinu í Stapakoti frá áformum Friðriks, sem hann þó hafi verið búinn að biðja sig að leyna hreppstjóranum, og því muni Friðrik hafa lakar trúað sér eftir sem áður.

/254 ***Friðrik*** viðkannast Jóhannesar framburð um ráðagjörð sína um að fara að byggja í afréttinni, og sömuleiðis að hann hafi beðið Jóhannes fyrir að leyna hreppstjórann þessu og þar hann hafi orðið var við að hann hafi svarað þessu við hann, hafi hann *aldrei þorað framar að trúa Jóhanesi fyrir* neinu orði.

***Þorbjörg og Friðrik tala um húsbruna fari annar að byggja kot í afréttinni:***

Heyrt segist Elínborg hafa þau Þorbjörg og Friðrik gjöra ráð fyrir ef Jón heitinn Auðunsson færi að byggja upp eyðikotið Egilsstaði skammt frá Katadal, í trássi við þau, sem Jón heitinn hefði eftir sótt, skyldu þau fordérfa og brenna upp kofa er hann byggði þar.[50] Meiri upplýsing eður meðkenning í þessari sök er ei af Elínborgu að fá, og játar hún framburð sinn rétt bókaðan. Dimitteruð.

*Mest: Natan fórst illa við Friðrik í hvalskiptum og hótaði að drepa hann, en hugsar strax: um að auðgast.*

**Þing Friðrik Sigurðsson 2:**

Enn þá kom laus og liðugur fyrir réttinn inquisitinn Friðrik Sigurðsson og fortelur sem fylgir:[51] **[tilbúinn að leysa frá skjóðunni]** Smátt og smátt í vetur fór með að detta í hug að ráða Natan af dögum, mest fyrir þá orsök að honum hafði farist illa við mig í hvalskiptum og hótað að drepa mig, en ekki af því ég hugsaði að auðgast við það. Þar? vonaði ei ég? að geta fundið peninga hans, sem ég hafði heyrt að hann hefði grafið í jörðu,

***Agnes:*** *Aldrei kveðst hún heyrt hafa Nathan gjöra ráð fyrir að drepa Friðrik,* og aldrei hafi hún sagt Friðrik það.[52] Hvörjum dómi við er leitast er enga frekari upplýsing eður meðkenning af Agnesi að fá, og játar það framanskrifaða rétt bókað að inni standi.

***Friðrik áður langað að myrða Árna í Tungu:***

---

[49] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 233-234.

[50] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 277-278.

[51] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 186-187.

[52] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 220.

**Jón föðurbróðir F á Gnýstöðum:** Einhvörntíma nú fyrir 3 eða 4 árum segir depon., að Árna í Tungu og Friðrik hafi orðið sundurþykkir útúrbeit, og nokkru nokkru eftir þetta hafi Friðrik sagt við sig, að það væri ei meira en mannsverk, þegar sér yxi fiskur um hrygg, að ráða Árna af dögum. **[morð órar Friðriks strax fyrir kynþroska]** Kveðst hann hafa sagt Árna frá þessu strax daginn eftir, og beðið hann að vera varann um sig. /229 deponentinn ... kveðst hafa varað þennan vin (Árna í Tungu) að hafa mikil mök við Nathan.

/252 Friðrik neitar að hafa gjört ráð fyrir að drepa Árna í Tungu, heldur einasta að jafna á honum.

## *Agnes hatur:*

**Tilgangur** sinn með morðinu segir hún einasta hafa verið **hatur** til Nathans; en **engin ábatavon**, áður en Friðrik farið hafi að framkvæma morðið.[53] Segir hún að hann hafi falað sig og Sigríði til að *binda hann með sér og láta hann segja til peninga* sinna áður en hann væri drepinn en það hafi þær báðar afsagt og hafi því Friðrik sagst ekki hugsa til að geta vitað hvar peningarnir væru niðurkomnir, fyrst hann þyrfti einn að eiga við hann. Agnes segir að vel geti skeð, að hún hafi kunnað *að ráða til að drepa Nathan heldur úti en inni*, þó muni hún ekki eftir því, þar xxxxx sem margt hafi um það verið talað, og heldur kveðst hún hafa orðið til að rota hann með hamrinum en að skera hann þar sér virðst hafi að þetta mundi kvalninga minna.

Þing 8 Miðhópi: Agnes viðkannast að Daníel hafi sagt við Sigríði það sinn þessi hefur framborið, seinasta morgunin sem hann hafi verið á Illugastöðum að það hefði verið mátulegt ef hann hefði verið í hennar sporum, að hann hefði rekið hnífinn í Nathan.[54] Agnes viðkannst að þá Nathan hafi verið dauður hafi hún sagt að nú væri hann ekki að laspúvera sig [skrifari Eggs skilur af sögninni laspra, hallmæla niðra, laspur ásökun ávítur, hafi verið harður við þær og kannski áreita] til eður neitt af kvenfólki. Sömuleiðis viðkannast Agnes að hafa einhvörntíma í haust sagt við Sigríði, að það væri mátulegt að brenna Nathan ellegar gefa honum inn, áður en þau Friðrik og Sigríður hafi verið búin að segja sér frá sínu áformi. Enga frekari upplýsing er ennú af þeim Agnesi og Sigríði að fá, og eru þær svo dimitteraðar.

### *Fégræðgi:*

---

[53] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 219.

[54] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 246.

***Nathan hafi ætlað að myrða Friðrik:***

*+ föður + föðurbræður: Ólafur áttar sig á að upplogið*

/252 Friðrik segir að Jón á Gnýstöðum, Sigríður og Agnes hafi öll sagt sér að Nathan mundi hafa hug á að drepa sig, en aðrir muni hann ei til að hefði sagt sér frá því.

Gísli: /178 Annars hafði Friðrik oft sagt mér að Nathan mundi hafa í hyggju að drepa sig, Friðrik, og okkur Sigurð, og lést vilja verða fyrri til að koma í veginn fyrir það. Ekkert ófrómt veit ég um Friðrik að segja, en óvandaður hefur mér virðst hann í orðum og ótrúr í verkum sínum og ósannsögull við foreldra sína.

**Þórunn**: /181 enda kveðst hún enga umgöngu haft hafa þar um neitt hús. Á Friðrik kveðst hún annars heyrt hafa einhvörn tíma, að Nathan mundi hafa í ráði að drepa hann að 3 árum liðnum, en ekkert hefði hann getið um hver sér hefði sagt það.

**Sigurður faðir:** / 183 Áminningum sínum segir hann Friðrik hafi gegnt fáum, en látið á sér skilja að það kynni vera nauðsynlegt fyrir sig að koma Nathan af veginum, þar hann máske sæti um líf þeirra feðganna og Gísla, og kveðst deponentinn hafa sagt honum að sjálfur væri hann óhræddur um sig, en Friðrik gæti komið sér burtu, þangað sem Nathan næði ei til hans.

*Aldrei kveðst Agnes heyrt hafa Nathan gjöra ráð fyrir að drepa Friðrik*, og aldrei hafi hún sagt Friðrik það.[55] Hvörjum dómi við er leitast er enga frekari upplýsing eður meðkenning af Agnesi að fá, og játar það framanskrifaða rétt bókað að inni standi.

Framstóð aftur, 21, ***bóndi Ólafur Ólafsson á Súluvöllum***, bróðir næst undan gangandi vitnis, sem ítarlega áminntur um að segja sannleikann viðkannast, að einhvörntíma seint á þorranum í vetur hafi Gísli bróðir sinn í Katadal komið til sín og spurt sig að hvörju hann mundi fara, ef hann vissi einhvörn sitja um líf sitt.[56] Kveðst depon. Þá hafa þar til svarað að ef hann ætti höndur sínar og líf að verja, kynni hann að drepa þann hinn sama, en annars ekki. Hafi síðan Gísli sagt sér frá áformi Friðriks í Katadal með að drepa Nathan, og sagt að Friðrik segði, að þessi sæti um líf þeirra þriggja í Katadal. Hafi hann sagst eitt sinn hafa verið með honum að Illhugastöðum, eins og Gísli er búinn frá að segja. Kveðst þá depon. Mikið hafa ráðið Gísla frá

[55] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 220.

[56] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 229-230.

þessu, og sett honum fyrir sjónir, að þetta mundi allt vera af Friðrik upplogið til til að fá hann til illræðisins,

**Aldrei** kveðst Sigríður **heyrt** hafa **Nathan gjöra ráð fyrir að drepa Friðrik** og aldrei hafa sagt Friðrik það.[57] /245 Sigríður viðkannast að Nathan hafi misst fyrir víst tvær ær í haust og eitt lamb, sem ekki hafi aftur fundist, og þá hafi undir eins farið 1 ær sem Bjarni vinnumaður á Síðu hafi átt á Illhugastöðum og í fyrravetur hafði hann Nathan misst 3 ær. /245 Aldrei segir Sigríður Friðrik hafi sagt sér frá neinum þjófnaði er hann hafi framið. /245 Ekkert kveðst Sigríður vita hvort Friðrik hafi borið nokkuð með sér frá brennunni. /245 Sigríður viðkannast Agnesar framburð um að Friðrik hafi falast af þeim að **hjálpa sér til að binda Nathan**, og láta hann segja til **peninganna** áður hann væri drepinn og hafi þær afsagt þetta og áður en hann hafi farið að myrða þá, hafi hann ekki sagst hugsa til að pína Nathan til sagnar, þar þeir væru tveir en hann ei nema einn. Meiri upplýsing eður meðkenning er ei af Sigríði að fá og játan hún sinn framburð rétt bókaðan. Dimitteruð.

# Morðin:

***Ýmsar bollaleggingar: A vill hamar því sársaukaminna.***

/219 Agnes segir að vel geti skeð, að hún hafi kunnað *að ráða til að drepa Nathan heldur úti en inni*, þó muni hún ekki eftir því, þar xxxxx sem margt hafi um það verið talað, og heldur kveðst hún hafa orðið til að rota hann með hamrinum en að skera hann þar sér virðst hafi að þetta mundi kvalninga minna.

***Agnes var fyrst til að minnast á morð:***

Agnes viðkannast að þá Nathan hafi verið dauður hafi hún sagt að nú væri hann ekki að laspúvera sig [skrifari Eggs skilur af sögninni laspra, hallmæla niðra, laspur ásökun ávítur, hafi verið harður við þær og kannski áreita] til eður neitt af kvenfólki.[58] Sömuleiðis viðkannast Agnes að hafa einhvörntíma í haust sagt við Sigríði, að það væri mátulegt að brenna Nathan ellegar gefa honum inn, áður en þau Friðrik og Sigríður hafi verið búin að segja sér frá sínu áformi. Enga frekari upplýsing er ennú af þeim Agnesi og Sigríði að fá, og eru þær svo dimitteraðar.

**Þáttur Sigríðar:**

---

[57] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 245.

[58] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 246.

/244 Búin kveðst Sigríður hafa verið að lofa þeim Agnesi og Friðrik að styrkja þau til að drepa Nathan ef þau á þyrfu að halda, en aldrei kveðst hún hafa sagt Agnesi að að sér hefði verið komið, að drepa Nathan í rúminu. En Daníel og hún hafi einn morgun sagt við sig að ef þau hefðu verið í hennar stað, skyldu þau ekki hafa xxxx að reka hnífinn í hann, hafi þá **Daníel sofið hjá** /245 **Agnesi** þá nótt eins og hann hafi verið vanur þegar hann hafi verið þar.

Agnes setti í bréf til Daníels sem hún sendi aldrei: / 246 Sigríður mundi ein treysta sér að drepa Nathan, hvað hún hafi verið búin að segja sér.

**Agnes og Sigríður vildu eitra fyrir Pétri:**

/252 Ekki kveðst Friðrik hafa verið búinn að ákvarða skeiðvatnið, sem hann hafi ætlað að taka á Illhugastöðum neinum vísum, en kveðst hafa viljað eiga það til, ef hann kynni að komast í fjandskap við einhvörn tímann. Annars segir Friðrik að þær Agnes og Sgiríður hafi verið búnar að gjöra ráð fyrir að gefa Pétri inn úr skeiðvatnsglasinu, xxxx xxxx áður en hann færi að drepa Nathan, svo þessi væri ekki nema einn /253 við að eiga, en þessu hafi þær ei getað viðkomið.

/253 Agnes kannast og svo við ráðagjörð þeirra um að gefa Pétri inn skeiðvatnið, en ei kveðst Agnes til muna að hún hafi heyrt Jóhannes í Stapakoti koma uppá við þær að drepa Nathan. /253 ***Friðrik*** uppástendur enn að hafa rotað Nathan og að hola hafi verið komin inní höfuð á honum, og **kveðst hann seinast hafa rekið hnífinn innum holuna inní heilann og úr þvi hafi hann ei orðið var við líf í honum**. Engin fleiri orð kveðst Friðrik muna eftir Nathan að segja en búið sé til að færa, en Pétur hafi ekkert talað annað en beðið tvisvar eða þrisvar fyrir sér þá hann hafi raknað við aftur. Þegar Friðrik hafi kvatt þær Sigríði og Agnesi nóttina sem brennt var, segir hann að Agnes hafi sagt að hún Sigríður skyldi þakka honum fyrir þangað komuna, hvað Sigríður hafi þá gjört **[sést vel hér að A stjórnar S]** og sömuleiðis Agnes þá hann hafi við hana skilið, og kannast ***Agnes*** við þetta.

*Faðir vissi hvað Friðrik hafði í hyggju en hleypti honum samt af stað: afsökun hattur, mjólk og brennivín:*

Sigurður viðkannast framburð Gísla um að hann hafi sagt sér að Friðrik vildi fá sig til að drepa Nathan, og hafi þá gjört ráð fyrir að /182 biðja Sigurð að lofa sér á bæi eftir Friðriks undirlægi, hvörju depon. kveðst neitað hafa svo allir heyrðu. Daginn áður en brunnið hafi á Illhugastöðum segir hann Friðrik hafi í burtu farið og sagst ætla fram að Tungukoti í Hlíðardal, og kvaðst depon, hafa vitað að hann hefði þangað erindi átt að sækja hatt er hann

átt hafi hjá vinnupilti sam staðar, Jóhannesi Jónassyni, og kveðst hann því hafa verið grunlaus um aðra fyrirætlun í það sinn, einkum þar sem Nathan hafi komið að Katadal deginum áður, og hafi Friðrik þá útvegað honum mjólk að drekka og boðið honum brennivín og fylgt honum á leið, og hafi verið vinsamlegt að sjá á milli þeirra. Í síðastnefndri ferð segir hann að Friðrik hafi verið tvær nætur og sagst hafa verið í Tungukoti.

*F reyndi enn að fá Gísla með:*

Einhvern tíma á Góunni kom Sigríður á Illhugastöðum upp að Katadal og átti þá eitthvert tal við Friðrik, en ekkert vissi ég hvað það var. Ennú fyrra fimmtudag falaði Friðrik mig enn á ný að fara með /177 sér fram í afrétt að sækja þangað hross sem Sigurður bróðir minn átti, en hann kvaðst ætla að ganga fram að Tungukoti, en þar ég óttaðist fyrir að Friðrik mundi þá ætla að fá mig til að fara með sér fram að Illhugastöðum sagðist ég vera veikur og ekki treysta mér til þess. Fór Friðrik svo einsamall, sagðist ætla fram að Tungukoti og var 2 nætur í burtu, en þegar hann kom heim aftur sagði hann mér einslega frá að nú væri hann búinn að drepa Nathan og Pétur, [fær hann til að fela þýfið með sér]

**Ólafur föðurbróðir veit:**

***Ólafur:*** /229 Búið hefði verið að gjöra ráð fyrir að leggja eld í bæinn til að hylja morðið og hefði síðan Friðrik viljað /230 gefa sig til að fara að Illhuastöðum til að hirða um skepnurnar, þar einhvörn mundi þurfa til þess, og reyna svo til að fá Illhugastaði til ábýlis á eftir, og mundi það mest af því sem til væri ganga í ofanálag á jörðina, ellegar að öðrum kosti hræða Nathan til að segja til peninga sinna, áður en hann væri drepinn, fá síðan glas, sem Sigríður hefði sagt honum að Nathan ætti, og hefði inni að halda eitthvört meðal til að draga saman ásatir karla og kvenna, fara svo með peningana og það norður að Víðimýri, og reyna svo til að fá Jómfrú Ragnheiði þar til ekta með meðalinu úr glasinu, en gifta Sigríði einhvörjum öðrum manni. **[hann er strax með áform um að svíkja Siggu, helvítið! Ja mikið blaðra bræður.]** Ekki kveðst depon. Hafa vogað að segja Friðrik frá þessari Gísla sögn eður ráða honum frá morðinu, þar Friðrik kynni þá að hefna þess á Gísla, ei heldur að opinbera það sýslumanninum eður Nathan, þar það mundi leiða af sér að prófyrði farið að taka í því, og Friðrik þá fyrir allt þræta og Gísli kunnað að verða ærulaus þar fyrir.

**S lýsir því hvar hver sefur, fyrirgefningu Agnesar, allt huggulegt:**

S: Miðvikudaginn þann 12ta (hlýtur að vera 13da skrifar Egg) þ.m. kom Nathan heim og sagði ég honum þá strax frá, að ég eftir hreppstjórans ráði hefði tekið á móti Agnesi, og fann hann ekkert að því, sem sagði að ég hefði gjört rétt að fylgja hreppstjórans ráðum í þessu.[59] Bað Agnes hann þá forláts á því hún hefði í burtu farið, og lagði Nathan þá ekkert illt til hennar fyrir það. Kvöldið eftir í rökkrinu, þegar þeir Nathan og Pétur voru háttaðir, Nathan í sínu rúmi, hvar ég átti eftir hans skipun sem oftar að undanförnu hjá honum að sofa, en Pétur í rúmi Agnesar (hver sér ætlaði að sofa útí fjósi)

**Frásögn Friðriks:**

/190 [fim.13. mars] fór ég á stað og sagðist ætla fram að Tungukoti. Gekk ég svo ofan að Illugastöðum, kom þar í rökkrinu, gekk inn í fjósið, hvar þær Agnes og Sigríður komu til mín litlu siðar, og sögðu þær að Natan og Pétur væru háttaðir, bauð ég þeim þá að hætta við þetta, fyrst Pétur væri þar, en þær beiddu mig báðar að halda áfram og buðu mér styrk sinn til þess sem fyrr, og féll Agnes þá upp á að best væri að rota þá báða með stórum hamri, sem Sigríður sótti inn til þess. Gengum við svo öll inn og var þá varla nein skíma af degi. [nýtt tungl 15. mars] Átti Agnes að standa fyrir glugganum við rúmstokk Natans meðan ég rotaði Pétur, en Sigríður stóð á gólfinu, og ætluðu þær báðar að fljúga á Natan ef hann yrði var við þá ég rotaði Pétur, og tókst mér það strax í fyrsta eða öðru höggi svo lítið eða ekkert heyrðist til hans. Greip þá Agnes barnið og fékk Sigríði, en ég flaug á Natan sem meinti þetta vera Pétur, eins og Sigríður og /191 Agnes hafa þar um frá sagt. Sló ég hann þá með hamrinum svo hann rotaðist í fyrsta höggi.

Fór Agnes þá fram og kveikti ljós, en þegar við komum inn var Natan að rakna við aftur úr rotinu, var þó rænulaus og tók að tala um frænda sinn, sá ég þá líka að Pétur var ekki útaf dauður.[60] Féllst þá Agnesi hugur, missti niður ljósið, en ég var þá sem frá mér numinn og tók sjálfskeiðings vasahníf minn og rak í Natan þar til hann var dauður, og Pétur þar á eftir, fór ég síðan fram og sótti ljós.

**Frásögn Sigríðar:**

S: Miðvikudaginn þann 12ta (hlýtur að vera 13da skrifar Egg) þ.m. kom Nathan heim og sagði ég honum þá strax frá, að

[59] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 158-159.
[60] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 191.

ég eftir hreppstjórans ráði hefði tekið á móti Agnesi, og fann hann ekkert að því, sem sagði að ég hefði gjört rétt að fylgja hreppstjórans ráðum í þessu.[61] Bað Agnes hann þá forláts á því hún hefði í burtu farið, og lagði Nathan þá ekkert illt til hennar fyrir það. Kvöldið eftir í rökkrinu, þegar þeir Nathan og Pétur voru háttaðir, Nathan í sínu rúmi, hvar ég átti eftir hans skipun sem oftar að undanförnu hjá honum að sofa, en Pétur í rúmi Agnesar (hver sér ætlaði að sofa útí fjósi) kom Friðrik enn, og vorum við Agnes þá staddar útí fjósi, sagði hann okkur þá báðum sameiginlega að nú væri hann kominn til að drepa þá Nathan og Pétur, hvort við vildum eður ekki, og sagði það væri minni synd að drepa Pétur þar hann væri opinber illræðismaður heldur en annan ósekan, og lofuðum við honum þá að þegja yfir þessu, en neituðum að styrkja hann til þess. Var mikið lítil skíma eftir af degi þá hann /159 kom. Gekk hann svo í bæinn inn og við Agnes á eftir honum. Þá hann kom í baðstofuna tók hann stóran hamar sem við höfðum vísað honum til (í baðstofunni) en svo var dimmt, að hvorki Nathan eður Pétur sáu hann. Tók ég þá barnið sem var á pallinum, ennþá ekki afklætt, en við sem stóðum á baðstofugólfinu heyrðum að Friðrik lagði högg í höfuð á Pétri nokkrum sinnum og heyrðist ekkert hljóð til hans.

S: Lagði hann síðan að Nathan, og kallaði þá Nathan og bað að taka manninn, því það mundi vera komið á hann flog eður ósjálfræði, og því eins héldum við að hann mundi ætla að þetta væri Pétur.[62] Eftir það heyrðum við hljóð til hans og var hann að biðja frænda góðan að vægja sér og bauð að láta til hans hvern skilding er hann ætti, og stóð stundarkorn á þessu. Var ég á meðan ýmist frammi í göngum eða búri og Agnes ýmist frammi hjá mér eður inní baðstofu. Þarnæst kom Friðrik fram til okkar og sagði að nú væru þeir báðir dauðir, og skipaði Agnesi að kveikja og tók hann svo við ljósinu og fór inn með það, skipaði Agnesi að halda á ljósinu, en hún kvaðst ei geta það. Komum við þá inná baðstofugólfið og sáum þá að Friðrik hafði bilt líkömunum framúr rúminu og var að rífa rúmföt úr rúmi Nathans, líka opnaði hann tvö koffort er stóðu hjá rúminu hans, og bar annað fram ásamt rúmfötunum og eitthvað af ytra fatnaði Nathans, og flutti það fram í bæjardyr. Sáum við að líkamarnir voru báðir alblóðugir. Lagði þá Friðrik báða líkamina uppí rúm Nathans, og hjálpaði Agnes honum til þess eftir hans /160 skipun. **[hún lætur sem þær Agnes séu saklausar]**

## Frásögn Agnesar:

[61] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 158-159.
[62] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 159-160.

Kom svo laus og liðug fyrir réttinn fanginn **Agnes Magnúsdóttir**, sem af réttinum margvíslega aðspurð neitar honum harðlega að geta neina frekari upplýsingu um það framda morð gefið. [63] **[lýsing á morðinu]** Neitar með öllu að hún hafi heyrt Friðrik tala eitt einasta orð við Nathan meðan hann hafi verið að drepa hann, en Friðrik hafi sagt sér að Nathan fyrst hafi gripið utan um skaftið á hamrinum, og hún kveðst heyrt hafa að hann hafi lagt nokkur högg /219 með hamrinum í hann, en hvar þau hafi komið í hann, kveðst hún ei vita, ei heldur muna nein orð eftir Nathan önnur en þau að hann hafi beðið sig (þar hann hafi af sér vitað hjá rúminu) að taka manninn sem hann meint hafi vera Pétur, og þar eftir verið að biðja frænda sinn Vorm að vægja sér og lofað að betala honum hvörn sinn síðasta skilding. Þetta sama hafi Nathan ítrekað þegar þau Friðrik hafi komið inn með ljósið, og hann hafi verið vaknaður við aptur, og hafi þá ekki annarstaðar blætt úr Nathan en öðru megin úr höfðinu, það hún hafi getað séð eður til munað, en þar hann þá ekki hafi þekkt Friðrik, hafi þau meint hann væri orðinn truflaður. Segir hún þau Friðrik og Sigríður hafi þrengt sér til að bera inn ljósið og kveðst hún hafa látið klút fyrir augun á sér svo hún sæi sem minnst og ei viljað láta Nathan þekkja sig, þar hún heyrt hafi áður en ljósið var kveikt, að hann hafði eitthvað verið að segja.

**Tilgangur** sinn með morðinu segir hún einasta hafa verið **hatur** til Nathans; en **engin ábatavon**, áður en Friðrik farið hafi að framkvæma morðið.[64] Segir hún að hann hafi falað sig og Sigríði til að *binda hann með sér og láta hann segja til peninga* sinna áður en hann væri drepinn en það hafi þær báðar afsagt og hafi því Friðrik sagst ekki hugsa til að geta vitað hvar peningarnir væru niðurkomnir, fyrst hann þyrfti einn að eiga við hann. Agnes segir að vel geti skeð, að hún hafi kunnað *að ráða til að drepa Nathan heldur úti en inni*, þó muni hún ekki eftir því, þar xxxxx sem margt hafi um það verið talað, og heldur kveðst hún hafa orðið til að rota hann með hamrinum en að skera hann þar sér virðst hafi að þetta mundi kvalninga minna.

Ekkert kveðst Agnes vita hvað mikið brunnið hafi af hvorju fyrir sig, því eftir að búið hafi verið að kveikja í rúminu sem líkamarnir hafi í legið hafi *allt fyllst með svælu*, svo þau hafi ei getað þar inni verið.[65] Lengst af kveðst hún hafa verið **inní baðstofunni meðan Friðrik hafi verið að myrða mennina**, og

---

[63] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 218-219.

[64] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 219.

[65] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 220.

áður en ljósið hafi dáið, segist hún séð hafa Friðrik reka hníf í Nathan fyrir neðan bringspalirnar.

***Nathan galdramaður:***

Friðrik: /263 Nokkru síðar kveðst hann hafa sagt móður sinni að Agnes væri og svo komin í þessa ráðgjörð og hefði hann talað þær Sigríði og hana til að binda Nathan, og láta hann segja til peninganna, en Agnes mótmælt því, og hafði þá móðir sín sagt að þess hefði verið von af henni, þar hún hefði verið skýrust af þeim, því Nathan kynni að stórmæla honum áður en hann dæi, og væri honum best að láta hann aldrei þekkja sig, þá hann dræpi hann,

*Sigríður og F skipa Agnesi að bera inn ljós, hún óttast fjölkyngi Natans, að hann sjái sig:*

/219 Segir hún þau Friðrik og Sigríður hafi þrengt sér til að bera inn ljósið og kveðst hún hafa látið klút fyrir augun á sér svo hún sæi sem minnst og ei viljað láta Nathan þekkja sig, þar hún heyrt hafi áður en ljósið var kveikt, að hann hafði eitthvað verið að segja.

*Friðrik heldur Natan eigi ástardrykk:*

***Ólafur:*** /229 reyna svo til að fá Illhugastaði til ábýlis á eftir, og mundi það mest af því sem til væri ganga í ofanálag á jörðina, ellegar að öðrum kosti hræða Nathan til að segja til peninga sinna, áður en hann væri drepinn, fá síðan glas, sem Sigríður hefði sagt honum að Nathan ætti, og hefði inni að halda eitthvört meðal til að draga saman ástir karla og kvenna, fara svo með peningana og það norður að Víðimýri, og reyna svo til að fá Jómfrú Ragnheiði þar til ekta með meðalinu úr glasinu, en gifta Sigríði einhvörjum öðrum manni.

/250 ***Friðrik*** þrætir enn harðlega fyrir að vita til fleiri peninga en upp séu komnir, og neitar harðlega fyrir að hafa neitt reynt til að spyrja hann Nathan að þeim þegar hann verið hafi að myrða hann, því hann kveðst *forðast hafa að tala eitt orð, svo hann ekki þekkti sig*. Því hann segir að bæði hann og Agnes hafi óttast fyrir, að Nathan *kynni að brúka formælingar við þau* ef hann þekkti þau og ekki heldur kveðst Friðrik hafa gjört tilraun til að leita að þeim, hvorki fyrr eður síðar nótt þá sem hann var á Illhugastöðum eður grafið í gólf eftir þeim.

**Lokastunga Friðriks og það sem Pétur sagði:**

/253 ***Friðrik*** uppástendur enn að hafa rotað Nathan og að hola hafi verið komin inní höfuð á honum, og **kveðst hann seinast hafa rekið hnífinn innum holuna inní heilann og úr þvi hafi hann ei orðið var við líf í honum**. Engin fleiri orð kveðst Friðrik muna eftir Nathan að segja en búið sé til að færa, en Pétur hafi ekkert talað annað en beðið tvisvar eða þrisvar fyrir sér þá hann hafi raknað við aftur.

**Þau kveðjast, þær þakka honum fyrir morðin:**

/253 Þegar Friðrik hafi kvatt þær Sigríði og Agnesi nóttina sem brennt var, segir hann að Agnes hafi sagt að hún Sigríður skyldi þakka honum fyrir þangað komuna, hvað Sigríður hafi þá gjört **[sést vel hér að A stjórnar S]** og sömuleiðis Agnes þá hann hafi við hana skilið, og kannast ***Agnes*** við þetta.

/254 Sömuleiðis viðkannast Sigríður þau orð sem hafi farið millum þeirra Friðriks, Agnesar og Sigríðar þegar þau kvöddust í fjósinu. [þakkirnar]

## Þau vinda sér í þýfið:

F: /191 Féllst þá Agnesi hugur, missti niður ljósið, en ég var þá sem frá mér numinn og tók sjálfskeiðings vasahníf minn og rak í Natan þar til hann var dauður, og Pétur þar á eftir, fór ég síðan fram og sótti ljós. Fór Agnes þá inn með mér aftur og tókum við rúmföt og koffort úr baðstofunni og grófum í eldiviðarhlaða frammi í búrinu. Opnaði ég bæði koffortin og fyllt annað með það sem mér þótti fémætast. Peninga pung einn fann ég í koffortinu, sem ég ekkert veit hvað mikið hefur í verið, en á að geta svo sem 10 sp. mynt, eða rúmt það, og tók Sigríður við honum. Líkömum þeirra dauðu hafði ég áður bylt ofan úr rúmunum og lét Agnes þá báða upp í rúm Natans með mér aftur og smurðum við þá áður í lýsi, kveiktum svo í rúminu og gengum burt og bjuggum við öll um það sem við höfðum tekið í eldiviðarhlaðanum og fórum út úr bænum. En þegar bál var komið í alla baðstofuna og rjáfrið var farið að detta niður fórum við Agnes suður að Stapakoti og átti hún að segja til eldsins, en ég fór niður að Tungukoti og sagðist hafa legið úti. Áður en ég fór þvoði ég allt blóð úr treyju og buxum og undum við það svo aftur. Glas með skeiðvatni [þynnt saltpéturssýra] hafði ég beðið stúlkurnar að ætla mér, sem stóð í skáp í búrinu, og sem ég eftir morðið var skeð gaf þó ei um að taka.

S: /159 Komum við þá inná baðstofugólfið og sáum þá að Friðrik hafði bilt líkömunum framúr rúminu og var að rífa rúmföt úr rúmi Nathans, líka opnaði hann tvö koffort er stóðu hjá rúminu hans, og bar annað fram ásamt rúmfötunum og eitthvað af ytra fatnaði Nathans, og flutti það fram í bæjardyr. Sáum við að líkamarnir voru báðir alblóðugir. Lagði þá Friðrik báða líkamina uppí rúm Nathans, og hjálpaði Agnes honum til þess eftir hans /160 skipun. **[hún lætur sem þær Agnes séu saklausar]**

**Barnið er í baðstofunni þegar morðin hefjast:**

/ 159 S: Þá hann kom í baðstofuna tók hann stóran hamar sem við höfðum vísað honum til (í baðstofunni) en svo var dimmt, að hvorki Nathan eður Pétur sáu hann. Tók ég þá barnið sem var

á pallinum, ennþá ekki afklætt, en við sem stóðum á baðstofugólfinu heyrðum að Friðrik lagði högg í höfuð á Pétri nokkrum sinnum og heyrðist ekkert hljóð til hans.

/207 Sigríður, segir Friðrik, að aldrei hafi inn í baðstofuna komið, **[er hann að vernda elskuna sína?]** eftir að byrjað var við morðið en einasta hjálpað þeim til að koma því stolna fyrir í eldiviðarstaflanum,

/244 Ekki kvaðst hún heldur vita neitt hvað brennt hafi verið í baðstofunni þar hún hafi aldrei inní baðstofuna komið frá því byrjað hafi verið með morðið, og til þess að búið hafi verið að kveikja í baðstofunni, utan alls einu sinni rétt sem snöggvast.

## Bæjarbruni undirbúinn:

S: Allt það sauðfé sem nú var í bænum eins og vant var, rak Friðrik út.[66] Eftir þetta sótti Friðrik lýsi fram í búr, smurði í því þá dauðu líkama, sótti síðan eld í trogi og kveikti í koffortinu sem eftir var og hjá rúminu stóð. En hitt koffortið og annað fémætt, sem Friðrik tók úr baðstofunni, gróf hann ofaní eldiviðarhlaða í búrinu. **[hún lætur sem Agnes hafi ei hjálpað]**

# Eftir morð og bruna:

S: Eftir það segir hún Friðrik hafi í burtu farið þá vel hafi verið kviknað í baðstofunni, en skipað Agnesi að fara suður (segir Sigríður) að Stapakoti og segja frá húsbrunanum, en ég fór (segir Sigríður) úti fjós með barnið og var þar þangað til Agnes kom aftur ásamt Stapakotsfólkinu sem þá fór að slökkva eldinn, var þá baðstofan niður fallin.[67] Varð eldurinn slökktur svo ei brunnu fleiri hús. Sögðum við Agnes þá báðar fólkinu er að kom, að við hefðum báðar sofið í fötunum en Pétur hefði verið að leita að fénu þegar við hefðum sofnað, og mundi eldurinn hafa kviknað af ljósi er staðið hefði í glugganum. Fórum við svo daginn eftir suður að Stapakoti og höfum verið þar síðan til þess í fyrradag en gengum úteftir kvöld og morgna ásamt smalanum Jóhannesi, til að hirða um peninginn, en á morgnana fór þó ekki nema önnur okkar. En næstliðinn þriðjudagsmorgun sagði Agnes og vinnupiltur Jóhannes í Stapakoti sem þá fór út að Illhugastöðum, að sleginn hafði verið stafur undan búrinu, sem læst var, og verið eitthvað rótað við eldiviðarhlaðanum. Var hreppstjórinn þá ekki /161 framkominn úr ferð sinni til sýslumannsins.

---

[66] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 160.

[67] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 160-161.

## Agnes og Friðrik samferða að Stapakoti:

/164 Segir Agnes Friðrik hafi orðið sér samferða framhjá Stapakoti um nóttina, þá hún hafi verið að segja frá eldinum og hafi hann þá gert ráð fyrir að fara fram í Hlíðardal. Hafi hann beðið sig áður en þau skildu að ná glasi sem verið hafi í kassa í búrinu með skeiðvatni

*Friðrik lagði þeim línurnar með frásögn brunans:*

/165 Í Stapakoti viðkannast Agnes að hafa sagt frá orsökum til brunans eins og Sigríður hefur áður frá sagt, og hafi Friðrik verið búinn að leggja fyrir sig hvernig hún skyldi frá því segja.

## *Ferðalög til rannsókna og á þingin:*

*Ferð og rannsókn Jóns í Stapakoti og vinnumanna hans - Föstudagur 14. mars. 2 vinnumenn sjá strax að myrtir:*

Þarnæst framstóð hreppstjóri Jón Sigurðsson í Stapakoti, sem af réttinum tilkvaddur viðkannast að nóttina milli þess13da og 14da þessa mánaðar hafi Agnes Magnúsdóttir frá Illhugastöðum komið á sitt heimili, Stapakot, þá allir hafi verið í svefni, á að geta nálægt miðri nótt kallað á glugganum og sagt að bærinn á Illugastöðum væri að brenna.[68] Kveðst hann þá hafa flýtt sér á fætur og ásamt sér vinnumaður sinn Jafet Bjarnason og báðir vinnumenn móður sinnar, sem móti honum býr á Stapakoti, Guðmundur og Jóhannes, og vinnukona hennar Herdís Bergþórsdóttir. Hafi þau öll fimm ásamt Agnesi farið út að Illhugastöðum og hafi þá loginn staðið upp af byggingunum en mikið af þekjunni verið dottið inn. Hafi svo sumir farið að brjóta inn það sem eftir hafi verið af þekjunni en sumir að bera vatn í eldinn, en Agnes hafi farið inn í fjósið til Sigríðar, sem þar hafi verið, og hafi báðar /166 þær Agnes og Sigríður sagst hafa legið í fötunum um kvöldið og beðið eftir Pétri Jónssyni sem verið hefði að smala, **[legið þá í fjósinu, hlýtur að vera]** og hefðu þær ei rankað við fyrr en loginn hefði verið kominn í baðstofuna nálægt rúmi Nathans sem háttaður hefði verið, og vissu þær ei til hans síðan eða hvort Pétur hefði verið aftur kominn eða ekki. Eitthvað um dægramót, segir deponentinn, þeir hafi verið búnir að slökkva eldinn að mestu og hafi ei brunnið nema baðstofuhúsið. Segir hann þeir hafi síðan beðið stundarkorn í fjósinu þar til betur hafi orðið bjart af degi. Hafi þeir þá farið að leita í öskunni og fundið þá báða líkamana í þeim stað, er rúm Nathans hafi staðið í baðstofunni.

---

[68] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 165-166.

Hafi þeir verið hálf brunnir, en þar hann og þeir sem með sér hafi verið hafi verið grunlausir um að þetta væri af mannavöldum, kveðst hann þá ekki hafa neitt nákvæmlega skoðað líkamina eður aðgætt hvort nokkuð á þeim sæi, en fljótlega hafi það ei getað sést, þar þeir hafi verið svo mikið brunnir.[69] Þeir hafi ei heldur nákvæmlega skoðað þá en borið bæði líkin á fjöl frammí skemmukofa á hlaðinu. Ekkert fémætt segir deponentinn þeir hafi getað í öskunni fundið, utan lítið af járnarusli og hálfbrunnum bókum og smá stykkjum af fatnaði. Eftir þetta kveðst hann hafa sent eftir prestinum, séra Jóhanni á Tjörn, en áður en hann hafi komið kveðst deponentinn hafa verið heim /167 kominn með fólki sínu, en báðar þær Agnes og Sigríður hafi eftir verið og hafi Sigríður sagt sér væri illt. En skömmu eftir að hann hafi verið heim kominn hafi þær báðar komið með prestinum, hvers leið lá um Illhugastaði.

**vinnumaður Guðmundur Guðmundsson í Stapakoti:**

Framstóð aftur fjórði, sem tjáist vera 30 ára gamall og af réttinum tilkvaddur.[70] Gefur að öllu leyti samkvæman vitnisburð undangangandi vitni, um það af hverjum og hvenær hann fyrst hafði vitað um þann umhöndlaða húsbruna á Illhugastöðum, samt hverjir þangað hafi farið til að slökkvað eldinn, og hvenær þeir hafi verið að því búinr, hvað þeir hafi fundið í öskunni og hvar líkamir þeirra dánu manna hafi legið, og hvar þeir látnu hafi verið. Og leggur deponentinn það til að þeir ei hafi nákvæmlega skoðað þeirra dauðu líkami, bæði vegna þess að þeir hafi grunlausir verið um að þetta tilfelli skeð hefði af mannavöldum, og að óþolandi lykt hafi verið af líkömunum, og hryllingur í þeim af að horfa uppá þá svona útleikna, en sumt sem þeir fundið hafi af fatatagi segir deponentinn verið hafi blóðugt, en hann kveðst helst hafa ímyndað sér að þetta væri úr rúmi kvenfólks og væri tíðablóð. ...

Framstóð þarnæst, ***vinnumaður Japhet Bjarnason í Stapakoti***, sem af réttinum tilkvaddur gefur að öllu leyti samkvæman vitnisburð hreppstjóra Jóni Sigurðssyni og vinnumanni Guðmundi í Stapakoti um það hvör til brennunnar hafi sagt á Illhugastöðum, hvönær hún skeð hafi og hvörnin allt hafi þar fyrirfundist, og leggur það til að hann kveðst sjálfur strax þeinkt hafa að bruninn væri orsakaður af mannavöldum, þar svo mikilar blóðugar fataleifar hefi fundist í öskunni.[71] Þó kveðst hann ekki hafa haft orð á þessu við aðra sem með sér hafi verið, ei heldur grennslast eftir því hjá Agnesi og Sigríði.

---

[69] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 166-167.

[70] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 169-170.

[71] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 232.

*Þáttur Jóhannesar vinnumanns:*

Framstóð aftur, 23, ***vinnupiltur Jóhannes Magnússon,*** 20 ára gamall og confirmeraður og ber honum að öllu leyti saman við hitt Stapakotsfólkið um hvörninn til /233 hafi gengið með brennuna á Illhugastöðum og hvör frá henni hafi sagt með meiru, en segist hvörki hafa skoðað þá dauðu líkama og ei heldur séð þá blóðugu leppa er þar hafi fundist, *þar hann hafi verið sendur út að Tjörn áður en búið hafi verið að taka upp líkamina*.[72]

*Friðrik gistir í Tungukoti í Hlíðardal:*

/245 Ekkert kveðst Sigríður vita hvort Friðrik hafi borið nokkuð með sér frá brennunni.

/168 Jón í Stapakoti: Friðrik hefði átt að koma að Tungukoti í Hlíðardal snemma að morgni þess fös 14da þ m og hefði sagst hafa verið á ferð um nóttina og sagt sér /169 hafði orðið illt, svo hann hefði ei getað haldið áfram þess vegna, og gert sér til erindis að finna Jóhannes vinnumann í Tungukoti upp á einhvern karlskap, verið þar næstu nótt eftir, og farið svo síðan heim þann 15da þessa mánaðar.

***Daníel kemur frá Geitaskarði að Katadal:* *að sækja Natan.*** *(Laugardagskvöld 15. mars) fer á morðstað og kemur aftur*

**Friðrik:** Eftir að ég kom heim og búið var að ljúka húsbrunanum á Illugastöðum fór móðir mín að spyrja mig að hvort ég hefði engan þátt átt í því, og neitaði ég því.[73] Næsta laugardagskvöld [15. mars] þar eftir kom Daníel frá Geitaskarði að Katadal og sagðist eiga að sækja Natan, og sagði ég honum frá öllu eins og það hafði til gengið. Var Daníel hjá mér um nóttina og fór daginn eftir ofan að Stapakoti og kom aftur á sunnudagskvöldið [16. mars], var hjá mér mánudagsnóttina [17. mars] og kom með frá Sigríði af mér í dag umvitnuðu boð. Daginn eftir þriðijudag í brekkunni að sýna punginn, sjá þýfið:

**Sigurður faðir F:** /183 Næsta laugardagskvöld, eftir að brunnið hafði á Illhugastöðum, hafi Daníel frá Geitaskarði komist að Katadal, og hafi sagst eiga að sækja Nathan vestur að Illhugastöðum og hafi ei verið á honum að heyra að hann búinn væri að frétta fráfall Nathans, en hafi frétt það hjá sér. **[þjóðleið liggur þá um Katadal]** en hafi á sunnudaginn farið sjálfur ofan að Illhugastöðum og Stapakoti, og verið hjá sér nóttina eftir, og hafi þeir Friðrik og hann öðru hvoru verið á tali, sem hann ei hafi heyrt neitt af og á mánudaginn hafði Friðrik gengið með honum skammt uppí brekkuna fyrir ofan fjárhúsin sjá: Þýfið:

---

[72] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 232-233.

[73] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 192.

Næsta laugardag eftir að morðið var framið kveðst Daníel sendur hafa verið frá húsbónda sínum vestur að Illhugastöðum, að sækja Nathan, og kveðst hann þá hafa í Katadal frétt um afgang hans og hafi Friðrik sagt sér hvörnig það hefði til gengið.[74]

*Rannsókn Jóns í Stapakoti - fer til sýslumanns, etc:*

/167 þær báðar komið með prestinum, hvers leið lá um Illhugastaði. Kveðst hann svo hafa verið með prestinum sama daginn út að Tjörn, gist hjá honum nóttina eftir og farið síðan á laugardaginn þann 15. Þessa mánaðar af stað til að segja sýslumanninum frá þessum húsbruna og gist næstu nótt þar eftir á Refsteinsstöðum og komið á sýslumannsins heimili á áliðnum degi þann 16da þ. m. gist þar næstu nótt eftir, og meðtekið frá honum þá hér í dag framlögðu skikkun, að skoða nákvæmar þeirra innibrunnu manna líkami, og komist sama dag á leið til baka og aftur að Vesturhópshólum.

Haldið síðan áfram þann 18da vestur að Tjörn og hafi presturinn sent sama kvöld til bónda Árna Skúlasonar í Tungu, hver komið hafi strax morguninn eftir að Tjörn, hvar deponentinn var um nóttina.[75] Miðvikudaginn þann 19 þ.m. segir hann að þeir Árni og hann hafi farið fram að Illhugastöðum og hafi bóndi Þorsteinn Bjarnason í Hlíð á Vatnsnesi farið með þeim, þar hann hafi þá verið staddur á Tjörn og átt leið framhjá Illhugasstöðum, og hafi þeir þá í Þorsteins nærveru fyrirtekið þá hér í dag framlögðu skoðunargjörð, hverja deponentinn kveðst reiðubúinn að staðfesta með sáluhjálpareiði, eins og þennan sinn framburð, þegar óskað verði. Eftir það kveðst hann hafa heim /168 komið sama dag og hafi þá bæði Agnes og Sigríður hjá sér verið, og hefði sér sagt verið að þær hefðu verið þar á hverri nóttu, meðan hann burtu var, eins og gert hafi verið ráð fyrir, áður hann heiman fór. Kveðst hann þá heyrt hafa getið um að farið hefði verið í búr á Illhugastöðum einhverja nóttina meðan hann hafi í burtu verið, og hrært þar í eldivið, en sjálfur kveðst hann ei hafa þetta skoðað á fimmtudagsmorguninn.

***Sýslumaður kemur í Katadal:***

**Þing 2 á Tjörn á Vatnsnesi:**

Setti sýslumaður Blondahl einn extrarétt að Tjörn á Vatnsnesi með undirskrifuðum þingvottum, til ennú að framhalda prófi í þeirri á Stóruborg í fyrradag meðhöndluðu morðssök.[76]

---

[74] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 200.

[75] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 167-168.

[76] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 172-173.

Strax í gærmorgun þá gott veður var komið, ferðaðist sýslumaðurinn ásamt hreppstjórunum vestur að Katadal, sem liggur afsíðis í miðjum fjallaklasa, og arrestaraði þar strax þann Friðrik Sigurðsson, sem það umhöndlaða morð skal framið hafa, rannsakaði þar síðan öll hús og hirðslur, samt önnur fylgsni er sáust, án þess að geta þar var orðið neinna þeirra fjármuna sem að líkindum tilheyrt gætu dánarbúi Nathans Ketilssonar. Einasta fundust þrjú ólarbeisli, öll með járnstöngum, niðri í kistu vinnukonu þar, Þórunnar Eyvindsdóttur, hvorja hún sagði Friðrik plagaði mest að ganga, og þar bóndinn Sigurður Ólafsson, faðir Friðriks, ekki vildi við þau kannast sem sína eign, og ei heldur Þórunn, hvörri þó Friðrik strax eignaði eitt beislið. Sömuleiðis fannst ein yfirgjörð í gullakistli Þórunnar, er hún sagði Friðrik eiga og tjáist fundið hafa næstliðið haust. Þessi þrjú beisli og yfirgjörðina tók því sýslumaðurinn með sér. Að þessu búnu varð ei tími til að fyrirtaka neina /173 yfirheyrslu, þar dagur var að kvöldi kominn, hvörs vegna sýslumaðurinn hélt með Friðrik til þessa heimilis (Stóruborgar væntanlega), er næst var þá Katadal, og hefur Friðrik verið hér í nótt vaktaður af hreppstjóranum í Þverárhrepp, Eggert Jónssyni og bónda Guðmundi Jónssyni á Refsteinsstöðum.

## A, S og J sinna fénu á Illhugastöðum:

*Sunnudagskvöldið 16. mars: Daníel S og A fara saman:* **Sjá líka: Jóhannes felur með þeim þýfi og veit í raun:**

/200 Daníel: Á sunnudeginum kveðst hann farið hafa ofan að Illhugastöðum og Stapakoti, *en getur ei gjört grein fyrir hvaða erindi hann hafi þangað átt*. Segir hann þær Agnes og Sigríður hafi þá gengið með sér út að Illhugastöðum og hafi tekið peningapung í fjósinu og kveðst hann þá hafa sagt við þær, þá hann sá peningana, að það væri nú mátulegt á þær að hann segði frá öllu saman, fóru þær þá inn í eldhús með punginn, komu síðan fram, og gefið sér eður fengið 7 peninga, sem þær haldið hafi að væru spesíur. **[þekkja ekki peninga, krúttin]** Hafi Sigríður fengið sér 5, en Agnes 2. Þessa peninga hefur Daníel í viðurvist þingvottanna í morgun tekið uppúr smiðjugólfi að Skarði, og voru þeir hér fyrir réttinum sýndir, og voru þá 4 spesíur danskar, 1 dönsk króna, 1 þýsk spesía, samt danskur peningur frá 1723 sem vegur rúmlega móti 2/3 spesíu.

Þar fyrir utan segir hann þær hafi fengið sér pung með peningum sem þær hafi beðið sig annaðhvört að geyma eður

afhenda Friðrik hann.[77] Kveðst hann síðan farið hafa upp að Katadal,

**Friðrik er fyrst spurður um þýfið! Þing 2** /173 Hann er svo fyrst aðspurður, hvað hann gjört hafi við þá fjármuni sem hann borið hafi úr baðstofunni á Illhugastöðum, og segist hann hafa næstliðna þriðjudagsnótt tekið þá úr hlaðanum aftur og flutt þá útí skúr, sem er framundan skemmuhólnum á Illhugastöðum, hvar hann kveðst hafa brennt það í fjörunni, og hafi sjórinn jafnóðum tekið öskuna. Á sunnudagskvöldið næst áður segir hann vinnumaður  Daníel Guðmundsson frá Litla-Skarði /174 hafi komið að Vatnsdal?, og hafi hann komið með boð til sín frá þeim Sigríði og Agnesi og þær hefðu beðið sig að ná þessu úr eldiviðarhlaðanum, og gjöra eitthvað við það.

**Friðrik:** Eftir að ég kom heim og búið var að ljúka húsbrunanum á Illugastöðum fór móðir mín að spyrja mig að hvort ég hefði engan þátt átt í því, og neitaði ég því.[78] Næsta laugardagskvöld [15. mars] þar eftir kom Daníel frá Geitaskarði að Katadal og sagðist eiga að sækja Natan, og sagði ég honum frá öllu eins og það hafði til gengið. Var Daníel hjá mér um nóttina og fór daginn eftir ofan að Stapakoti og kom aftur á sunnudagskvöldið [16. mars], var hjá mér mánudagsnóttina [17. Mars

**Þing 3 á Miðhópi, Sigríður 3:** /195 Sigríður viðkannast nú einninn að hafa tekið á móti peningapung sem fundist hafi í kofforti Nathans eftir morðið, og hún kveðst geymt hafa í fjósinu á Illhugastöðum þangað til Daníel komið hafi. Næsta sunnudag eftir segist hún þá hafa ásamt Agnesi fylgst með honum útað Illhugastöðum og kveðst þá hafa eftir Agnesar ráðleggingu tekið peningapunginn úr fjósinu og úr honum 3 specíu, sem hún eftir Agnesar tilmælum /196 hafi gefið Daníel, og 2 specíur sem hún hafi fengið Agnesi. Í peningum kveðst hún halda að þá hafi eftir verið í fríðum peningum 12 til 13 specíur og í smáskilingum á að geta uppí 3 til 3 spesíur. Punginn með þessu kveðst hún fengið hafa Daníel og beðið hann annaðhvort að færa hann Friðrik í Katadal eður geyma hann sjálfur til vorsins. Undir eins hafi þær Agnes beðið Daníel að skila til Friðriks, að honum væri best að ná því sem fólgið væri í eldiviðarstaflanum áður en farið yrði betur að rannsaka á Illhugastöðum.

---

[77] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 200-201.

[78] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 192.

*Mánudagskvöld:*

***Jóhannes Magnússon**, hann grunar**:*** /233 en kvöldinu áður kveðst hann hafa farið með Agnesi og Sigríði út að Illhugastöðum til að smala, og hafi þær ekkert verið búnar að gjöra af því sem þær hefðu átt að gjöra þá hann kom aftur frá smalamennskunni, og gengið þá uppí tóft og spurt sig að hvört hann hefði ekki séð neinn mann á ferð. Annars kveðst hann aldrei hafa séð þær hafa neina peninga handa á milli, og ei kveðst hann hafa getað að komist að þær væru neitt að brennunni valdar, jafnvel þó hann hefði verið að grafast eftir því. **[hann grunar]**

*Þriðjudagsmorgun 18. mars:*

/164 Agnes viðkannast að hún næstliðinn þriðjudagsmorgun hafi ásamt Jóhannesi í Stapakoti séð að stafurinn hafi verið rifinn undan búrinu og eitthvað hrært við eldiviðarhlaðanum, en ekki vitað hvort eður hve mikið úr honum hafi verið tekið. Kveðst hún halda að kveikt hafi verið ljós um nóttina, því hvít rjá hafi verið í öskustónni um morguninn og hún hafi séð að hrært hafi verið við eldinum.

***vinnupiltur Jóhannes Magnússon**, hann grunar**:*** /233 viðkannast að hafa ásamt Agnesi séð þriðjudagsmorguninn næstan eftir brennuna að í búrið hafði verið farið og hafi sér ekki virðst Agnesi finnast mikið um það, ***vinnupiltur***

*Miðvikudagskvöld 19. mars:*

/164 Hafi Friðrik beðið sig áður en þau skildu að ná glasi sem verið hafi í kassa í búrinu með skeiðvatni og sagst sér kynni að liggja á því og kveðst hún hafa sagt honum að hún héldi að hún gæti það ekki og ei hafa viljað gjöra þetta og næstliðið miðvikudagskvöld hafi glasið verið þar.

## Þýfið:

/245 Ekkert kveðst Sigríður vita hvort Friðrik hafi borið nokkuð með sér frá brennunni.

Almennt: S: Ekki kveðst hún vita neitt um hvar Nathan haft hafi peninga sína og ei hafa orðið vör við að Friðrik fyndi neitt af þeim, ei heldur vita neitt hvað hafi í koffortunum verið.[79] Friðrik hafi tekið annað koffortið, bláa treyju af Nathan og fötin úr rúmi hans, sem hann með /164 tilstyrk þeirra Sigríðar hafi falið í eldiviðarhlaða í búrinu.

Friðrik: /207 Sigríður, segir hann, hafi hjálpað þeim til að koma því stolna fyrir í eldiviðarstaflanum, hvar hann tjáir ei meira hafa geymt verið en fundið var í Katardal og þar nálægt þann 24ða

---

[79] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 163-164.

þ.m. og það sem brennt var í skúrnum, samt hamarinn er hann myrti mennina með hvörn hann ei tjáist fundið hafa seinni nóttina. Þetta, með lífilfjörlegu af bankabyggi og reiðbuxur Nathans heitins, segir hann að þær Agnes og Sigríður hafi falið í moðbás í fjósinu og hafi þær þaðan horfnar verið seinni nóttina.

**Morðvopnið:**

/207 ... hamarinn er hann myrti mennina með hvörn Friðrik ei tjáist fundið hafa seinni nóttina.

**Peningapungur og silkislæða:**

/205 Daníel segir að Sigríður hafi sjálf haldið eftir einni spesíu þegar hún hafi fengið sér punginn.

**Þing 3 á Miðhópi, Sigríður 3:** /195 Sigríður viðkannast nú einninn að hafa tekið á móti peningapung sem fundist hafi í kofforti Nathans eftir morðið, og hún kveðst geymt hafa í fjósinu á Illhugastöðum þangað til Daníel komið hafi. Næsta sunnudag eftir segist hún þá hafa ásamt Agnesi fylgst með honum útað Illhugastöðum og kveðst þá hafa eftir Agnesar ráðleggingu tekið peningapunginn úr fjósinu og úr honum 3 specíu, sem hún eftir Agnesar tilmælum /196 hafi gefið Daníel, og 2 specíur sem hún hafi fengið Agnesi. Í peningum kveðst hún halda að þá hafi eftir verið í fríðum peningum 12 til 13 specíur og í smáskilingum á að geta uppí 3 til 3 spesíur. Punginn með þessu kveðst hún fengið hafa Daníel og beðið hann annaðhvort að færa hann Friðrik í Katadal eður geyma hann sjálfur til vorsins. Undir eins hafi þær Agnes beðið Daníel að skila til Friðriks, að honum væri best að ná því sem fólgið væri í eldiviðarstaflanum áður en farið yrði betur að rannsaka á Illhugastöðum.

/242 **Peningapungur** sá, er Sigríður kveðst Daníel afhent hafa, uppástendur hún sé sá sami sem hún séð hafi Nathan fara með norður fyrir bæinn áður hann hafi seinast burtu farið, og hún hefur áður um vitnað, og viðkannast hún að hafa úr honum tekið **eina spesíu** áður, sem hún hafi Daníel afhent og kveðöst hún hafi gefið móður sinni þessa spesíu, þá fyrst var þingað í máli þessu á Borg, og kveðst hún hafa spesíuna tekið fyrir 2 ríkisort (courant var ígildi 24 skildinga, skrifari Eggerts neðanmáls) heil og lamb sem hún átt hafi hjá Nathan.[80] Þessa spesíu afhenti bóndi Jón á Stóruborg, stjúpfaðir Sigríðar, ótilkvaddur sýslumanninum í þessari ferð, og sagði eins frá og Sigríður hvörnin hún væri til sín komin. Þessi spesía er nú Sigríði sýnd og þekkir hana fyrir þá

[80] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 242-243.

sömu sem hún hafi móður sinni gefið. Er þessi spesía mikið blökk, og segir Sigríður að orsökin þar til sé sú að Agnes hafi geymt hana í vasa sínum ásamt **glasi með kvikasilfri** í, og hafi Agnes sagt sér að tappinn farið hafi úr glasinu og silfrið utan um spesíuna, við hvað hún hafi blakknað, og hefur Agnes sagt sýslumanninum að öllu leyti eins frá þessu. Glas þetta, með því sem eftir hafi verið af kvikasilfri í því, kveðst hún hafa fengið Daníel.

**Þing 3 á Miðhópi, miðvd 26. mars 1828, Agnes 3:**

/197 Peninga þá sem í pungnum hafi verið segir hún Nathan hafi tekið seinasta daginn sem hann lifði, og sagt að það væri í honum uppá 20 spesíur í silfurpeningum, fyrir utan smáskildinga, sem hún ei hafi vitað hvað miklir hafi verið. Þær 2 spesíur sem Sigríður hafi sér fengið úr pungnum kveðst Agnes hafa gefið Daníel fyrir utan þær 5 sem Sigríður hafi fengið honum til eignar, en punginn hafi þær beðið Daníel að geyma.

**Þing 6 að Hvammi, þriðjudag 1. apríl 1828, inngangur um þýfið:**

... setti sýslumaður Blondahl einn extrarétt að sínu heimili, Hvammi í Vatnsdal, með undirskrifuðum þingvottum, til enn nú að framhalda vitnaleiðslu í þeirri þann 29da þ.m. seinast meðhöndluðu morðssök.[81] Er þess nú fyrst að geta, að síðstnefndan dag sendi bóndi Sigurður Ólafsson í Katadal, sýslumanninum, ótilkvaddur, þann af Friðrik deginum áður umvitnaða peningapung, ásamt silkislæðunni, hvað hann tjáist fundið hafa einmitt á þeim stað, er Friðrik hafði tilvísað. Undir eins afhenti Sigurður sýlumanninum skriflega undirrétting um fund þessara peninga m.m., sem hér er farmlögð og mörkuð litr. D., svohljóðandi: Fyrrnefndur pungur er af sýslumanninum í tveggja votta /209 nærveru opnaður, og fundust í honum fylgjandi peningar: 4 xxxx danskar spesíur, ein ditto utanríkis 23 xxxx xxxx, 1/3 spesíu, 4 gamlir áttskilingar, 1 rigsbankmark, xxxx xxxx í smáskildingum.

Þing 7 Stóruborg Agnes: Agnes viðkannast að Sigríður hafi tekið eina specie úr **peningapyngjunni** áður en hún var Daníel afhent og hafi hún ekkert um við sig getið að hún átt hefði þessa speciu hjá Nathan.[82] Hún neitar að hafa heyrt Daníel hóta að koma upp morðinu þann dag er þær afhentu honum peningana á Illhugastöðum. Ekki tjáist hún þora að segja að það hafi verið

---

[81] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 208-209.

[82] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 219-220.

speciur sem hún tók með, en það hafi verið peningar í specíustærð.

## Það sem þau brenndu:

**Þing 5 að Þingeyrum, laugardag 29. mars 1828, Friðrik 4:**

... setti sýslumaðurinn Blondahl einn extrarétt seinni daginn að Þingeyrum með undirskrifuðum þingvottum, til enn nú að framhalda prófi í þeirri hér í gær seinast meðhöndluðu morðsök.[83] Friðrik Sigurðsson í Katardal, sem nú er aðspurður hvað hann til muni að brennt hafi verið á Illhugastöðum af fjármunum og segir hann að það verið hafi 2 brekánsgarmar, 3 rekkjuvoðir, koddaver af röndóttu boldangi, allur íverufatnaður Péturs heitins Jónssonar sem hafi verið svo lélegur að þau ei hafi viljað nýta, nærpeysa af natahn seamt lélegur hálsklútur og skinn-kasket, kúffort með 3 flöskum, einnin glasi tómu og 2ur ónýtum stokkum og miklu af bréfarusli, töluvert í bókum sem hann ei kvaðst vita hvorjar eða hvað margar verið hafi en segir að Agnes muni vita það nákvæmar, einn gamall xxxx og þar fyrir utan eitthvað af fatnaði er þær Agnes og Sigríður hafi átt. Eftir fleiru kveðst hann ei muna, en **seinni nóttina sem Gísli** hafi með sér verið, kveðst hann brennt hafa síða sæng svo ei hafi eftir verið utan nokkuð af verinu, eina rekkjuvoð, eina valduks skyrtu og eitt trog og kveðast hann hafa brennt mest af þessum fatnaði vegna þess að það hafi verið blóðugt og þar til hafi hann ætlað sér færi á að kanna þau á undan svo ei á bæri. Ekki kveðst Friðrik geta ágiskað hvað það brennda hafi kunnað að kosta utan hvað hann haldi að brekánið og /207 rekkjuvoðirnar hafi ei verið yfir 40 fiska virði. ... **það sem brennt var í skúrnum**, [vildu ei að eldur sæist loga?]

Ekkert kveðst Agnes vita hvað mikið brunnið hafi af hvorju fyrir sig, því eftir að búið hafi verið að kveikja í rúminu sem líkamarnir hafi í legið hafi *allt fyllst með svælu*, svo þau hafi ei getað þar inni verið.[84]

Af sínum eigin fötum segist Agnes brennt hafa **pilsgarm**, **skyrtugarm** á peysu og viti hún ei betur en þar hafi og svo brunnið **hattur** sem hún hafi átt, og hafi hún brennt þetta í þeim tilgangi að gjöra líklegt að húsið brunnið hefði af voðaeldi.[85] Agnes viðkannast að brennt hafi verið á Illugastöðum það sem Friðrik hefur frásagt, en **bækurnar** kveðst hún ei geta nafngreint, utan xxx xxx sálmabækurnar, annar partur Bastholm

---

[83] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 206-207.

[84] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 220.

[85] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 220.

höfuðlærdóma, grasnytjabók, reikningsbók, 2 kver um litunargjörð og eitthvað af dönskum **lækningabókum**, samt barnalærdómurinn í dönsku. Ekkert kveðst hún geta ágiskað hvörs virði þetta hafi kunnað að vera.

/244 Af sínum fötum segist Sigríður brennt hafa á Illhugastöðum ónýtan peysugarm, sem ekkert gagn hafi af verið, og kannski eitthvað af sokkum. Ekki kvaðst hún heldur vita neitt hvað brennt hafi verið í baðstofunni þar hún hafi aldrei inní baðstofuna komið frá því byrjað hafi verið með morðið, og til þess að búið hafi verið að kveikja í baðstofunni, utan alls einu sinni rétt sem snöggvast.

***Tekið saman brennt þýfi F og A, það virt til fjár Gísli og Guðmundur Ketilsson:***

Þau Friðrik og Agnes kannast við að brenndir hafi verið, fyrir utan það sem þau eru áður búin frá að segja: 2 marka askur, 1 tréskál og 1 trébolli og enn **10 merkur af lýsi**.[86] Kveðst Friðrik halda að þau eytt hafi með brennunni, það sem brennt hafi verið bæði, fyrri nóttina. Kemur þeim saman um að vera kunni 20 ríkisbankadala silfurs virði, með hverja virðingu bóndi Guðmundur Ketilsson, sem hér er viðstaddur, sín eigin og annarra meðerfingja Nathans heitins vegna, gjörir sig ánægðan. En það sem seinni nóttina hafi verið brennt er metið 11 ríkisbankadala silfurs virði, sem þeir Gísli Ólafsson, sem hér er og svo staddur og Friðrik, samt fyrrnefndur bóndi Guðmundur Ketilsson gjöra, hefur hreppsstjóri Jón Sigurðsson í Stapakoti og bóndi Björn Guðmundsson á Ytri-Völlum, eftir sýslumannsins fyrirsögn, sem /255 kunnugir, virt á 7 ríkisbankadali silfurs á móti hvorri virðingu þær seku persónur ekk tjást neitt hafi á móti. En bæði administrator Ólsen sem umboðsmaður jarðarinnar og bóndi Guðmundur Ketilsson meina að þetta sé of lítið virt. Enga frekari upplýsing eður meðkenning er af þeim Friðrik, Agnesi og Sigríði að fá, og játa þau sinn framburð rétt bókaðan, dimitteruð.

**Reiðbuxur og grjónapoki og fleira: sjá víðar ... í Þýfi:**

***Sigríður*** var nú aftur fyrir réttinn kölluð /254 og segir hún það hafi getað verið, að Friðrik ekki hafi vitað hvað í grjónapokanum hafi verið, en klæðið hafi verið kyrrt í fötum sínum þar til Jóhannes hafi tekið á móti því.[87]

***Agnes*** var nú aftur fyrir rétttinn kölluð og samanborin við Friðrik, og segir hún, að Friðrik muni ekki hafa séð að hún og Sigríður hefðu verið búnar að láta það í dag umvitnaða klæði og

---

[86] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 254-255.

[87] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 253-254.

dúk ofaní grjónapokann, sem grafinn hafði verið í moðbingnum í rjáfinu.[88]

Friðrik: /207 Sigríður, segir hann, hafi hjálpað þeim til að koma því stolna fyrir í eldiviðarstaflanum, hvar hann tjáir ei meira hafa geymt verið en fundið var í Katardal og þar nálægt þann 24ða þ.m. og það sem brennt var í skúrnum, samt hamarinn er hann myrti mennina með hvörn hann ei tjáist fundið hafa seinni nóttina. Þetta, með lífilfjörlegu af bankabyggi og reiðbuxur Nathans heitins, segir hann að þær Agnes og Sigríður hafi falið í moðbás í fjósinu og hafi þær þaðan horfnar verið seinni nóttina.

/250 Ekki viðkannast Friðrik að hann hafi vitað til **klæðis** þess og **dúks** sem þær Sigríður Agnes hafa frásagt að falið hafi verið í moðbingnum, en hann kveðst grafið hafa poka með **bankabyggi** í og **reiðbuxur** í moðbing í fjósinu, en strangi segir hann hafi komið upp úr koffortinu, sem **grátt vaðmál** hafi verið vafið utan um, og hann ei hafi eftir grennslast hvað í hafi verið.[89]

Daníel: /208 Þó bætir hann af réttinum þar um spurður við, að hann hafi heyrt þær Agnesi og Sigríði segja að reiðbuxur Nathans heitins væru geymdar í fjóstóftinni á Illhugastöðum, en ei hafi hann heyrt þær nefna neitt um grjónapokann.

Við **grjónapokann og reiðbuxurnar** kannast Agnes eins og Friðrik hefur frásagt að þær fyrst hafi falið útí fjósi, en síðan segir hún að þær hafi látið grjónapokann inní búr, svo hann inn hafi komið fyrir, ásamt öðru sem þar var, en reiðbuxurnar hafi þær fyrst látið upp í heytóft en tekið þær þangað aftur, rifið þær síðan í sundur og kastað þeim útí sjó, þar þær hafi verið blóðugar.[90] Ekkert segir hún að Friðrik hafi burtu borið frá Illugastöðum þá nótt er morðið var framið.

Sigríður segir að þær hafi falið **grjónapoka** og **reiðbuxur** Nathans heitins í fjósinu og þar fyrir utan hafi þær falið þar **blátt klæði**, sem hafi veirð efni í eina treyju handa Nathan, annað stykki og svo af **bláu klæði** sem átt hafi að fara í treyju handa sér, og partur af **svörtu klæði** á að giska um alin, **grátt klæði** vaðmál, sem svarað hafi til einna karlmannsbuxna, stykki af **hvítum þildúk** sem fara hafi átt í fóður undir treyju Nathans heitins, og á að geta um alin af **dökku flauel**i.[91] Þetta segir hún þau hafi falið í moðbásnum vegna þess það hafi í ógáti eftir orðið, þá búið hafi

---

[88] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 253.

[89] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 250.

[90] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 220.

[91] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 243.

veirð að fela hítt í eldiviðarhlaðanum nóttina sem brennt hafi verið. Grjónapokann segir hún þær hafi síðan látið aftur inní búrið strax daginn eftir en hitt hafi þær látið útí heytóft. En næstliðið mánudagskvöld þar eftir segir hún að þær Agnes hafi tekið reiðbuxurnar sem verið hafi blóðugar og kastað, skorið þær í sundur og kastað þeim útí sjó.

Þegar Jóhannes kom heim frá smalamennskunni /244 segir hún að þær hafi spurt hann að hvort hann hafi séð mann á ferð, þar þær hafi verið hræddar um að hann mundi hafa séð til þeirra þá þær gengu frammí skerið til að kasta út **buxunum** og þetta sama kvöld hafi þær sagt Jóhannesi frá því áðurnefnda **klæði, dúk og flaueli**, að það hefði verið hjá sparifötum sínum sem og hefði legið í baðstofunni þá brunnið hefði, og langaði þær til að koma því undan.[92] **[Jóh amk í vitorði þjófnaðar]** Hafi hann þá boðist til að fela það fyrir þær, og mælst til að fá gráa vaðmálið í staðinn. **[vinnufólk stendur saman, heldur betur og mikið eiga þær auðvelt með að tala þessa stráka til]** Hafi Jóhannes farið með þetta fremst frammí smiðjuskerið, og falið það þar millum kletta. Aldrei segir hún þær hafi sagt Jóhannesi frá morðinu og hann hafi heldur aldrei á þær gengið um það. Áður en þær hafi farið burt frá Stapakoti austur að Stóruborg segir hún að Jóhannes hefði beðið þær að þegja yfir því sem hann hefði falið fyrir þær og kæmist það upp að segja að þær hefðu falið það sjálfar.

**Friðrik frh:** Ekki viðkannast Friðrik að hann hafi vitað til **klæðis** þess og **dúks** sem þær Sigríður Agnes hafa frásagt að falið hafi verið í moðbingnum, en hann kveðst grafið hafa poka með **bankabyggi** í og **reiðbuxur** í moðbing í fjósinu, en strangi segir hann hafi komið upp úr koffortinu, sem **grátt vaðmál** hafi verið vafið utan um, og hann ei hafi eftir grennslast hvað í hafi verið.[93]

**Meðöl Natans:** sjá víðar:

/263 Friðrik viðkannast nú að *móðir sín hafi verið búin að biðja sig um meðöl Nathans heitins*, ef hann kæmist yfir þau, og

**Koffortið:**

***Gísli segir að Þorbjörg*** hafi spurt sig að hvað í **koffortinu** væri, og hafi hann svarað eins og Friðrik hafi sér ráðlagt að það væri ýmislegt rusl.[94] Friðrik segir hann hafi sagt sér að hann ætlaði móður sinni meðölin sem voru í koffortinu, en hvört hann

[92] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 243-244.
[93] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 250.
[94] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 221-222.

/222 hafi sagt að móðir sín hafði beðið sig um þau kveðst hann ei muna. Ekkert segir hann þau hjónin í Katadal hafi beðið fyrir að leyna því sem hann vissi um Friðrik.

/264 Daginn eftir segir Friðrik Þorbjörg hafi ráðið þeim til að grafa koffortið í moðbing í hesthússtóftinni.

***Þorbjörg:*** /226 Kveðst hafa skipað þeim Friðrik og Gísla að fara eitthvað á burt með koffortið, og það sem þeir höfðu fólgið í fjóstóftinni, en kveðst ei muna til að hún hafi ráðið þeim til að grafa það uppí hesthúsinu. /227 Pálinn kveðst Þorbjörg brúkað hafa í búri sínu oft til að stinga uppúr því flögu kringum pott, daginn sem koffortið var grafið gruni hana að hann hafi verið í búrinu.

og /283 *ekkert kveðst Gísli til muna að Þorbjörg hefði vísað þeim til að færa koffortið í fjártóftina, þegar þeir kæmu með það frá Illhugastöðum.

Framstóð aftur 17, ***Ingibjörg Sigurðardóttir*** 12 ára gömul, barn hjónanna í katadal og ókonfirmeruð, en skýr og greind að heyra.[95] Hún er af réttinum ítarlega áminnt um að segja sannleikann, og fæst lengi vel ekkert svar af henni, en loks neitar hún öllu því sem hún er aðspurð. Loks kannast hún þó við að hún hafi séð þá Gísla og Friðrik færa það umvitnaða **koffort** úr heytóftinni og grafa það inní fjósvegginn, en ei kveðst hún muna að móðir sín væri þar við. Svo kindur Natans.

### *Lykillinn að koffortunum: Agnes fleygði út í sjó*

Ekki kveðst Agnes til vita að neinir fleiri hafi verið í vitorði um þetta morð /198 en nú er framkomið, og neitar einnig að vita neitt til þeirra peninga en sem þær Sigríður hafi frásagt, og enga frekari uppýsingu af henni að fá.[96] Lykillinn að koffortum Nathans, sem hafi einn gengið að báðum, segir hún Sigríður hafi fengið sér, einhvörn tíma eftir brennuna, og hafi hann þangað til verið uppundir í búrinu og kveðst hún *hafa fleygt honum útí sjó*. Agnes játar þennan sinn framburð rétt bókaðan – dimmiteruð.

### *Daníel og F og peningapungurinn: mánudagur 17. mars.*

**Sigurður faðir F:** /183 Næsta laugardagskvöld, eftir að brunnið hafði á Illhugastöðum, hafi Daníel frá Geitaskarði komist að Katadal, og hafi sagst eiga að sækja Nathan vestur að Illhugastöðum og hafi ei verið á honum að heyra að hann búinn væri að frétta fráfall Nathans, en hafi frétt það hjá sér. **[þjóðleið**

[95] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 222.

[96] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 197-198.

**liggur þá um Katadal]** en hafi á sunnudaginn farið sjálfur ofan að Illhugastöðum og Stapakoti, og verið hjá sér nóttina eftir, og hafi þeir Friðrik og hann öðru hvoru verið á tali, sem hann ei hafi heyrt neitt af og á mánudaginn hafði Friðrik gengið með honum skammt uppí brekkuna fyrir ofan fjárhúsin og kveðst hann hlaupið hafa með bréf er komast hefði átt með Daníel austur yfir fjall og hafi þá Daníel setið uppi í brekkunni, en Friðrik staðið hjá honum og segir hann hafa komið þar til þeirra, en /184 ei segist hann hafa séð þá hafa neitt handa í milli. Hafi þeir kvaðst þar og hafi Daníel þakkað Friðrik þægilegheitin, eður eitthvað þeirrar merkingar. Ekki kvaðst depon. Kunna neitt ófrómt eður óráðvant til Friðriks að segja að undanförnu, en bæði sér og konu sinni hafi hann verið óhlýðinn og óþægur. Meiri upplýsing er ei af deopn. Að fá og játan hann sinn framburð rétt bókaðan. Dimitteraður.

Friðrik: /192 Var Daníel hjá mér um laugardagsnóttina og fór daginn eftir ofan að Stapakoti og kom aftur á sunnudagskvöldið [16. mars], var hjá mér mánudagsnóttina [17. mars] og kom með frá Sigríði af mér í dag umvitnuðu boð. Daginn eftir þriðjudag þá hann fór á stað gekk ég með honum upp í brekkuna fyrir ofan húsin og sýndi hann mér þá peningapung þann, sem þær Sigríður og Agnes höfðu fengið honum og hafði Sigríður tekið hann einhvers staðar á Illugastöðum, og sagðist ekki treysta sér til að geyma hann, og sýndist mér þá fara minna fyrir þessum pung en um nóttina á Illugastöðum. Settumst við niður uppi í brekkunni og fórum að telja peningana, og minnir mig þeir væru þá 10-12 sp. mynt í silfri, og lítið eitt í smáskildingum, og bundum við svo punginn aftur og vorum að tala um hvort hann skyldi hjá mér eftir vera, eða Daníel með hann fara, og í því kom faðir minn út. Fleygði ég þá pungnum og gekk á móti föður mínum, en ég held að Daníel hafi tekið með sér punginn. Frekari upplýsingar eð meðkenning var ei af Friðrik að fá, og játar hann framburð sinn rétt bókaðan. Dimmitteraður. Þar nú er komið langt fram á nótt er Sigurði, Gísla og Þórunni gefið heimferðarleyfi, en Friðrik og Þorbjörg verða hér fyrst til morguns og er réttinum svo upp sagt. Actum ut supra. J. Skaptason, Blöndal, Jónsson.

Daníel: Þar fyrir utan segir hann þær hafi fengið sér pung með peningum sem þær hafi beðið sig annaðhvört að geyma eður afhenda Friðrik hann.[97] Kveðst hann síðan farið hafa upp að Katadal, og hafi þá Friðrik spurt sig að, hvort hann hafði nokkra peninga frá þeim Agnesi og Sigríði, og kveðst Daníel hafa neitað því, en einasta sagt honum frá pungnum, og hafi Friðrik þá viljað fá hann hjá sér. Hafi hann svo fylgst með sér upp í brekkuna fyrir ofan húsin, hvar þeir hafi sest niður og talið í pungnum /201 og

---

[97] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 200-201.

hafi í honum verið uppá 13 spesíur í silfurpeningum og eitthvað af smáskildingum, sem þeir ekki hafi talið. Friðrik segir hann þar í brekkunni hafi tekið við pungnum, og látið hann í vestisvasa innan á vestinu og gjört ráð fyrir að grafa hann í kofa fyrir sunnan bæinn í Katadal. Ekkert kveðst Daníel til vita að fleiri hafi verið í vitorði um þetta morð en fram er komið, og segir hann Friðrik hafi fortekið að bróðir sinn vissi nokkuð af þessu, en hann teldi að móðir sín hefði einhvörn grun af því. Hvörnin sem við er leitast, er enga frekari upplýsing eður meðkenning af Daníel að fá. Fyrir utan áður umgetna peninga tók Daníel uppúr sama stað í morgun 6 og 2/3 spesíur danskar, hvörja hann segist sjálfur eiga og hafa hjá ýmsum fengið. Alla þessa peninga tekur sýslumaðurinn fyrst um sinn til geymslu, en Daníel verður hér undir vöktun í nótt. Actum ut supra Blondahl, J. Skaptason, Bjarni Jónsson.

***ferð F og G að Illhugastöðum: mánudagskvöldið 17. mars:***

**Þorbjörg með í ráðum um að sækja þýfi en ekki brenna:** /263 Friðrik kveðst hann hafa sagt Sigríði og Agnesi frá þessu, og þeirri fyrrnefndu, að móðir sín væri í vitorði /264 með í öllu þessu áformi. Þó kveðst Friðrik *ei hafa sagt móður sinni frá að hann hafi ætlað morðið að framkvæma, seinast þá hann hafi til þess farið*, en þegar hann hafi aftur komið, kveðst hann hafa sagt Gísla frá öllu eins og til hafði gengið, en foreldrar sínir hafi sig ekkert eftir því spurt. En líklega mun Gísli hafa sagt henni frá því öllu eftir sér, þar hún hafi næsta mánudag eftir brennuna boðið þeim Gísla og sér mat áður en þeir af stað færu, og sagt þeir mundu ei koma svo fljótt aftur, og hafi þá spurt sig að, hvað þeir ætluðu að gera við það, sem í hlaðanum væri falið, og kveðst hann hafa þar til svarað, að hann ætlaði að brenna það allt upp, og hafi hún þá talið það úr, og sagt að þeir skyldu heldur koma með það í fjóstóftina í Katadal, og það kynnu að verða einhvör ráð til að leyna Sigurð því.

**Móðir Þorbjörg:** Næstliðið mánudagkvöld /185 segir hún að þeir Friðrik og Gísli hafi farið eitthvað í burt, og sagst ætla að leita að fé sem vantaði, komið heim aftur um nóttina og morguninn eftir sagði Gísli mér, segir Þorbjörg, að ég skyldi ekki bregðast ókunnuglega við þó ég sæi eitthvað hreyft við heyjum í fjártóftinni, og spurði ég hann að hvar helst það væri, og sagði hann það væri fyrir norðan stabbann. Þurfti ég þar enga umgöngu að hafa og grennslaðist ekkert þar um. Kveðst hún hafa talað til við þá Friðrik og Gísla að þeir tækju það burt úr fjóstóftinni og hafi þeir því grafið það í fjósveggnum eftir því sem þeir hafi sagt sér. Heldur segir hún að Friðrik hafi verið sér óhlýðinn árið áður

en hann fór að Hólum, en síður þetta ár, og yfirhöfuð ætíð of óhlýðinn. Enga frekari upplýsing eða meðkenning er af Þorbjörgu nú að fá, og er tregt að fá svör af henni og játar hún það framanskrifaða rétt bókað. Dimitteruð.

S faðir F: / 182 En sama daginn sem Friðrik hafi heim komið kveðst hann hafa frétt af húsbrunanum á Illhugastöðum og þess vegna fengið strax grun á Friðrik, en þó ekki hafa spurt hann þar um. *Næstliðinn mánudag* viðkannast Sigurður að Gísli hafi við sig talað eins og hann hefur frá sagt, og kveðst hann hafa bannað honum að fara neitt að Illhugastöðum. Um kvöldið hafi þeir sagt að vantað hafi af fénu og farið þá báðir burt og komið aftur einhvörn tíma um nóttina og kveðst hann þá ekkert hafa við þá talað. En annað hvört morguninn eftir eður þó heldur ekki fyrri en næstliðinn miðvikudagsmorgun, kveðst hann leitað hafa í öllum sínum tóftum og húsum, hvort þeir hefðu þar ekkert fólgið, og hafa þá orðið var við einhvern böggul í fjóstóftinni, sem hann vegna pínandi gremju ei /183 hafi getað fengið af sér að rannsaka. Kveðst hann svo hafa kallað á Gísla út og sagt honum að þeir yrðu endilega strax að koma í burt þeim andskota sem þeir hefðu látið í sín hús, og hafi þetta burtu verið horfið um kvödlið án þesss hann hafi séð neinn bera það í burtu.

Ekkert kveðst Sigurður vitað hafa um það af þeim Friðrik og Gísla umvitnaða koffort eður að það hafi á sitt heimili komið.[98]

Gísli: /177 og nú *næstliðinn mánudag* beiddi Friðrik mig að fara með sér ofan að Illhugastöðum og ná þaðan með sér nokkru af því er hann hefði fólgið í eldiviðarhlaða þar í búrinu og líf sitt kynn við að liggja að hann gæti í burtu náð. Fór ég þá til Sigurðar bróður míns og sagði honum að ég væri hræddur um að Friðrik réði eitthvað til hvernig mennirnir á Illhugastöðum hefðu dáið, og að hann vildi fá mig enn á ný ofan að Illhugastöðum til að ná þar einhverju og þætti líf sitt liggja við. Fannst mér Sigurði verða bylt við þetta en leyfði mér hvorki né bannaði að fara með Friðrik. Létum við svo við fólkið sem vantaði af fénu og lékumst ætla að fara að leita að því og gengum þá ofan að Illhugastöðum seint um kvöldið. Slóð þá Friðrik stafinn undan búrinu því ég vildi ei að hann snéri í sundur frá lásinn sem fyrir því var. Reif hann þar uppúr eldiviðarhlaða í myrkrinu eitthvað af rúm- og íverufötum, en ekki varð ég var við að hann tæki þar neitt koffort. Segir hann þeir hafi farið með þetta frammí skúr nálægt bænum, og tókum með okkur eld og eldivið og kveiktum þar upp eldinn og brenndum þar upp nokkuð af rúmfatnaði, ég má segja sæng og rekkju /178 voð en hvað það var meira veit ég ekki. En þar mér leiddist að standa yfir þessu lengur tók hann seinast eitthvað af

---

[98] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 183.

fötum, vafði innan í brekán og bárum við það heim að Katadal og kastaði Friðrik þessu inní fjóstóft þar.

**Friðrik er fyrst spurður um þýfið! Þing 2** /173 Hann er svo fyrst aðspurður, hvað hann gjört hafi við þá fjármuni sem hann borið hafi úr baðstofunni á Illhugastöðum, og segist hann hafa næstliðna þriðjudagsnótt tekið þá úr hlaðanum aftur og flutt þá útí skúr, sem er framundan skemmuhólnum á Illhugastöðum, hvar hann kveðst hafa brennt það í fjörunni, og hafi sjórinn jafnóðum tekið öskuna. Á sunndagskvöldið næst áður segir hann vinnumaður Daníel Guðmundsson frá Litla-Skarði /174 hafi komið að Vatnsdal, og hafi hann komið með boð til sín frá þeim Sigríði og Agnesi og þær hefðu beðið sig að ná þessu úr eldiviðarhlaðanum, og gjöra eitthvað við það. Segir hann að Daníel hafi vitað áður þessa ráðagjörð, sem þær Agnes og Sigríður hafi verið búnar að segja honum. ... Enga peninga kvaðst Friðrik fundið hafa eftir Nathan utan lítið eitt sem Friðrik hafi tekið við, en það sem verið hafi af því smíðuðu silfri eður öðrum metal í koffortunum segist hann allt brennt hafa. Kvöldinu áður en hann hafi tekið þetta úr hlaðanum, hafi hann farið að heiman í full björtu, og sagt fólki í Katadal, að hann ætlaði að leita að kindum sem sig vantaði, en komið heim aftur fyrir miðnætti um nóttina. Meira afsakar Friðrik sig frá að geta nú sagt og er svo frá réttinum dimitteraður. **[hann er í áfalli sem sagt]**

***Þriðjudagur 19. mars seinni ferð F og G að Illugastöðum:***

**Panik, Friðrik finnur ekki morðvopnið:** /207 ... hamarinn er hann myrti mennina með hvörn Friðrik ei tjáist fundið hafa seinni nóttina.

Gísli: [þótt hann viðurkenni morðferðirnar reynir hann enn að neita þýfi, gróðavon enn, vandræðalegt, þarf að eta ofan í sig daginn eftir] /178 Ítarlega aðspurður neitar depons að hafa orðið var við að Friðrik hafi neitt koffort á Illhugastöðum tekið eður þar með farið, og kveðst enga frekari / 179 upplýsing geta gefið og játar sinn framburð rétt bókaðan. Dimitteraður.

Friðrik Sigurðsson var nú aptur fyrir réttinn kallaður.[99] Viðkannast hann að Gísli hafi með sér farið ofan að Illhugastöðum *næstliðna þriðjudagsnótt*, og hafi þeir borið heim að Katadal koffortið, sem falið hafði verið í hlaðanum á Illhugastöðum, og grafið það morguninn eftir inní fjósvegg á Katadal, hvar það enn muni geymst vera. Lykilinn að því kveðst hann ei hafa, þar hann hafi látið hann uppundir raft í fjósinu á Illhugastöðum nóttina sem brennt var, en verið horfinn þaðan seinna þá hann kom ofar eftir með Gísla, og kveðst hann halda að Sigríður eða Agnes hefðu tekið hann, en böggulinn kveðst hann

---

[99] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 179.

falið hafa millum steina, skammt fyrir framan bæinn Katadal, sem hann þá glöggrar vísar. Þar næst var Gísli aftur fyrir réttinn kallaður og saman borinn við Friðrik og **viðkannast hann nú Friðriks framburð um koffortið** og hvar það sé niður komið.

/206 Eftir fleiru kveðst Friðrik ei muna, en **seinni nóttina sem Gísli** hafi með sér verið, kveðst hann brennt hafa síða sæng svo ei hafi eftir verið utan nokkuð af verinu, eina rekkjuvoð, eina valduks skyrtu og eitt trog og kveðast hann hafa brennt mest af þessum fatnaði vegna þess að það hafi verið blóðugt og þar til hafi hann ætlað sér færi á að kanna þau á undan svo ei á bæri. Ekki kveðst Friðrik geta ágiskað hvað það brennda hafi kunnað að kosta utan hvað hann haldi að brekánið og /207 rekkjuvoðirnar hafi ei verið yfir 40 fiska virði.

**Jóhannes felur með þeim þýfi og veit í raun:**

Þegar Jóhannes kom heim frá smalamennskunni /244 segir hún að þær hafi spurt hann að hvort hann hafi séð mann á ferð, þar þær hafi verið hræddar um að hann mundi hafa séð til þeirra þá þær gengu frammí skerið til að kasta út **buxunum** og þetta sama kvöld hafi þær sagt Jóhannesi frá því áðurnefnda **klæði, dúk og flaueli**, að það hefði verið hjá sparifötum sínum sem og hefði legið í baðstofunni þá brunnið hefði, og langaði þær til að koma því undan.[100] **[Jóh amk í vitorði þjófnaðar]** Hafi hann þá boðist til að fela það fyrir þær, og mælst til að fá gráa vaðmálið í staðinn. **[vinnufólk stendur saman, heldur betur og mikið eiga þær auðvelt með að tala þessa stráka til]** Hafi Jóhannes farið með þetta fremst frammí smiðjuskerið, og falið það þar millum kletta. Aldrei segir hún þær hafi sagt Jóhannesi frá morðinu og hann hafi heldur aldrei á þær gengið um það. Áður en þær hafi farið burt frá Stapakoti austur að Stóruborg segir hún að Jóhannes hefði beðið þær að þegja yfir því sem hann hefði falið fyrir þær og kæmist það upp að segja að þær hefðu falið það sjálfar.

**Þýfið sem Jóhannes faldi:**

/257 Sýsli *hefir síðan varla getað sjúkdóms vegna á fákum dregist*.[101] En gaf undir eins frá þingi 8 Miðhópi hreppstjóranum í Þverárhrepp ordrur til vegna framburðar þeirra Agnesar, Sigríðar og Friðriks, að sækja vinnupiltinn Jóhannes Magnússon á Stapakoti og flytja hann hingað, ásamt því er hann kynni vilja þeim tilvísa af því frá Illhugastöðum stolna góssi. Velnefndur hreppstjóri og bóndi Ari Eiríksson á Neðri Þverá hafa því í dag hingað flutt téðan Jóhannes, ásamt því er þær Agnes og Sigríður hafa tilvitnað að hjá honum væri fólgið og þeir segja að hann eftir

---

[100] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 243-244.

[101] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 256-257.

nokkra veigrun hafi vísað þeim á falda í klettaskoru við sjó millum Stapakots og Illhugastaða og er þetta hér fyrir réttinum skoðað og fyrir finnst sem flylgir: grátt vaðmál tæpar 4½ alin á lengd og circa 3½ qr á breidd. Þeldúkur hvítur 4 alin á lengd og ekki full alin á breidd. Blátt klæði 1¾ alin á lengd og nær 2 álnir á breidd; ditto 1 alin á lengd, og nær því 2 álnir á breidd, dökkt ditto ekki full 1 alin á lengd, og 1 1/8 alin á breidd, dökkt menselter ekki full 1 alin á langd og nær því jafnt á breidd. Hvalseinni og er þetta allt til samans af þingvottunum metið 16 rbd og 2 marka nefndar verðs virði.

## Þýfið falið í Katadal:

/255 Þorbjörg viðkannast að hún af orðum Gísla hafi fengið grun um erindi þeirra Friðriks og Gísla, þá þeir hafi verið ofan að Illhugastöðum til að sækja koffortið, /255 Þorbjörg viðkannast að hún hafi kunnað að tilgreina hesthúsið sem þeir gætu látið koffortið í. [meðsek]

***Gísli:*** En morguninn eftir hafði Sigurður bróðir minn farið að grennslast eftir hvort við nú hefðum með nokkuð komið og hafði þá orðið var við þennan pjanka í fjóstóftinni og skipaði mér að segja Friðrik að taka hann burtu.[102] Sagði og svo Friðrik frá þessu og tók hann þennan bagga í burtu um leið og hann fór að smala, og sagðist Þórunn Eyvindsdóttir hafa séð hann bera eitthvað á bakinu þar frameftir, en hvað hann hefur af honum gjört veit ég ekkert og hefi heldur ekki spurt hann að því. Enga aðra nótt en þá tilnefndu síðan morðið skeði hefur Friðrik í burtu verið, hvað ég glöggt veit, þar við sofum saman.

/ 186 Ekki kveðst Gísli muna hvort Þorbjörg hafi verið í fjósinu þegar þeir voru að grafa koffortið í veggnum, en þegar þeir hafi verið búnir að því hafi þeir skilið eftir pálinn í básnum og hafi Sigurður skömmu síðar farið að spyrja eftir honum og hafi Þorbjörg þá sagt hann væri fram í búri, og hafi því hvorki hann eða Friðrik borið hann þangað. Meiri upplýsing er ennú ei af Gísla að fá. Dimitteraður.

/203 ***Daníel*** uppástendur að pungurinn með peningunum hafi orðið eftir hjá Friðrik þegar þeir skilið hafi í brekkunni fyrir ofan Katardal og meðgengur Friðrik nú að hann hafi við pungnum tekið og segir hann að í honum hafi verið 4 spesíur gamlar, 1 xxxx xxxx, 6 spesíur í ríksortum heilum og þar fyrir utan 2/3 spesía, 1 ríkisort, 1/6 spesíu, 3 eða 4 gamlir áttskildingar og 1 fimmskildlinga peningur, en smáskildingana kveðst hann ei hafa talið. Punginn með þessum peningum kvaðst hann falið hafa í fjárhúskofa sunnan undir bænum í Katardal og stungið /204 honum þar upp undir raft í ytri mænisásinn, nærri í enda við gafl

---

[102] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 178.

í kofanum rétt upp yfir garðanum og sé lítið framar á sama ás lítil silkislæða sem hann hefi tekið frá Illhugastöðum.

Þarnæst kom laus og liðugur fyrir réttinn sá áður yfirheyrði ***Gísli Ólafsson*** í Katadal, sem af réttinum ítarlega aðspurður, stendur ennú við sinn í þessari sök áðurgefna framburð.[103] Þó viðkannast hann nú, að Friðrik hafi sagt sér frá að Daníel hefði fært honum **pung** með 6 eður 7 spesíum í, sem fundist hefðu eftir Nathan, og hefði hann [**N**] **falið hann í kofanum** fyrir sunnan bæinn, en ei hafi hann tilgreint hvar helst í kofanum þeir væru, en aldrei hafi Friðrik sagt sér frá neinum öðrum peningum sem hann hafi orðið hönd hafandi að eftir Nathan. Gísli þrætir fyrir að hann hafi nokkurn tíma lofað Friðrik að hjálpa honum til að stela peningum Nathans, þegar hann í fyrra sinn fór með honum að Illugastöðum og aldrei hafi hann á honum heyrt, að hann neitt vissi til peninganna, sem fólgnir voru í kofanum, og hafi hann helst haft á orði, að hann mundi gjöra honum seinni vísbendingu um það, og hann kynni að biðja hann að koma þeim til Elínborgar systur sinnar sem er á Súluvöllum. Ennú er Gísli margvíslega aðspruður hvört hann ekkrt frekara til viti að þau hjónin í Katadal hafi verið **í vitorði** með Friðrik, og neita hann því harðlega, en bætir þó við, að eftir að hann hafi verið búinn að segja Þorbjörgu frá koffortinu sem þeir Friðrik hafi komið með frá Illhugastöðum, hafi hún ráðið þeim til að grafa það uppí **Hesthússtóft**, en þetta segist Gísli ekki hafa viljað, þar hann hafi verið hræddur um að bróðir sinn Sigurður mundi verða var við það, og hafi þau því ráðið af að grafa það í **fjósvegginn**, en hvört Þorbjörg hafi verið viðstödd á meðan eður ekki kveðst hann ei muna.

***Þórunn:*** /224 Um peninga þá er Sigurður í Katadal fann í kofanum þar, ber Þórunni að öllu leyti saman við það sem Sigurður hefur þar um frá sagt. Sjá: peningapungurinn:

Þarnæst kom laus og liðugur fyrir réttinn ***bóndi Sigurður Ólafsson í Katadal***, sem kveðst með eiði reiðubúinn að /225 staðfesta það sem hann framborið hafi í því þann 1sta þ.m. í réttlögðu skrifi, í tilliti til þeirra í Katadal af honum fundnu **peninga**.[104]

*Daníel í geymslu hjá sýslumanni í Hvammi:*

## Skeiðvatnið:

---

[103] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 221.

[104] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 224-225.

/164 Segir Agnes Friðrik hafi orðið sér samferða framhjá Stapakoti um nóttina, þá hún hafi verið að segja frá eldinum og hafi hann þá gert ráð fyrir að fara fram í Hlíðardal. Hafi hann beðið sig áður en þau skildu að ná glasi sem verið hafi í kassa í búrinu með skeiðvatni og sagst sér kynni að liggja á því og kveðst hún hafa sagt honum að hún héldi að hún gæti það ekki og ei hafa viljað gjöra þetta og næstliðið miðvikudagskvöld hafi glasið verið þar.

/252 Ekki kveðst Friðrik hafa verið búinn að ákvarða skeiðvatnið, sem hann hafi ætlað að taka á Illhugastöðum neinum vísum, en kveðst hafa viljað eiga það til, ef hann kynni að komast í fjandskap við einhvörn tímann. Annars segir Friðrik að þær Agnes og Sgiríður hafi verið búnar að gjöra ráð fyrir að gefa Pétri inn úr skeiðvatnsglasinu, xxxx xxxx áður en hann færi að drepa Nathan, svo þessi væri ekki nema einn /253 við að eiga, en þessu hafi þær ei getað viðkomið.

Kvikasilfur:

/269 réttur 11 Stóruborg: Þarnæst kom laus og liðugur fyrir réttinn inquisitum Daníel Guðmundsson, sem hefur verið í sýslumannsins heimili síðan hann seinast var yfir heyrður, og er nú hingað með sýslumanninum kominn til samanburðar við þær Sigríði og Agnesi.[105] Á leiðinni í morgun var Daníel í Miðhópi samanborinn við Sigríði í þingvottanna nærveru, og stóð Sigríður þá við sinn fyrra framburð um að Daníel hefði tekið við glasinu sem kvikasilfrið hefði verið í og sömuleiðis hvað Sigríður sjálf séð hefði bréf það, er Daníel hefði skrifað Agnesi, eins og áður er um vitnað, en fyrir hvörju tveggja þrætti Daníel nú sem fyrri.

**Friðrik þagði um þýfið svo Gísli mætti njóta:**

/204 Tjáist Friðrik nú hingað tildregið hafa að segja frá þessum peningum vegna þess að Gísli í Katardal hafi haft grun á þeim og kveðst hann hafa ætlað seinna að skipta því með honum hvar þeir væru, svo hann fengi að njóta þeirra, en hvorki móðir sín né aðrir hafi neitt af peningunum vitað.[106] Peningar þeir er fundist hafa hjá Daníel eru nú Friðrik sýndir. Þeir nefnilega í gær fyrrnefndu 7 peningar og kveðst hann halda að það séu þeir sömu sem hann hafi meðtekið hjá þeim Sigríði og Agnesi þar hann kvaðst séð hafa 2 af þeim, einkum engelska hjá Nathan í vetur.

---

[105] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 269.

[106] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 204-205.

**Menn frá réttinum sækja þýfið í Katadal:**
**Þing 2 á Tjörn mán 24. mars 1828, sagt frá leit í Katadal:**

Í dag hafa 2 menn sendir verið frá réttinum til að leita að þeim af Friðrik og Gísla tilsögðu fjármunum, hvorjir þeir eru nú með komnir, tjáist fundið hafa á þeim tilvísuðu stöðum.[107]

**Þýfið skoðað og skráð:**
**Þing 3 á Miðhópi, inngangur um þing 2:**

/194 Koffortið sem sótt var í fyrradag að Katardal og sömuleiðis fatapakki sem var fram á dalnum var allt af réttinum skoðað og koffortið opnað til að sjá hvað það hefði inni að halda og fundust ei xxxx xxxx /195 á engar á því en xxxx xxxx xxxx talsverðir fjármunir. Þetta var þar næst af réttinum xxxx og tilsent hreppstjóra Jóni Sigurðssyni á Stapakoti og þessum sagt að uppskrifa og virða það ásamt öðrum eftirlátnum fjármunum Nathans heimilis enn þá sér skylt.

## Samsekir: *Gísli frá 1 ferð til morðs*

***Þau óttast Friðrik:*** kemur víða fram, hjá Agnesi, Sigríði og Gísla amk, Daníel minnir mig

Daníel er aðspurður hvörs vegna hann ei hafi opinberað húsbónda sínum ráðagjörð þeirra um að fyrirkoma Nathan, og svarar hann þar til, að það hafi hann ekki þorað vegna þess hann hafi þá verið hræddur um að það mundi verða hljóðbært, og hafi hann þá /260 **óttast fyrir að Friðrik mundi drepa sig**, ef hann opinberaði það.

**Faðir óttast skapvonsku Friðriks:**

/239 Sigurður er aðfpurður, hvörs vegna hann hafi leyft Friðrik svo mikil ferðalög næstliðinn vetur þar hann þó hafi haft grun á áformi hans, og kveðst hann hafa gjört það mest þess vegna, *að sér hafi leiðst að heyra til þeirra Friðriks og Þórunnar*, **[vill losna við rifrildi úr húsinu]** eftir að farið hafi verið að kólna millum þeirra, og líka hafi hann *óttast fyrir þykkju og kalsinni* af Friðrik ef hann synjaði honum um þetta.

### *Samstaða náinna:*

***Ólafur föðurbróðir:*** /230 Ekki kveðst depon. Hafa vogað að segja Friðrik frá þessari Gísla sögn eður ráða honum frá morðinu, þar Friðrik kynni þá að hefna þess á Gísla, ei heldur að opinbera það sýslumanninum eður Nathan, þar það mundi leiða af sér að prófyrði farið að taka í því, og Friðrik þá fyrir allt þræta og Gísli kunnað að verða ærulaus þar fyrir.

---

[107] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 185.

## *Foreldrar Friðriks:*

Ítarlega aðspurð kveðst Sigríður hafa spurt Friðrik hvort enginn á heimili hans vissi af þessu og hafi hann neitað því, utan hvað hann ei hafi fortekið að móðir sín kynni að hafa grun af því.[108] Hafi þær þá spurt hann hvernig hann ætlaði að koma þessu fyrir sem hann hafði grafið í eldiviðarhlaðanum, og hafi hann ei svarað öðru þar til en „það fer einhvern veginn“ og enga fleiri kveðst hún vita vera í vitorði með honum.

Bæði sér og Sigríði segir Agnes að Friðrik hafi sagt að þó þær segðu frá þessu morði skyldi hann segja þær ljúga það.[109] Ekkert kvaðst hún tilvita að neinir fleiri hafi verið í vitorði um þetta morð en þeir sem Sigríður hefur frásagt, en heyrt kveðst hún hafa Friðrik segja að móðir sín kynni að hafa grun um það og hafi hún einhvern tíma í vetur spurt sig að hvað hann ætlaði að ferðast og hefði hún svarað /165 henni að hún skyldi ei spyrja sig að því, því ef hann segði henni ekkert, þá vissi hún ekkert. Hann hafi mikið fortekið að faðir sinn vissi nokkuð um þetta.

/174 Friðrik: Hann fortekur að neinir fleiri séu í vitorði með en Daníel og áðurskrifaðar stúlkur, en hann segir, að móðir sín mundi hafa haft grun á að hann hefði illan hug til Nathans og oft eggað sig á að gjöra ekkert illt til þess húss, og forðast að koma þangað.

Gísli: /178 Ekkert veit ég til að foreldrar Friðriks eður neitt annað fólk í Katadal sé í vitorði um þetta, en móðir hans hefur spurt mig að síðan morðið var framið, hvort hann mundir vera að því valdur. Hefi ég sagt að vera mundi það, en þó ekki gert meira orð á því við hana, og Friðrik varð reiður við mig þegar ég sagði honum að ég hefi sagt föður hans frá til hvers við færum ofanað Illhugastöðum þá seinast nefndu nótt.

/ 183 Ekkert kveðst Sigurður vitað hafa um það af þeim Friðrik og Gísla umvitnaða koffort eður að það hafi á sitt heimili komið.[110] Ekkert kveðst hann heldur til vita eður hafa getað að komist, að kona sín hafi verið í vitorði með Friðrik um þetta, en einungis hafa heyrt í hennar sama grun um það sem hann sjálfur hafi haft. Kveðst hann hafa tekið henni vara fyrir að láta þá ei koma neinu fyrir í búri hjá sér. ...

---

[108] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 161.

[109] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 164-165.

[110] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 183-184.

/204 Friedrich segir að faðir sinn og móðir hafi bæði ráðið sér frá því að framkvæma morðið þar þau hafi heyrt á sér að hann í galsa hafi verið að gjöra ráð fyrir að drepa Nathan og kveðst hann hafa sagt föður sínum að þessi kynni að hafa á sinni að drepa bæði sig og þá bræðurna, eða þá heldur sagt Gísla þetta og hafi faðir sinn ei að síður ráðið sér frá að framkvæma morðið, en Agnes hafi sagt sér að móðir Friðriks hafi /205 sagt við Agnesi eitt sinn þá xxxx [hún?] komið hafi að Katardal að mikið væri að eitthvað af kvenfólkinu sem til Nathans færi og hann höndlaði svo illa með yrði honum ekki nógu heitt eða kalt, og hafi Agnes sagst hafa þar til svarað „klára tók þá móður í xxxx horfði kacteruð tímalaus“ og hafa sagst hafa þar með meint að það hamlaði mörgum allt [illt?] að gjöra að hann gæti það ekki.

***Gísli sagði föður Friðriks fyrir ferð 2 til morðs:***

Í seinustu viku Þorra mæltist Friðrik til við mig að fara ofan að Illhugastöðum aftur með sér til þess sama, og sagði að ég skyldi biðja bróður minn að lofa mér eitthvað á bæi og hitta sig svo einhvers staðar.[111] **Ég sagði honum frá hvað Friðrik mundi hafa í hyggju** og að hann vildi fá mig til þess með sér og bað ég Sigurð að synja mér þó ég beiddi hann í Friðriks áheyrn að lofa mér á bæi, og bað hann svo fólkið heyrði að lofa mér ofan að Súluvöllum og neitaði hann mér um það.

**Faðir:** *staðfestir sögu Gísla:* **sjá:** *Faðir vissi hvað Friðrik hafði í hyggju en hleypti honum samt af stað: afsökun hattur, mjólk og brennivín: og Þýfið, ferð F og G að Illhugastöðum:*

**Þing 2 Sigurður bóndi Ólafsson í Katadal:**

Þar næst framstóð 9, tjáist vera 47 ára, fæddur í Ytri-Svartárdal í Goðdalakirkjusókn í Skagafjarðarsýslu, og farið úr téðri sýslu 23 ára eður þar um bil vestur að Ölkeldu í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu, hvar hann viðurloða verið hafi tveggja ára tíma, og síðan farið hingað til Húnavatnssýslu, og hafi þar síðan dvalið.[112] Af réttinum ítarlega áminntur um að segja sannleikann, framleggur hann skrifað blað með sinni hendi, sem hann segir að innihaldi sinn vitnisburð í þessari sök og er það lesið og markað litr. C., svohljóðandi: Eftir þessum framburði kveðst hann fús vilja sverja.

***Sigurður í Katadal:*** /225 Að öðru leyti kveðst hann standa við sinn í þessari sök áðurgefna framburð, og **neitar** harðlega

[111] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 176-178.
[112] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 181-183.

fyrir frekari **meðvitund** eður hluttekning í því á Illhugastöðum framda **þjófnaði og morði**.

## Móðir:

Ár 1828 þann 30. apríl setti sýslumaður Blondahl einn extrarétt að Stóruborg, með undirskrifuðum þingvottum til enn nú að framhalda rannsókn í þeirri seinast í gær meðhöndluðu morðs- og þjófnaðarsök.[113] Kom svo laus og liðugur fyrir réttinn inquisitum Gísli Ólafsson í Katadal, sem af réttinum tilkvaddur kveðst standa við sinn í sökinni áður gefna framburð og *neitar að Þorbjörg í Katadal, hafi nokkurn tíma átt tal við sig um áform Friðriks með að myrða Nathan, áður en það hafi skeð*, en af eftirlátssemi hennar við Friðrik í öðrum /283 hlutum, hafi hann haldið, að hún hafi aftrað honum lítt frá því

*Aldrei* kveðst Elínborg hafa orðið vör við /277 *áform Friðriks um að myrða Nathan*, og aldrei hafi hún hann séð síðan morðið skeði.[114] Elínborg viðkannast að Þorbjörg og Friðrik hafi einhvörntíma í fyrravetur verið að tala um að ná kofforti Nathans, sem þau hafi meint peningar væru í, en ekkert kveðst hún muna hvörninn ráð hafi verið gjört fyrir að ná því, en sér hafi fundist það vera beggja þeirra vilji.

/255 Þorbjörg viðkannast að hún af orðum Gísla hafi fengið grun um erindi þeirra Friðriks og Gísla, þá þeir hafi verið ofan að Illhugastöðum til að sækja koffortið, /255 Þorbjörg viðkannast að hún hafi kunnað að tilgreina hesthúsið sem þeir gætu látið koffortið í. [meðsek]

/250 Friðrik viðkannast, að hann hafi sagt þeim Agnesi og Sigríði, að hann *ætlaði móður sinni* **meðölin** sem voru í koffortunum, þar hann hefði heyrt móður sína áður óska, að hún ætti þau og kvaðst /251 mundi þekkja þau. Friðrik viðkannast að einhvör lík orð hafi farið á milli *móður* sinnar og hans, eins og Gísli hefur frásagt, þegar þeir komu einu sinni frá Illhugastöðum, en *ei segist hann halda að hún hefði þá vitað að hann hefði í áformi að drepa Nathan, heldur að ná peningum hans*. Einu sinni kveðst Friðrik til muna að **móðir hans hefði eggjað sig af að drepa Nathan**, en ekki oftar.

Friðrik *neitar að móðir sín hafi haft meiri vitund eður hluttekningu í morðunum en hann hefur frásagt*, þó hafi hún ekki aftrað sér frá því utan einu sinni, en þótt hann hafi oftar um það við hana talað en einu sinni, og hann kveðst halda að hana grunað hafi, hvað þeir Gísli og hann ætluðu að erinda, þá þeir Gísli sóktu koffortið ofanað Illhugastöðum um nóttina, því hún hefði boðið

[113] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 282-283.
[114] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 276-277.

þeim mál að borða, þar hún hafi gjört ráð fyrir að þeir mundu ei koma aftur svo fljótt.[115]

F: Eftir að ég kom heim og búið var að ljúka húsbrunanum á Illugastöðum fór móðir mín að spyrja mig að hvort ég hefði engan þátt átt í því, og neitaði ég því.[116]

**Þing 2 á Tjörn Þorbjörg Halldórsdóttir bóndakona í Katadal 1:**

Þar næst kom laus og liðug fyrir réttinn 10, móðir Friðriks en kona Sigurðar, sem er 42 ára gömul, fædd á Hofi í Vatnsdal í Undirfellskirkjusókn og hefur hér í Húnavatnssýslu allan sinn aldur alið.[117] Að undanförnu hefur henni ekki tiltalað verið fyrir nein lagabrot. Af réttinum ítarlega áminnt um að segja satt. Neitar hún að hafa verið neitt í vitorði með því umhöndlaða morði, en segist þó hafa haft grun um að Friðrik ætlað hafi eitthvað illt að framkvæma, vegna þess að hann hafi átt svo mikið heimuglegt tal við Gísla sem hún hafi þó oft bannað honum, en þótt hún hafi ei neitt óskikkanlegt til Gísla þekkt. Líka kveðst hún hafa beðið Friðrik að hrinda frá sér ef hann hefði nokkurt illræði í sinni, við hvað hann hafi þagað, en gefið sér í skyn að Nathan kynni að ætla sig að drepa. Hún kannast við að Friðrik hafi ei heima verið þegar brann á Illhugastöðum, og hafi gjört ráð fyrir að fara fram að Tungukoti, en þegar hann hafi aftur komið, og hún hafi verið búin að frétta af brennunni, kveðst hún hafa spurt hann að hvört hann væri að þessu valdur, og hafi hann sagt ekki mundi fara að segja henni frá því og hún skyldi ei spyrja sig að því.

**Þing 3 á Miðhópi, inngangur:** Í gærmorgun var Þorbjörg í Katadal /194 á ný yfirheyrð án þess að hún fremur við kannast vildi neina frekari hlutdeild eða meðvitund á sökinni.

### *Þorbjörg neitar næstum öllu og lætur líða yfir sig:*

**Þing 7 Stóruborg:** Framstóð þarnæst ***bóndakona Þorbjörg Halldórsdóttir í Katadal***, sem enn nú er á marga vegu aðspurð, hvörn þátt hún eigi í þessari meðhöndluðu sök.[118] Neitar hún enn nú að hafa meiri þátt í henni átt en hún hefur frá sagt, og hvorninn sem leitast er við að toga orð út úr henni er það að mestu forgefins. Einninn neitar Þorbjörg að hún beðið hafi Friðrik um meðöl Nathans heitins, eða hafa vitað af áformum hans, þá hann hafi á stað farið. ... [sjá: koffortið:] ... Þrætir og svo fyrir að Friðrik hafi gefið sér í skyn, að hún gæti fengið Illhugastaði eða

[115] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 252-253.

[116] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 192.

[117] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 184-185.

[118] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 226-228.

stúlkurnar fyrir vinnukonur, og að hún hafi talað við Agnesi það sem Friðrik hefur þar um vitnað. Segist vera hjartveik, *og lætur sem líði yfir sig.* Enn þótt hún í öngvitinu dragi rólega andann og rétturinn ei gæti séð hún taki nein látaskipti. Eins þrætir Þorbjörg fyrir að hún hafi sagt börnum sínum neitt, hvað þau skyldu segja /227 hér fyrir réttinum. /227 Margvíslega aðspurð viðkannast Þorbjörg með mestu tregðu að hún hafi fengið vitneskju um að Friðrik skorið hafi 2 kindur, [sjá: *Friðrik stal ám frá Natan og fleirum:]* /228 Yfir höfðu er enga meðkenningu nokkura eður uppplýsingu af Þorbjörgu að fá, hvörninn sem á hana er gengið og er hún því að svo búnu dimitteruð. *Þar svo tregt hefur gengið að fá andsvör úr því hér í dag yfirheyrða fólki, er nú dagur á enda, og komið fram á nótt hvörs vegna réttinum er í /228 þetta sinn uppsagt.* Actum ut supra Blondahl, G. Jónsson, P. Pétursson

**Þing 2 Gísli Ólafsson 2:** Gísli Ólafsson er nú aftur fyrir réttinn kallaður og enn ítarlegar aðspurður, hvort hann ei til vissi að Þorbjörg hefði átt meiri hlutdeild eður vitund í þeim um höndlaða glæp en hann hefur frá sagt.[119] Kveðst hann ekki hafa viljað gjöra meira úr því en það hafi verið, en hugsað að Þorbjörg gæti sjálf bætt við það, og þegar hann enn nú nákvæmar er útaf þessum orðum aðspurður, segir hann að Friðrik hafi gefið sér í skyn einhvern tíma áður en hann framdi morðið að móðir sín mundi vita af áformi sínu, en aldrei hafi Þorbjörg minnst á þetta við sig fyrr en hann hafi sagt henni frá að Friðrik væri búinn að framkvæma morðið og hafi sér /186 heyrst henni fallast um það.

/196 Enn neitar Sigríður að hún til viti, að Þorbjörg í Katadal eður neinn annar eigi frekari þátt í þessu morði en hún xxxx xxxx xxxx, Friðrik hafi sagt sér að einu sinni hafi móðir hans verið að tala um að sig vantaði vinnukonu /197 og hafi Friðrik sagt sér sagt hafa henni lægi ei á að útvega sér vinnukonu svo fljótt, hún kynni að fá aðra hvora vinnukonuna hans Nathans, þó heldur Sigríði og hafi Þorbjörg þar til svarað „ætli hún losist frá honum Nathan eður ætlarðu að fara að drepa hann?“ og hafi Friðrik sagst hafa þar til svarað „nei, þig varðar ei um það“. Ekkert segir hún Þorbjörg hafi um þetta við sig talað, þegar hún kom að Katadal. Meiri upplýsing tjáist Sigríður ei muna að gefa og tjáir þetta rétt bókað – dimitteruð.

/220 Agnes kveðst ekkert muna til samtals þeirra Þorbjargar í Katadal, sem Friðrik hefur frásagt sömuleiðis.

***Ólafur föðurbróðir F á Súluvöllum:*** /230 ei heldur að Þorbjörg hafi verið í vitorði um þetta meira en Gísli hefur frá sagt. Þó hafi hann sagt að þegar þeir Friðrik og hann gistu að Illhugastöðum hafi móðir hans spurt hann að, hvörju farið hafi,

---

[119] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns,* 185-186.

og hafi Friðrik sagst hafa þar til svarað „það varð ekkert af“ hvörju hún hafi svarað „það gilti einu“.

**Annað heimilisfólk saklaust af vitneskju um morðið, en vitandi um þjófnaði:**

Annars segir Friðrik að Þórunn og börnin í Katadal hafi verið leynd allri þessari ráðagjörð.[120]

**Elínborg systir Friðriks:**

*Aldrei* kveðst hún hafa orðið vör við /277 *áform Friðriks um að myrða Nathan*, og aldrei hafi hún hann séð síðan morðið skeði.[121] Elínborg viðkannast að Þorbjörg og Friðrik hafi einhvörntíma í fyrravetur verið að tala um að ná kofforti Nathans, sem þau hafi meint peningar væru í, en ekkert kveðst hún muna hvörninn ráð hafi verið gjört fyrir að ná því, en sér hafi fundist það vera beggja þeirra vilji.

## Daníel í vitorði:

**Þing 3 á Miðhópi, miðvd 26. mars 1828, Sigríður 3:**

Kom svo þar næst laus og liðug fyrir réttinn sú arresteraða Sigríður Guðmundsdóttir, sem af réttinum tilkvödd tjáist standa við sinn áðurnefnda framburð, þó kannast hún nú við að Daníel vinnumaður á Geitaskarði hafi, líkt og Friðrik hefur frásagt, verið í vitorði um morðin, og húsbrunann, sem altíð hafi verið gjört ráð fyrir að framkvæma á eftir til að dylja morðið, en ei segir hún að Daníel hafi í sinni áheyrn hvatt til þessa og ekki heldur latt, en aðvarað þær um að fara varlega svo það kæmist ekki upp.[122]

/196 Sigríður: Sigríður kannast við að seinasta kvöldið sem Daníel verið hafi á Illhugastöðum hafi bæði hún og þær óskað að Friðrik vildi nú koma að framkvæma morðið ef hann ætlaði sér það, og hefði Daníel tjáðst mundi styrkja hann til þess ef hann herti sig upp við það.

**Þing 3 á Miðhópi, miðvd 26. mars 1828, Agnes 3:**

Því næst kom laus og liðug fyrir réttinn sú arresteraða Agnes Magnúsdóttir sem er nú samanborin við Friðrik og Sigríði, og kannast nú við þeirra framburð og kveðst ekki á móti honum bera að því leyti henni við kemur, þó kveðst hún ei muna að Daníel hafi í sinni áheyrn útþrykkilega lofað að styrkja til

---

[120] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 264-265.

[121] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 276-277.

[122] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 195-196.

morðsins, seinasta kvöldið sem hann var á Illugastöðum.[123] **[kærleikar þeirra á milli, vill verja hann?]** Peninga þá sem í pungnum hafi verið segir hún Nathan hafi tekið seinasta daginn sem hann lifði, og sagt að það væri í honum uppá 20 spesíur í silfurpeningum, fyrir utan smáskildinga, sem hún ei hafi vitað hvað miklir hafi verið. Þær 2 spesíur sem Sigríður hafi sér fengið úr pungnum kveðst Agnes hafa gefið Daníel fyrir utan þær 5 sem Sigríður hafi fengið honum til eignar, en punginn hafi þær beðið Daníel að geyma. Agnes viðkannast að Friðrik hafi sagt sér frá fyrirætlun þeirra Daníels uppá Skarði, eins og eftir Friðrik hefur verið innfært. Daníel segja þau Friðrik, Agnes og Sigríður öll sameiginlega að hafi ráðið þeim þess til að drepa Nathan heldur úti, brenna hann síðan upp fram í Skeri, og láta sjóinn taka öskuna og segja að hann hefði gengið eitthvað austur yfir fjall, en þótt óráðlegra að brenna hann inní baðstofunni. Agnes viðkannast, að til orða hafi komið millum Daníels og sín, að þau kynnu að ektast með tímanum.

/202 Daníel segir nú að hann hafi heyrt Agnesi koma upp með að betra mundi vera að drepa Nathan úti og láta hann síðan finnast og kveðst hann þá hafa lagt það til að vissara mundi vera að brenna hann þá upp og láta sjóinn taka öskuna, en að láta hann finnast drepinn.

*innskot Friðrik:* Friðrik fyrir réttinn kallaður og samanborinn við Daníel og kannast við gullpeninginn eins og D hefir frá sagt og að þær S og A hafi sagt sér að D hefði gullpeningnum týnt eins og hann hefur frá sagt.[124] Kom *framhald Daníel og Friðrik báðir:* sömuleiðis /203 viðkannast nú Daníel að þeir F hafi talað saman um það áformaða morð eins og D hefur frá sagt og að hann hafi ráðið mikið frá að brenna Nathan inni heldur úti við sjóinn.[125] Sömuleiðis kannast hann nú við boð þau er hann farið hafi tvisvar sinnum með frá Sigríði og Agnesi eins og Friðrik og þær hafa þar um sagt. En frekari styrk kveðst hann ei hafa lofað þeim ef morðið yrði framkvæmt meðan hann væri þar, en svo að hann vissi ekki hvað hann kynni að gjöra *ef Friðrik herti sig upp til þess*. /203 Um allt samtal og ráðagjörð þeirra Friðriks og Daníels á Geitaskarði þegar þeir hefðu þar fundist ber þeim nokkurn veginn saman, utan hvað Daníel kveðst aldrei hafa hvatt Friðrik til morðsins, ætlað með honum, ætlað að fara til þess xxxx þótt Friðrik í hans áheyrn grimmilega uppástandi það.

---

[123] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 197.

[124] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 202-204.

[125] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 202-203.

**extra réttur 5 seinni dagur Þingeyrum:** Enn uppástendur Friðrik að Daníel hafi hvatt sig til morðsins og kveðst hann hafa uppá Geitaskarði spurt Daníel að hvort honum þætti ei miður að Pétur væri drepinn saklaus og hafi hann þar til svarað hvað hann væri að kæra sig um hann, sem væri fantur bæði til orða og verka.[126]

**Sama þing:** Daníel Guðmundsson kom nú aftur laus og liðugur fyrir réttinn og stendur enn við sinn fyrri framburð og þrætir fyrir enn sem fyrri að /208 hafa hvatt til morðsins og eins að hafa talað það um Pétur Jónsson sem Friðrik hefur þar um frá sagt, og hvernin sem við er leitast er enga frekari meðkenning af honum að fá.[127]

*Agnes fékk bréf frá Daníel með Sauðadráps-Pétri:*

Viðkannast hún, að hún með Pétri Jónssyni fengið hafi **bréf frá Daníel**, hvar í hann hafi afsakað sig frá að geta sjálfur vestur eftir komið, og hafi í bréfinu óskað að einhvör ónafngreindur maður yrði ekki ellidauður hjá sér og Sigríði, og kveðst hún hafa eftir þeirri undangenginni áeggjan þenkt hann mundi meina þetta til Nathans, en sjálfur hafi hann sagt sér, þá hann hafi komið eftir morðið, að hann hefði meint þetta til Péturs.[128]

Þing 8 Miðhópi: Agnes viðkannast að Daníel hafi sagt við Sigríði það sinn þessi hefur framborið, seinasta morgunin sem hann hafi verið á Illugastöðum að það hefði verið mátulegt ef hann hefði verið í hennar sporum, að hann hefði rekið hnífinn í Nathan.[129] Agnes viðkannst að þá Nathan hafi verið dauður hafi hún sagt að nú væri hann ekki að laspúvera sig [skrifari Eggs skilur af sögninni laspra, hallmæla niðra, laspur ásökun ávítur, hafi verið harður við þær og kannski áreita] til eður neitt af kvenfólki. Sömuleiðis viðkannast Agnes að hafa einhvörntíma í haust sagt við Sigríði, að það væri mátulegt að brenna Nathan ellegar gefa honum inn, áður en þau Friðrik og Sigríður hafi verið búin að segja sér frá sínu áformi. Enga frekari upplýsing er ennú af þeim Agnesi og Sigríði að fá, og eru þær svo dimitteraðar.

**Ósvífni Daníels:**

**Extraréttur 10; Hvammi ... því Sýsli er of veikur til að ferðast. Aðeins til að yfirheyra Daníel hinn ósvífna**

[126] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 207.

[127] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 207-208.

[128] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 220.

[129] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 246.

Ár 1828, þann 22 aprilis [þriðjudagur.] setti sýslumaður Blondahl einn extrarétt að sínu heimili Hvammi í Vatnsdal með undirskrifuðum þingvottum, hvar þá eftir sýslumannsins aðvörun mættur ingriditum (skrifari: af ingratus, vanþakklátur) Daníel Guðmundsson frá Geitaskarði, af réttinum margvíslega áminntur og aðspurður, þverneitar Daníel með *blygðunarlausri frekju* [!] að hann hafi nokkurt glas með kvikasilfri fengið hjá þeim Agnesi og Sigríði á Illhugastöðum eður að hafa það nokkurn tíma hjá þeim séð, eður um það beðið.[130] Með sömu *ósvífni* þrætir hann og svo fyrir, að hann hafi nokkurt bréf skrifað eður látið skrifa henni Agnesi, hvorki fyrr né síðar, hvörnin sem hann af réttinum er sannfærður um að þessi hans þrjóska einungis baki honum ógæfu og harðara straff. Daníel er aðspurður hvörs vegna hann ei hafi opinberað húsbónda sínum ráðagjörð þeirra um að fyrirkoma Nathan, og svarar hann þar til, að það hafi hann ekki þorað vegna þess hann hafi þá verið hræddur um að það mundi verða hljóðbært, og hafi hann þá /260 **óttast fyrir að Friðrik mundi drepa sig**, ef hann opinberaði það. Eins þrætir Daníel fyrir að hann hafi talað þeim orðum við Sigríði sem þær Agnes og hún hafa framborið, um að hann skyldi hamar sporann hafa rekið Nathan í gegn þá nótt er Sigríður hjá honum svaf, en Daníel hjá Agnesi, en viðkannast þó að hann hafi hjá Agnesi á nóttunni um þann xxxx vikutíma sem hann á Illhugastöðum hafi dvalið, og hafi Sigríður eina eður tvær nætur hjá þeim sofið í sama rúmi. Enn nú uppá stendur Daníel, að hafa satt frá sagt, um þann áður umritaða gullpening, og hefu ei á móti, að hann kunni verið hafa 5 spesíu virði, en kveðst ekkert vit á því hafa. Hvörninn sem við er leitast er enga frekari meðkenning af Daníel / 261 að fá. Það framanskrifaða játar Daníel rétt eftir sér bókað, utan hvað hann nú segir, að hann ekki hafi sofið hjá Agnesi tvær af þeim nóttum, sem hann verið hafi á Illhugastöðum. Dimitteraður. Actum ut supra. J. Skaptason, Blondahl, Worm Wormsson.

/269 **réttur 11 Stóruborg**: Þarnæst kom laus og liðugur fyrir réttinn inquisitum Daníel Guðmundsson, sem hefur verið í sýslumannsins heimili síðan hann seinast var yfir heyrður, og er nú hingað með sýslumanninum kominn til samanburðar við þær Sigríði og Agnesi.[131] Á leiðinni í morgun var Daníel í Miðhópi samanborinn við Sigríði í þingvottanna nærveru, og stóð Sigríður þá við sinn fyrra framburð um að Daníel hefði tekið við glasinu sem kvikasilfrið hefði verið í og sömuleiðis hvað Sigríður sjálf séð hefði bréf það, er Daníel hefði skrifað Agnesi, eins og áður er um vitnað, en fyrir hvörju tveggja þrætti Daníel nú sem fyrri. og

[130] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 260-261.
[131] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 269.

er svo laus og liðug kölluð fyrir réttinn fanginn Agnes Magnúsdóttir, og stendur hún að öllu leyti við sinn í þessu tilliti gefna framburð, í Daníels áheyrn, og þrætir hann enn nú sem fyrri með blygðunarlausri frekju fyrir það og kveðst ætla í Jesú nafni að þræta fyrir það og aldrei að meðganga það, **þó að hann með 10 vitnum yrði þar um sannfærður**. Þó kveðst hann ætla að standa enn við það sem hann áður hafi í þessari sök meðkennt, en engu frekara þar við bæta. Eftir margar forgefins gjörðar tilraunir, að fá Daníel til frekari meðkenningar, eru þau Agnes og hann frá réttinum dimitteruð. ... **[Daníel er líka „gæi“]**

**Jón föðurbróðir á Gnýstöðum:**

Aldrei kveðst deponentinn heyrt hafa Nathan gjöra ráð fyrir að drepa Friðrik og aldrei hafi hann sagt Friðrik það, en hann kveðst hafa varað þennan vin (Árna í Tungu) að hafa mikil mök við Nathan.[132] Ekki kveðst deponentinn til vita að Friðrik hefði komið á nokkra bæi, frá því morðið var framið, til þess hann var tekinn. Heyrt segist depon. hafa Friðrik rugla um að móðir sín kynni að vita ýmsa hluti, sem ekki þyrfti að segja henni, og að hún kynni að hafa draummann sem segði henni það. Sérílagi neitar depon. að hafa fyrr eður síðan neinn grun eður vitneskju fengið um hvar peningar Nathans séu niðurkomnir, og er enga frekari upplýsingu af honum að fá, og játar hann sinn framburð rétt bókaðan. Dimitteraður.

**Ólafur föðurbróðir á Súluvöllum: veit af morðlöngun, ætlaði eftir morðið að segja frá**

Framstóð aftur, 21, ***bóndi Ólafur Ólafsson á Súluvöllum***, bróðir næst undan gangandi vitnis, sem ítarlega áminntur um að segja sannleikann viðkannast, að einhvörntíma seint á þorranum í vetur hafi Gísli bróðir sinn í Katadal komið til sín og spurt sig að hvörju hann mundi fara, ef hann vissi einhvörn sitja um líf sitt.[133] Kveðst depon. Þá hafa þar til svarað að ef hann ætti höndur sínar og líf að verja, kynni hann að drepa þann hinn sama, en annars ekki. Hafi síðan Gísli sagt sér frá áformi Friðriks í Katadal með að drepa Nathan, og sagt að Friðrik segði, að þessi sæti um líf þeirra þriggja í Katadal. Hafi hann sagst eitt sinn hafa verið með honum að Illhugastöðum, eins og Gísli er búinn frá að segja. Kveðst þá depon. Mikið hafa ráðið Gísla frá þessu, og sett honum fyrir sjónir, að þetta mundi allt vera af Friðrik upplogið til til að fá hann til illræðisins, og hafa jafnvel boðið Gísla að taka hann frá Katadal, svo hann ekki flæktist við þetta, og hafa þenkt, að Friðrik mundi þá aldrei fá þetta framkvæmt, en þetta hafi Gísli

[132] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 229.
[133] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 229-230.

ekki þorað, og óttast þá fyrir að Friðrik mundi nú hafa þetta í áformi innan skamms. **[Ólafur annar föðurbróðir F er í vitorði! = veit]** ***Ólafur:*** /229 Búið hefði verið að gjöra ráð fyrir að leggja eld í bæinn til að hylja morðið og hefði síðan Friðrik viljað /230 gefa sig til að fara að Illhuastöðum til að hirða um skepnurnar, þar einhvörn mundi þurfa til þess, og reyna svo til að fá Illhugastaði til ábýlis á eftir, og mundi þða mest af því sem til væri ganga í ofanálag á jörðina, ellegar að öðrum kosti hræða Nathan til að segja til peninga sinna, áður en hann væri drepinn, fá síðan glas, sem Sigríður hefði sagt honum að Nathan ætti, og hefði inni að halda eitthvört meðal til að draga saman ástir karla og kvenna, fara svo með peningana og það norður að Víðimýri, og reyna svo til að fá Jómfrú Ragnheiði þar til ekta með meðalinu úr glasinu, en gifta Sigríði einhvörjum öðrum manni. **[hann er strax með áform um að svíkja Siggu, helvítið! Ja mikið blaðra bræður.]** ***Ólafur:*** /230 Ekki kveðst depon. Hafa vogað að segja Friðrik frá þessari Gísla sögn eður ráða honum frá morðinu, þar Friðrik kynni þá að hefna þess á Gísla, ei heldur að opinbera það sýslumanninum eður Nathan, þar það mundi leiða af sér að prófyrði farið að taka í því, og Friðrik þá fyrir allt þræta og Gísli kunnað að verða ærulaus þar fyrir.

Eftir að hann hafi frétt af brennunni á Illhugastöðum, kveðst hann þenkt hafa, að Friðrik mundi vera að henni valdur, og *tjáist ætlað hafa að opinbera það sem hann hefði verið búinn af Gísla að heyra*, ef það sama hefði ei framkomið strax við fyrsta prófið.[134] Aldrei segir hann Friðrik hafi til sín komið eður neinn frá Katadal, til þess hann var arresteraður.

**Jóhannes girnist fé Natans:**

/254 Sigríður viðkannast að **Jóhannes** í Stapakoti hafi **oft spurt sig** eftir hvar **peningar Nathans** væru, og hafi látið í ljósi hug til að ná þeim, /254 en ei kveðst hún muna að hann hefði fullkomlega gjört ráð fyrir eður ráðið til að drepa Nathan.

**Jóhannes felur þýfi og veit í raun: biður A og S að þegja um:**

Þegar Jóhannes kom heim frá smalamennskunni /244 segir hún að þær hafi spurt hann að hvort hann hafi séð mann á ferð, þar þær hafi verið hræddar um að hann mundi hafa séð til þeirra þá þær gengu frammí skerið til að kasta út **buxunum** og þetta sama kvöld hafi þær sagt Jóhannesi frá því áðurnefnda **klæði, dúk og flaueli**, að það hefði verið hjá sparifötum sínum sem og hefði legið í baðstofunni þá brunnið hefði, og langaði þær til að koma því undan.[135] **[Jóh amk í vitorði þjófnaðar]** Hafi hann þá boðist til að fela það fyrir þær, og mælst til að fá gráa

---

[134] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 230-231.

[135] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 243-244.

vaðmálið í staðinn. **[vinnufólk stendur saman, heldur betur og mikið eiga þær auðvelt með að tala þessa stráka til]** Hafi Jóhannes farið með þetta fremst frammí smiðjuskerið, og falið það þar millum kletta. Aldrei segir hún þær hafi sagt Jóhannesi frá morðinu og hann hafi heldur aldrei á þær gengið um það. Áður en þær hafi farið burt frá Stapakoti austur að Stóruborg segir hún að Jóhannes hefði beðið þær að þegja yfir því sem hann hefði falið fyrir þær og kæmist það upp að segja að þær hefðu falið það sjálfar.

**Jóhannes flytur þýfið:**

/259 Enn sem fyrr neitar Jóhannes neina vitneskju að hafa haft um það framda morð, hvörki áður en það var framið né þar eftir, fyrri en það hafi verið augljóst orðið. Það áður umvitnaða góss kveðst Jóhannes flutt hafa daginn áður en hreppstjórinn hafi nú vestur að Stapakoti komið úr því svokallaða Smiðjuskeri, hvar hann það fyrst hafi falið, til þess staðar hvarhann nú hafi til þess vísað. En í hvaða tilgangi hann hafi gjört þetta, kveðst hann ei vita, þar hann þó aldrei hafi ætlað að eiga það. [átti erfitt með að neita stúlkunum?]

**Jóhannes vildi að fyrra bragði stela:**

Framstóð því næst laus og liður, arrestantinnan ***Agnes Magnúsdóttir***, sem hingað hefur verið flutt í dag, og viðkannast hún nú Sigríðar framburð hvað viðkemur Jóhannesi í Stapakoti, og hvað hann hafi af þeim tekið til geymslu, og hvar hann hafi falið það.[136] Segir hún að Jóhannes hafi fyrst að fyrra bragði komið uppá við þær, að stela einhvorju og koma undan, og hafi þær þar til svarað, að það væri búið að skoða allt nema þetta og hafi hann þá boðist til að fela það. Þar fyrir utan hafi hann með leyfi Sigríðar skorið klár til klæða af eltu leðri er verið hafi í eldhúsinu, en meira kveðst hún ei hafa orðið vör við að hann hafi tekið.

***Sigríður var nú aftur fyrir réttinn kölluð og samanborin við Agnesi*** og viðurkannast hún að Jóhannes hafi tekið með þeim knýfi? af eltu leðri eins og Agnes hefur frá sagt það.[137]

***Jóhannes játar** lýsing á honum/ faldi þýfið og hjálpaði F að stela beisli á hvalfjöru:*

Þar næst var laus og liðugur fyrir réttinn kallaður vinnupiltur Jóhannes Magnússon frá Stapakoti, sem tjáist vera 20 ára gamall, fæddur á Torfustöðum í Núpasókn hér í sýslu, hvaðan hann farið hafi ungt barn vestur í Helgafellssveit í

---

[136] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 245-246.
[137] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 245-246.

Snæfellsnessýlsu, hvar hann dvalið hafi til sín 4ða aldurs árs, og hafi /258 eftir það farið til prestsins séra Jóhanns á Tjörn, hjá hvörjum hann dvalið hafi 5 ár, og vera af honum komfirmeraður.[138] [skyldi séra Jóhann skammast sín fyrir að hafa ekki getað leitt hann til betri vegar?] Frá honum kveðst hann farið hafa að Stapakoti næsstliðið vor, hvar hann nú á heima. Aldrei segir hann sér hafi að undanförnu verið tiltalað fyrir nokkurt afbrot. Af réttinum aðspurður, viðkannast Jóhannes að eitthvört kvöld, hann minnir næsta kvöld eftir brennuna á Illhugastöðum, *hafi þær Agnes og Sigríður beðið sig fyrir að fela einhvörs staðar*, þá hér í dag fyrir réttinum skoðaða og áðurnefndu hluti, sem hann kveðst vitað hafa að verið hafi af eigum Nathans heitins á Illhugastöðum, og viðkannast hann að þær Agnes og Sigríður hafi satt frá sagt, hvöru að þetta hafi tilgengið. Sömuleiðis kveðst hann hafa beðið þær Agnesi og Sigríði að *gefa sér til einna ístaða ól af eltu leðri*, sem verið hafði í eldhúsinu á Illhugastöðum, og hafi þær gjört það, en litlu síðar kveðst hann hafa kastað þessum ólum útí sjó þar hann þá hvörki hafi viljað eiga þær lengur og ekki treyst sér til að leyna þeim í Stapakoti. [hortugur, búandi hjá presti þar til nýlega og nú hjá hreppstjóra, varð hræddur] Þessar ólar kveðst hann halda að verið hafi 4ra til 6 fiska virði,

***Jóhannes gróf í vegg í baðstofu til að ná músum:***

***Jóhannes frh.:*** Jóhannes þrætir harðlega fyrir að hann hafi neitt meira til geymslu tekið af þeim Agnesi og Sigríði, eð neitt að vita til annara fólginna fjármuna frá Illhugastöðum.[139] Í gömlu baðstofunni á Illhugastöðum viðkannast Jóhannes að hafa grafið ofan með öðrum veggnum lítilfjörlega gröf til að ná músum [!] til að bera í fjárhúsinu og hafi Agnes /259 verið þar viðstödd, en ei hafi hann gjört þetta í þeim tilgangi að leita þar að peningum,

***Jóhannes viðurkennir áhuga á peningum Natans:***

/259 viðkannast Jóhannes, að hann einhvörn tíma í vetur hefi talað um peninga Nathans heitins við þær Agnesi og Sigríði, og spurt þær hvar þeir myndu vera, og hvað mikilir, og kveðst hann þetta hafa gjört tilgangslaust, án þess sig langað hafi til að ná þeim.

## Yfirheyrslurnar:

*Jón í Stapakoti kemur með A og S á fyrsta þingið:*

Kveðst hann hafa eftir sýslumannsins fyrirsögn byrjað ferð sína hingað ásamt öðru hér í dag **[22 mars]** mættu fólki, og

---

[138] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 257-258.

[139] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 258-260.

komist hingað í lítt færu veðri um kvöldið ásamt Árna, en stúlkurnar hafi orðið eftir á Þernumýri og Guðmundur á Efri-Þverá, og hafi þau komið hingað í gær.[140] Um þá af þeim fyrirteknu skoðunargjörð, kveðst hann ekkert hafa getið við þær Sigríði og Agnesi, og ei hafa neitt frekar á þær gengið um hvernig þetta hafi tilgengið.

*Friðrik ákveðinn að þræta fyrir og segja þær ljúga:*

/164 Bæði sér og Sigríði segir Agnes að Friðrik hafi sagt að þó þær segðu frá þessu morði skyldi hann segja þær ljúga það.

*Sigríður biður Agnesi strax að meðkenna:*

**Þing 1 Stóru-Borg, 22. mars, Agnes 1:**

Þvínæst framkom laus og liðug fyrir réttinn önnur vinnukona, Agnes Magnúsdóttir frá Illugastöðum.[141] Um leið og hún kemur inn, en Sigríður gengin fram, segir þessi hinni með réttarins leyfi frá að hún sé búin að meðkenna hið sanna, og biður hana að gjöra eins.

*Friðrik:*

Kom laus og liðugur fyrir réttinn, 6, Friðrik Sigurðsson frá Katadal, sem tjáist vera á 18da aldurs ári, fæddur í Katadal í Tjarnarkirkjusókn, hvar hann hefur allan sinn aldur alið að einu ári undanteknu, sem hann var í Vesturhópshólum.[142] Eftir að rétturinn ásamt prestinum séra Jóhanni Thómassyni, hafði á marga vegu sett Friðrik fyrir sjónir með guðlegum fortölum að ekkert nema enn verra vildi nú eftir þeim framkomnu bevísum fljóta af því að þræta fyrir það morð sem hann er siktaður fyrir. Meðgengur hann óþvingaður og með iðrunarmerkjum að hann sé sannur að sök, en biður mikillega um að hann í þetta sinn ekki þurfi að segja greinilegar frá hvörju allt þetta hafi tilgengið, en lofar að hann skuli segja greinilegar frá því síðar.

*Þess gætt að grunaðir hefðu ei samgang:*

**Þing 3 á Miðhópi, inngangur um þing 2:**

/194 Fyrir alla þá tíð sem rétturinn upphélt sér á Tjörn var Friedrich aðgættur af hreppstjóra Eggert Jónssyni og öðrum þar í svo ei væri að tala við aðra, eins var eftir möguglegleikum fyrirbyggt að Katadalsfólkið gæti hvað við annað talað, hvað þó

[140] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 168-169.

[141] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 162.

[142] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 173-174.

vegna húsaskorts örðugt veitti, þar ei var um önnur hús að gjöra en það sem þingað var á og baðstofuna, hvar kona prestsins lá á barnssæng. Fleira fólk en það sem yfirheyrt var er ei til heimilis í Katadal nema 3 börn 10 til 12 ára gömul, en þar Friðrik hafði meðkennt morðið og sýslumaðurinn ei gat að komist að þau hefðu neina vitneskju um það í þessu tilliti passeraða virtist ei fyrir neitt koma að fyrirheyra þau. /195 Í gær hélt sýslumaðurinn því næst af stað frá Tjörn með Friedrich og náði hingað í gærkveldi og hefur hann verið hér aðgættur í nótt svo ei næði að tala við Sigríði Guðmundsdóttur sem hér situr arresteruð, en stúdent Skúla Þórðarsyni á Stóruborg sem heldur nú Agnesi í fangelsi, tilsagt að flytja hana hingað í dag til yfirheyrslu.

*Lok extraréttar góð lýsing:*

**Lok extra-réttar 6 í Hvammi**: [vitni er greindu frá Þorbjörgu lítilli og fjölskyldu og Agnesi] Studiosus Jósef Skaftason er af sýslumanninum tilsettur, að taka vara á þeirra diktuðu persóna þörfum við eiðsafleggingun hér í dag, og eru ofan afheyrðu vitni fyrir réttinn kölluð, eiðsútskýringin fyrir þeim upplesin og straff fyrir meinsæri þeim fyrir sjónir sett, hvar eftir þau opinberlega fyrir réttingum staðfestu sína framburði með laganna eiði.[143] Ekkert fleira tjáist nú á lífi vera, sem samtíða hafi verið Þorbjörgu á Hofi, og bæði foreldrar hennar og öll systkin eru fyrir löngu dauð. Actum ut supra Blondahl, Snæbjörn Snæbjarnarson, Steingrímur Pálsson. [finn þá ei í ísl æviskrám]

***Þorbjörg segir börnum sínum að þegja:***

*Reynir að klína því á Málfríði:* /256 Þorbjörg viðkannast og svo að þegar börn sín hafi komið á eftir sér að Stóruborg hafi þau sagst hafa komið að Þorfinnsstöðum, og hefði Málfríður þar, móðir Þórunnar Eyvindsdóttur sagt þeim að ef hún væri eins og þau skyldi hún ekkert orð tala fyrir réttinum, og kveðst hún þá hafa sagt að það mundi best að þau töluðu fátt. [reynir að koma þögguninni yfir á Málfríði] Meiri upplýsing eður meðkenning er ei af Þorbjörgu að fá og játar hún þann í gær og í dag af sér gefna framburð rétt bókaðan. Dimitteruð.

Framstóð aftur 17, ***Ingibjörg Sigurðardóttir*** 12 ára gömul, barn hjónanna í katadal og ókonfirmeruð, en skýr og greind að heyra.[144] Hún er af réttinum ítarlega áminnt um að segja sannleikann, og fæst lengi vel ekkert svar af henni, en loks neitar hún öllu því sem hún er aðspurð. Loks kannast hún þó við að hún hafi séð þá Gísla og Friðrik færa það umvitnaða **koffort** ...

---

[143] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 213.
[144] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 222-223.

**Friðrik hafi skorið 3 sauðkindur** Friðrik hafi sagt að Nathan á Illugastöðum átt hafi kindurnar. /223 [segir frá sjá þjófnaði.] Hvörnin sem við er leitast er enga frekari meðkenning né upplýsing af Ingibjörgu að fá, og *segir hún að móðir sín hafi sagt sér að ef hún vissi nokkuð í þessari sök skyldi hún ei frá því segja*. Dimitteruð.

Auk barna og föðurbróður fósturdóttir: Þarnæst framstóð 18 ***Magdalena Tómasdóttir*** frá Katadal, systurdóttir bóndakonu þar Þorbjargar, og þar uppalin.[145] Hún tjáist vera 11 ára gömul og ókonfirmeruð, er enga minnstu meðkenningu eður upplýsingu af henni að fá, hvörju sem við er leitast, og er hún stíf og hörð að neita öllu, og jafnvel því sem nokkur rök eru til hún kunni að vita. Þó varð loks með mæði teygt útúr henni að hún muni til að Friðrik hefði **skorið einhvorjar kindur í smiðjunni** í Katadal þegar Sigurður, bó

/223 Framstóð aftur 19 ***Bjarni Sigurðsson*** í Katadal 10 ára gamall sem og svo segist að vera mikið skýr og greindur, og er hann lengi margvíslega aðspurður að ýmsu sökinni til upplýsingar, án þess að nokkur upplýsing af honum fáist, en loksins viðkannast hann, að **Friðrik hafi skorið tvær kindur rosknar og eitt lamb** næstliðið haust, næstliðið haust, þegar faðir hans og Gísli ekki hafi heima veirð, sem sig gruni að verið hafi órjálsar, og Nathan hafi átt.[146] *Þó hefur hann lengi áður þrætt fyrir alla vitund um þessar kindur*. *Móðir sín segir hann loks eftir þó lengi að hafa þrætt fyrir, hafi sagt sér að hann skyldi heldur segjast ekkert vita en tala of margt* þegar hann kæmi fyrir réttinn, en hvörninn sem við er leitast er enga frekari upplýsingu af honum að fá, og er hann svo dimitteraður.

*Þorbjörg og Sigurður segja Elínborgu að þegja:*

Elínborg: réttur 11 Stóruborg 29. Apríl: /277 segir Elínborg að hér í dag hafi bæði faðir sinn og kona hans nefnt við sig að segja ekki frá, að Sigurður hafði þessa á markað *[aha, þau ná að tala saman!]* og Sigurður hafi talið sér trú um, að hún yrði þá sjálf ólukkuleg fyrir það, en hún kveðst hafa aftekið að sverja rangan eið og hafi faðir sinn sagt að hún kynni að geta flækt það svo einhvern veginn að hún þyrfti ekki frá þessu að segja.

**Lifandi hópsena:**

Þar nú er langt liðið á dag, eru þau hér í dag afheyrðu vitni fyrir réttinn kölluð, eiðsútskýringin fyrir þeim lesin og þau áminnt um að gæta sín fyrir meinsæri, og straffið þar fyrir /239 þeim fyrir

[145] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 223.
[146] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 223.

sjónir sett.[147] Hvar eftir hreppstjóri Eggert Jónsson, Ólafur Ólafsson, Guðmundur Árnason, Ólafur Ásmundarson, Rósa Guðmundsdóttir, Jón Ólafsson, Japhet Bjarnason, Jóhannes magnússon, staðfestu sína í þessari sök gefna framburði með laganna eiði, og *var studiosus Jóseph Skaptason fyrir fram settur til að gefa gætur að þeirra diktugu persóna þörfum*. Þessum persónum er þarnæst gefið heimfararleyfi.

***Meinsæri Jóhannesar: J, A og S samsvarin í að þegja:***

/259 Jóhannes er aðspurður hvörs vegna hann ei hafi frá þessu sagt, áður en hann aflagði eiðinn á Stóruborg þann 13da þm þar hann þó neitað hafa að hann ekkert óráðvant vissi til þeirra Agnesar og Sigríðar og Friðriks, og segist hann ei hafa viljað gjöra það þar bæði Sigríður og Agnes hafi verið búnar að lofa sér að koma þessu ei upp um sig [þau eru samsvarin] og hafi einnig beðið sig að segja ekki frá því, og kveðst hann þá hafa *hugsað að Guð mundi fyrirgefa sér* [meinsæri!] þetta, en viðkannast þó, að hafa bæði þá á þinginu og fyrri, fengið að heyra að hann ætti ekki að sverja rangan eið, samt eiðsútskýringuna og hvað við því lægi. Þó kveðst hann hafa ætlað frá þessu að segja hefði ei Agnes á Stóruborg skotið því að sér, að þetta væri ei fyrirkomið, og ráðið sér til að þegja yfir þessu. [aha, þrátt fyrir varúð náðu þau að tala saman!]

## *Flutningar fanga, gæsla og kyrrsetning:*

/198 **Sigríður** hér kyrr fyrst um sinn í varðhaldi hjá hreppstjóra Pétri Péturssyni **Miðhópi**, en **Agnes** verður flutt til stúdents Skúla Þórðarsonar **á Stóruborg**, hvar hún fyrst um sinn verður í varðhaldi, en sýslumaðurinn fer nú síðan með **Friðrik að Þingeyrum**

**Þing 3 á Miðhópi, inngangur:**

Eftir þing 2: Heimafólkinu í Katardal, nefnilega hjónunum ásamt Gísla og Þórunni var því næst gefið heimferðarleyfi í þetta sinn, en tilsagt að halda sér kyrru við heimilið til þess mál þetta verði til lykta leitt. /195 Í gær hélt sýslumaðurinn því næst af stað frá Tjörn með Friedrich og náði hingað í gærkveldi og hefur hann verið hér aðgættur í nótt svo ei næði að tala við Sigríði Guðmundsdóttur sem hér situr arresteruð, en stúdent Skúla Þórðarsyni á Stóruborg sem heldur nú Agnesi í fangelsi, tilsagt að flytja hana hingað í dag til yfirheyrslu.

**Þing 3 á Miðhópi, miðvd 26. mars 1828, niðurlag:**

---

[147] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 238-239.

Frekari rannsókn verður nú í dag ekki framhaldið, og verður Sigríður hér kyrr fyrst um sinn í varðhaldi hjá hreppstjóra Pétri Péturssyni Miðhópi, en Agnes verður flutt til stúdents Skúla Þórðarsonar á Stóruborg, hvar hún fyrst um sinn verður í varðhaldi, en sýslumaðurinn fer nú síðan með Friðrik að Þingeyrum hvar hann setjast skuli í varðhald hjá administrator Olsen, hvar næst gjörð verður ráðstöfun fyrir að ná Daníel frá Geitaskarði svo fljótt sem mögulegt er.[148] Actum ut supra, J. Skaptason, Blondahl, G. **[neðar Bjarni]** Jónsson.

**Þing 4 í Hvammi, fimmtudag 27. mars 1828, Daníel 1:**

*Síðdegisþing einungis til að yfirheyra Daníel.*

/198 Strax daginn eftir haldið áfram á heimili Björns sýslumanns Hvammi í Vatnsdal.[149] Undirskrifaðir þingvottar J. Skaptason, G. Jónsson, báðir í gær af sýslumanninum sendir frá Þingeyrum að sækja Daníel Guðmundsson upp að Geitaskarði, hvörn þeir nú færðu hingað á áliðnum degi. /200 þing í Hvammi: Þessa peninga hefur Daníel í viðurvist þingvottanna í morgun tekið uppúr smiðjugólfi að Skarði, og voru þeir hér fyrir réttinum sýndir, og voru þá 4 spesíur danskar, 1 dönsk króna, 1 þýsk spesía, samt danskur peningur frá 1723 sem vegur rúmlega móti 2/3 spesíu. /201 Fyrir utan áður umgetna peninga tók Daníel uppúr sama stað í morgun 6 og 2/3 spesíur danskar, hvörja hann segist sjálfur eiga og hafa hjá ýmsum fengið. Alla þessa peninga tekur sýslumaðurinn fyrst um sinn til geymslu, en Daníel verður hér undir vöktun í nótt. Actum ut supra Blondahl, J. Skaptason, Bjarni Jónsson. Seinni dagur Hvammi: /205 Dagur er nú á enda og verður sýslumaðurinn hér í nótt og þeir Friðrik og Daníel, hér báðir í varðhaldi. Actum ut supra, Blondahl, B. Olsen, G. Gunnarsson.

Lok réttar 5 Þingeyrum: /208 Daníel verður nú í dag sendur til húsbónda síns, hreppstjóra Lárus Beck á Geitaskarði, hverjum tilsagt er að gefa gætur að, að hann ætíð sé heima til þess að málum þessum sé lokið, en Friðrik verður hér eftir í varðhaldi. Actum ut supra Blondahl, B: Olsen, G. Gunnarson.

## ***Friðrik vill fá hníf og flýja:***

**Elínborg fær boð frá Gísla prestsyni um að senda Friðriki hníf í fangelsið:**

/276 hafi hún fengið boð frá honum með Gísla syni prestsins í Vesturhópshólum, að *hún skyldi senda sér hnífinn austur að Þingeyrum* og kveðst hún hafa þar til svarað, að það gæti hún ekki þar hún vildi ei að Friðrik ætti neina ófrjálsa muni í eigu sinni, og

[148] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 198.

[149] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 198-200.

*hafi hún þekkt að faðir sinn ætti hnífinn*. Þegar Gísli Ólafsson hafi komið aftur austan frá Þingeyrum [ath eftir extrarétt 5?] fyrir páskana hafi hann fært sér boð frá stjúpmóður sinni að senda sér hnífinn, og kveðst hún þar með hafa afhent Gísla hann, en hvörnin Þorbjörg hafi af honum vitað hjá sér viti hún ekki.

*Friðrik vill stofna fanganýlendu í Drangey: – Þ og Þ vilja fela hann í Katadal. - eldri útilegudraumar F. Vill síður drepa menn í byggð*

Friðrik viðkannast ráðagjörð sína við Gísla, að *strjúka og komast í* ***Drangey*** eða á Fjöll, allt eins og Gísli hefur frásagt.[150]

Þarnæst kom fyrir réttinn ***Gísli Ólafsson í Katadal***, sem bætir nú við sinn áður gefna framburð, að nú næstliðinn skírdag **[3 apríl]**, hafi hann sendur verið frá Katadal að Þingeyrum með föt fangans Friðriks, og hafi þau Þorbjörg og hann áður átt tal saman.[151] Kveðst hann þá hafa sagt Þorbjörg frá að sama daginn sem Friðrik hafi verið arresteraður, hafi Friðrik komið uppá við sig **að strjúka norður í Drangey** og fá Gísla með sér og kveðst hann ekki hafa tekið illa undir það. Segir hann að hann hafi gjört ráð fyrir að fá þau Agnesi, Sigríði og Daníel þangað til sín, en Gísli skyldi flytja sig norður í Skagafjörð, koma þeim í eyna og hafa höndlun og útréttingar fyrir þau, og *tjáist mundi verða frí ef hann gæti uppihaldið sér þar í 20 ár*. Segir hann að Þorbjörg hafi fallist vel á þetta og sagt sér að reyna til að ná tali af Friðrik á Þingeyrum og spyrja hann að hvört hann vildi reyna til að sleppa einhvörntíma í vor ef hann sæi sér færi, og sagt (ef ann sæi ráð fyrir) að hún mundi reyna til að skjóta skjóli yfir í Katadal, ef að hann kæmi þar, en hafi spurt sig að, hvört hann þekkti engan svo trúan mann norður í Skagafirði, sem kæmi þeim í eyna, og sagst mundi reyna til að styrkja Friðrik með matföng, ef hann hægti þangað komist. Kveðst Gísli hafa helst tilgreint Bjarna á Sjóárborg (Sjávarborg) en aldrei hafa ætlað sér, að nefna þetta við hann, en segir Þorbjörgu /237 þá hann kæmi norðan að, að Bjarni væri ófáanlegur til þessa. Frá þessu kveðst hann aldrei hafa ætlað að segja Friðrik á Þingeyrum, og ekki heldur hafa reynt til þess. **[er þá bara að hugga hrygga móður, leyfa henni að halda í von]** Þórunni Eyvindsdóttur segir hann hafa heyrt þessa ráðgjörð, og hafi þær ýmist fallið uppá að fela Friðrik fram á dal, ellegar þar heima, en þó þótti það torvelt svo Sigurður yrði ei var við það. **[Sigurður greinilega of heiðarlegur fyrir svona ráðabrugg]** Annars segir hann [útilegudraumar:] *Friðrik hafi stundum gjört ráð fyrir að leggjast út á fjöll og stela sér til matar og drepa*

[150] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 251-252.
[151] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 236-237.

*útilegumenn* ef hann hitti þá, en meira hefði hann sagt sér þætti fyrir að drepa menn úr byggðum. Dimmitteraður.

/240 Þórunn viðkannast að hún hafi heyrt Gísla og Þorbjörgu, einhvörntíma eftir að Friðrik hafi verið tekinn, tala um að það væri gott hæli fyrir Friðrik í Drangey ef hann gæti þangað strokið, og hafi sér skilist sem Gísli ætti að vera hjá honum, og að fengist trúnaðarmaður til að færa honum eður þeim það sem Þorbjörg eður þau foreldrar Friðriks sendu þeim til viðurlífis. Sömuleiðis kannast Þórunn við að talað hafi verið um að fela Friðrik í Katadal, og kveðst hún hafa þar til nefnt gjótu, þar niður í túninu. Enga frekari meðkenning fæst af Þórunni og er hún svo dimitteruð.

Þorbjörg viðkannast ráðagjörð þeirra Gísla um að koma þeim norður /241 í **Drangey** og hérumbil eins og Gísli hefur þar um frásagt, og að Þórunn hafi fallið uppá að grafa eða fela hann í gjótu þar niður í túninu.[152]

## *Heimferðaleyfi Katadals fólks: niðurlútur hópur samsekur*

/239 Sigurður Svo vel þennan, sem allan sinn í þessari sök gefna framburð tjáist Sigurður reiðubúinn að staðfesta með sáluhjálpareiði, og er honum svo ásamt þeim þremur hans í gær yfirheyrðu börnum gefið heimferðarleyfi. (S viðurkenndi að vissi að vildi myrða og öll vissu að Friðrik hafði stolið ám Natans) sjá ástir F og Þ: afsakar sig með því að hafa þolað illa spennuna milli þeirra á heimilinu og óttast F þeas skapvonsku hans, því leyfði hann honum að fara.

***Heimferðarleyfi og extraréttarlok Sýsli veikur:***

Þeim Þorbjörgu, Þórunni og Gísla er nú, þar engin frekari upplýsing eða meðkenning af þeim fæst, gefið heimferðarleyfi, en tilsagt að halda sér kyrrum í sveitinni, en fangarnir eru færðir aftur til síns arrests.[153] En dagur er nú að kvöldi kominn, og *sýslumaðurinn þarf nauðsynlega heim að komast*, og verður því rannsókn í málinu frestað. Actum ut supra J. Skaptason, Blondahl, P. Pétursson. Næsti réttur nr. 9 er haldinn í Hvammi því hann er sagður veikur.

**Extraréttur 9; Hvammi ... því Sýsli er of veikur til að ferðast. Inngangur – góss sem Jóhannes faldi endurheimt**

Ár 1828, þann 20ta aprilis [sunnudagur, ekki helgidagsbrot? Stuttur extraréttur, bara Jóhannes tekinn á beinið.] setti sýslumaður Blondahl einn extrarétt að sínu heimili Hvammi í Vatnsdal með undirskrifuðum þingvottum, ... og er þess nú að

[152] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 240-241.

[153] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 256.

geta að vegna bágborinna heimilis kingumstæðna og sjúkdóms, reið sýslumaðurinn heim nóttina milli þess /257 16da og 17da þm og *hefir síðan varla getað sjúkdóms vegna á fákum dregist*.[154] En gaf undir eins frá Miðhópi hreppstjóranum í Þverárhrepp ordrur til vegna framburðar þeirra Agnesar, Sigríðar og Friðriks, að sækja vinnupiltinn Jóhannes Magnússon á Stapakoti og flytja hann hingað, ásamt því er hann kynni vilja þeim tilvísa af því frá Illhugastöðum stolna góssi. Velnefndur hreppstjóri og bóndi Ari Eiríksson á Neðri Þverá hafa því í dag hingað flutt téðan Jóhannes, ásamt því er þær Agnes og Sigríður hafa tilvitnað að hjá honum væri fólgið og þeir segja að hann eftir nokkra veigrun hafi vísað þeim á falda í klettaskoru

*Daníel í geymslu hjá sýslumanni í Hvammi:*

/269 réttur 11 Stóruborg: Þarnæst kom laus og liðugur fyrir réttinn inquisitum Daníel Guðmundsson, sem hefur verið í sýslumannsins heimili síðan hann seinast var yfir heyrður þar, og er nú hingað með sýslumanninum kominn til samanburðar við þær Sigríði og Agnesi.[155]

*óformleg yfirheyrsla í Miðhópi á leið á Stóruborg:*

/269 réttur 11 Stóruborg: Þarnæst kom laus og liðugur fyrir réttinn inquisitum Daníel Guðmundsson, sem hefur verið í sýslumannsins heimili síðan hann seinast var yfir heyrður, og er nú hingað með sýslumanninum kominn til samanburðar við þær Sigríði og Agnesi.[156] Á leiðinni í morgun var Daníel í Miðhópi samanborinn við Sigríði í þingvottanna nærveru, og stóð Sigríður þá við sinn fyrra framburð um að Daníel hefði tekið við glasinu sem kvikasilfrið hefði verið í og sömuleiðis hvað Sigríður sjálf séð hefði bréf það, er Daníel hefði skrifað Agnesi, eins og áður er um vitnað, en fyrir hvörju tveggja þrætti Daníel nú sem fyrri. [þau æja í Miðhópi og nota tækifærið til óformlegrar yfirheyrslu, sem skráð er við réttinn síðar á Stóruborg] sjá ofar: /198 Sigríður hér kyrr fyrst um sinn í varðhaldi hjá hreppstjóra Pétri Péturssyni Miðhópi, en Agnes verður flutt til stúdents Skúla Þórðarsonar á Stóruborg, hvar hún fyrst um sinn verður í varðhaldi, en sýslumaðurinn fer nú síðan með Friðrik að Þingeyrum

## Þáttur Þórunnar:

Um hana sjá heimilisfólk Katadal: vitnisburður um þau:

Því næst kom laus og liðug fyrir réttinn 8, Þórunn vinnukona sem tjáist vera 32 ára gömul, fædd í Kirkjuskógi í

---

[154] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 256-257.

[155] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 269.

[156] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 269.

Kvennabrekkukirkjusókn innan Dalasýslu, hvaðan hún farið hafi 3 ára /180 með foreldrum sínum suður á Seltjarnarnes og verið þar 2 ár, Snæfellsnes um 10 ár lengst á Skógarströnd, síðan Dalasýslu Miðskógi og Snóksdal, og nú í 7 ár í Húnavatnssýslu.[157] Að undanförnu segir hún sér ekki hafi tiltalað verið fyrir neina yfirsjón. Af réttinum áminnt um að segja sannleikann. /180 Kveðst hún næstliðið vor farið hafa að Katadal ásamt Friðriki Sigurðssyni frá Vesturhópshólum og hafi hann heimuglega verið búinn að lofa að ekta sig, þegar hann fengi þar til aldur. En nú á yfirstandandi vetri (hvað snemma kveðst hún ei muna) hafi hann afsagt sér um það, og kveðst hún hafa haft grun um að hann mundi vera farinn að hallast að Sigríði á Illhugastöðum, án þess hún vissi neina vissu um það, og kveðst nú Þórunn ólétt vera að völdum Friðriks. Þórunn neitar með öllu, að hún nokkurn tíma hafi á Friðrik merkt að hann hefði í áformi að drepa Nathan Ketilsson eður fremja þar önnu illvirki. Ei heldur af neinum öðrum en kveðst til muna, að Friðrik hafi ei heima verið þá nótt sem brunnið hafi á Illhugastöðum og hafi hann sagt ætla fram að Tungukoti. Enn segist hún muna að næstliðið mánudagskvöld hafi þeir Gísli og Friðrik farið að heiman og komið aftur um nóttina og kveðst hún hafa lokið upp fyrir þeim og ei hafa orðið vör við að þeir hefðu neitt með verið. Ei heldur hafa neins fólgins góss þar síðan vör orðið.

Hún sefur ekki þótt ólétt sé hjá Friðriki: / 178 Gísli: Enga aðra nótt en þá tilnefndu síðan morðið skeði hefur Friðrik í burtu verið, hvað ég glöggt veit, þar við sofum saman.

## Þáttur Daníels:

**Þing 4 í Hvammi, fimmtudag 27. mars 1828, Daníel 1:**

*Síðdegisþing einungis til að yfirheyra Daníel.*

Flokkað og sett á sinn stað í tímaröð.

## Eldri þjófnaðir:

***Ýmsir þjófnaðir Friðriks:***

**Extraréttur 12 að Stóruborg.**

**Extraréttur 11 Stóruborg. Elínborg spurð út í geymslu gamals þýfis fyrir Friðrik og hvort vissi af morðáætlun.** *Staðfestir sauðaþjófnað föður síns 1826 af Nathani og hirta lambræfla af afrétti. Staðfestir fyrri þjófnaði Friðriks.*

Framstóð þar næst vinnustúlka Elínborg Sigurðardóttir frá Súluvöllum, dóttir Sigurðar í Katadal, með hans fyrri konu, en

[157] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 179-181.

stjúpdóttir Þorbjargar.[158] Hún kveðst nú vera á sínu 21sta aldursári og confirmeruð nú fyrir 5 árum. Hjá föður sínum kveðst hún dvalið hafa frá því hún til muni, til þess næstliðið vor hún farið hafi til föðurbróður síns Ólafs á Súluvöllum, sem af réttinum ítarlega áminnt um að segja sannleikann án menngreinar álita, viðkannast að næstliðið haust hafi Friðrik komið að Súluvöllum og hafi hann þá skilið eftir hjá sér **koparskreyttan sjálfskeiðingshníf**, sem hún ei muni hvört hann hafi getið hvör ætti, en beðið sig að geyma hann. Hafi svo hnífurinn hjá sér legið þangað til á deginum að búið hafi verið að arrestera Friðrik

**Elínborg fær boð frá Gísla prestsyni um að senda Friðriki hníf í fangelsið:**

/276 hafi hún fengið boð frá honum með Gísla syni prestsins í Vesturhópshólum, að *hún skyldi senda sér hnífinn austur að Þingeyrum* og kveðst hún hafa þar til svarað, að það gæti hún ekki þar hún vildi ei að Friðrik ætti neina ófrjálsa muni í eigu sinni, og *hafi hún þekkt að faðir sinn ætti hnífinn*. Þegar Gísli Ólafsson hafi komið aftur austan frá Þingeyrum [ath eftir extrarétt 5?] fyrir páskana hafi hann fært sér boð frá stjúpmóður sinni að senda sér hnífinn, og kveðst hún þar með hafa afhent Gísla hann, en hvörnin Þorbjörg hafi af honum vitað hjá sér viti hún ekki.

***Í fyrra ráðgerði móðir og E systir F að stela kofforti N: móðir og Þórunn hvetja F til að stela frá N, því stal hann sauðum hans:***

/264 Enn bætir Friðrik við að í fyrravetur hafi móðir sín og Elínborg á Súluvöllum, hálfsystir hans, verið að ráðgjöra að stela kofforti Nathans, sem peningarnir voru í og muni Þórunn Eyvindsdóttir hafa vitað þessa ráðagjörð með þeim, og hafi hún oft látið sig skilja, að einu gilti sig, þó peningum Nathans væri stolið. Bæði móðir sín og Þórunn segir Friðrik hafi hvatt sig til að stela frá Nathani og því eins kveðst hann hafa tekið frá honum kindurnar næstliðið haust.

**Friðrik stal hníf:**

/264 Næstliðið sumar segir Friðrik að hafi týnst koparskiptur hnífur sem foreldrar sínir hefðu átt, og hafi hann fundið hnífinn aftur í hrísinu, og fengið hann síðan Elínborgu systur sinni til geymslu, og muni hann enn hjá henni vera.

***Fyrirmyndir Friðriks í glæpum:***

**Gísli:** Enn er Friðrik aðspurður hvort hann engan þjófnað viti um Katadalsfólk, og svarar hann þar til, að Gísli Ólafsson hafi sagt sér, að eitt sinn, meðan hann búið hafi í Brekku í Skagafjarðarsýslu, hafi hann eitt vor af gremju stolið hvíthyrndri á frá /265 Benedikt sáluga Vídalín á Víðimýri, og slátrað henni

[158] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 276.

með vitund og liðstyrk konu sinnar Ingiríðar, sem nú er á Eyhildarholti í Skagafjarðarsýslu. Öðru hafi Gísli ei sagst hafa stolið, hvorki fyrr né síðar.

Gísli þverneitar /284 að hafa nokkurri kind stolið frá Benedikt sáluga á Víðmýri, en tjáist til muna, að eitt vor hafi til sín komið **ær frá Víðimýri**, sem sér hafi **dottið í hug að stela**, [var hún svona á svipinn, „sætt Gísli minn, vilt þú ekki stela mér?“] en kveðst hafa slegið því af aftur og sleppt ánni.[159] Frá þessu kveðst hann hafa sagt Friðrik Sigurðssyni en aldrei að hann hefði ánni stolið. [*samt glæpur að segja svona dreng, bróðursyni, svona lagað!*] Þar á mót **viðkannast Gísli að hafa tekið ána frá Sölva á Langamýri** og ber honum að öllu leyti saman við Stephan um hvorninn það hafi til gengið og Guðmundur á Kárastöðum hafi til þess kvatt, og að hann hafi borgað Sölva hana með tveimur spesíum eins og hann hafi uppsett, en **ána** kveðst hann þó ei hafa álitið meira en 6 ríkisorta virði. Guðmundur á Kárastöðum segir hann behaldið hafi 20 fiska virði, er hann hafi hjá sér átt, í því skyni að hann nyti sem svaraði ½ ærinnar, og hafi hann þessa 20 fiska aldrei af Guðmundi heimtað. [býst við að það hafi verið fleira af þessu tagi sem skrifari sleppti]

**Lítið eitt af korni:**

/284 *Lítið eitt af korni* segir Gísli að Friðrik hafi selt sér tl brauðs áður en hann fór norður í Skagafjörð næstliðið haust fyrir klút, en hvar eður hvörninn hann hafi þennan rúg fengið, kveðst hann ei vita, en hann einasta beðið sig um að *láta ei föður sinn vita*, að það væri frá sér. [Gísla gat nú grunað] Frekari upplýsing er nú ei af Gísla að fá, og játar hann það framanskrifaða rétt bókað. Dimitteraður.

### Faðir stal sauð frá Natan og hesti í Rvk: hirða lambræfla

Faðir sinn, Sigurður Ólafsson í Katadal, segir hann að hafi vorið 1826 tekið eina á hvíthyrnda tvævetur frá Nathan heitnum Ketilssyni, sem þessi hafi keypt sama vorið á auction sem haldinn hafi verið í Katadal, á móðurarfi Elínborgar systur sinnar, og hafi sér verið sagt að hann hefði afmarkað hana og lamb undan henni, og hafi hann gefið Elínborgu ána aftur, en haft skipti á henni aftur fyrir aðra á næstliðið vor.[160] Annan þjófnað kveðst hann ei vita til foreldra sinna, utan hvað þau hafi **oft látið hirða ræfla sem fundist hefðu á afréttinni**, og enginn hafði vitað, hvör átt hefði í fyrra. Gísli segir hann að hafi sagt sér að meðan þeir bræðurnir, Sigurður og hann hafi verið í Skagafjarðarsýslu, hafi þeir báðir

[159] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 283-284.
[160] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 265.

róið syðra einn vetur, og hafi þeir þá eina nótt sumarið eftir í Reykjavík verið á stjái og hefði þá Sigurður verið við járnun undir lestamannahestum þar, og loks komið á brúnum fola nokkrum sem hann stolið hafi, og hafi þeir bræðurnir farið með hest þennan uppí sveit þar sem hestar þeirra hafi verið í vöktun, og beðið að geyma hann þar, en daginn eftir hefði allstaðar verið leitað að hestinum, en hann þó ekki fundist, og hafði því Sigurður farið norður með hann veturinn eftir vestur í Snæfellsnessýlsu, hvar hann hafi hestinn selt, en ekkert hafi þeir vitað hvör hestinn hafi átt.

/283 **Tveir lambsræflar** kveðst Gísli til muna að hirtir hafi verið og étnir í Katadal næstliðið sumar og hafi þeir báðir verið höfuðlausir en annar ekkert meir étinn og hinn lítið meira. Hafi Þórunn flutt annan ræfilinn heim, en annað hvört Friðrik eða börnin hinn. Heyrt kveðst hann og hafa að börnin fundið hafi **þriðja ræfilinn** skömmu eftir fráfærur, meðan hafi ei heima verið, og vegna þess að lömb frá Ægissíðu hafi verið reikin í það pláss sem ræfillinn fannst, hafi verið getið til að lambið hefði verið frá Ægissíðu. [búbót að búa í afdal afréttar!]

**Hesturinn:**

Skömmu fyrir aldamótin, hérumbil 1803 eður 1804 kveðst Gísli hafa róið suður, legið til lesta og verið ásamt Sigurði bróður sínum til húsa í Landakoti við Reykjavík.[161] Eina nótt um lestatímann um sumarið segir hann þeir hafi gengið inn fyrir Reykjavík, til að svipast að hestum sínum. Hafi þá legið þar skammt frá Reykjavík lest, og hafi Sigurður gengið til hennar, meðan Gísli hafi verið að vitja um hesta þeirra, en þegar hann hafi aftur komið til *Sigurðar* hafi hann verið búinn að *ná nokkru litlu af hestajárnum og brúnum hesti góðgengum frá þessari lest*. Hafi hann svo farið með hann inn að Gröf í Mosfellssveit um nóttina, hvar verhestar þeirra hafi verið geymdir, og komið hestinum þar fyrir. Daginn eftir hafi þeir frétt að einhvörn mann, sig minni að austan, vantaði brúnan hest, sem að hefði verið leitað en ekki fundist. Hafi Sigurður síðan með hestinn norður farið, og hafi hann einhvörn tíma þar eftir selt hestinn, sig minni helst vestur í Snæfellsnessýslu. Ekkert kveðst hann muna eftir marki á hestinum eður aldri, en hann hafi þó heldur verið ungur en gamall. Sigurður segir hann hafi lausamaður verið þá þetta skeði, en haft aðsetur einhvörs staðar í Skagafirðinum. Ekkert annað ófrómt en þetta kveðst depónentinn vita til Sigurðar að segja.

***Þórunn og stolni klúturinn, þjófnaðir þeirra Friðriks meðan þau bjuggu á Vesturhópshólum:***

---

[161] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 283.

Í fyrravetur segir Friðrik, að Þórunn Eyvindardóttir hafi haft orð á að sig langaði til að eiga klút er vinnukona Björg Guðmundsóttir í Vesturhópshólum hafi átt.[162] Kveðst Friðrik eitt sinn hafa getað náð lyklum Bjargar og fengið Þórunni. Hafi Þórunn eftir það sagt sér að hann [?] farið /266 hefði í kistu Bjargar, sem stóð útí kirkju, og stolið þar bláu léreftsbelti, með rauðum og grænum silki hnöppum?, og hafi Steinunn móðir Bjargar átt þenna klút og hafði Þórunn komið honum fyrir í geymslu hjá móður sinni Málfríði á Þorfinnsstöðum, og hafi Brynjúlfur bróðir Þórunnar selt klútinn næstliðið haust vinnukonu vestur á Spena í Miðfirðir fyrir annan klút, sem Þórunn nú eigi og sé blár með grænum tvinnum og slysagati í einu horni. Niður í beinasá í búrinu í Hólum segir hann að Þórunn eitt sinn í fyrravetur fundið hafi öskjurmeð smjöri, sem Steinunn móðir Bjargar hafi átt, og hafi veirð sem svarað hafi einni mörk af smjöri, er Þórunn hafi getið til að Steinunn hafi stolið frá húsbændum sínum og hafi Þórunn komið þessum öskjum fyrir í geymslu hjá móður sinni, og kveðst Friðrik hafa næstliðið vor flutt öskjurnar frá Málfríði til Þórunnar. Næstliðið vor áður en þau Þórunn og hann farið hafi frá Vesturhópshólum, hafi Þórunn haft á orði við sig, að hana langaði til að stela einhvörju frá séra Gísla, og kveðst hann hafa náð fyrir hana passíu- og hugvekjusálmum í einu bindi, sem séra Gísli hafi átt, fengið Þórunni þá, og hafi hún flutt þá í vasa sínum vestur að Katadal, og séu þeir þar enn geymdir hjá Þórunni. Oftar hafi Þórunn hvatt sig til að stela peningum frá séra Gísla en það kveðst Friðrik ekki hafa viljað gjöra, þar sér hafi verið vel við hann. [sem sagt allt í lagi að stela frá þeim sem manni er illa við!]

/277 Elínborg: *Lykill þann og lyklahring* er hún skilað hafi Björgu í Hólum í morgun, segir hún að Friðrik hafi tekið ásamt öðrum stærri lykli frá Björgu í Hólum í fyrravor. Hafi hann eftir það týnt lykli að kistli er hann hafi átt, og brúkað kistillykilinn aftur til að ljúka upp kistlinum með. **Þennan sama kistil hafi Friðrik fengið sér ásamt lyklinum og hringnum fyrir annan kistil,** er hún hafi átt, en þar hún hafi vitað að lykillinn var ófrjáls hafi hún nú skilað Björgu honum aftur. **Stærri lykillinn** segir hún Friðrik hafi sagt sér að hann brúkaði til að komast inní búrið í Katadal með. [F er svo útséður þjófur að hann kemur sér upp innbrotslyklum!]

Gísli sonur prestsins í Vesturhópshólum segir Elínborg hafi sagt sér að í fyrra hafi Friðrik *stolið tveimur skinnum* úr eldhúsinu í Vesturhópshólum og fengið Brynjúlfi á Þorfinnsstöðum þaun, en ei hafi hann getið um að hann eður

---

[162] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 265-266.

Brynjúlfur /278 hafi verið í verki með.[163] Líka hafi Gísli sagt sér að Friðrik hafi farið með *öskjur* vestur í Katadal *sem Þórunn muni hafa stolið frá Steinunni og hafi þær verið fullar með nýju smjöri*. *40 skildinga pening eður 1/3 spesíu viðkannast Elínborg að Gísli litli frá Hólum hafi gefið* sér næstliðinn vetur, en ekki hafi hann um getið, hvörninn hann hafi hann fengið, og kveðst hún hafa fengið Friðrik bróður sínum aftur þennan sama pening en hann aftur móður sinni. *15 merkur af korni* segir hún Friðrik hafi sagt sér að hann stolið hafi frá foreldrum sínum handa Gísla í orðlofsbrauð þá hann hafi verið norður í Skagafjörð. *Gamlan nauthyrningsspón* segir hún Friðrik hafi og svo gefið sér sumarið sem hann var í Hólum, og sagst hafa fundið hann, en Björg tínt honum einhvern tíma áður. Þennan spón kveðst Elínborg enn eiga.

*Dagur þrjú, framhald.* Ár 1828 þann 1. maí [fimmtudagur] setti sýslumaður Blondahl einn extrarétt að Stóruborg, með undirskrifuðum þingvottum til enn nú að framhalda rannsókn í í sama máli sem nú var höndlað í gær.[164] Og er nú hingað fluttur fanginn Friðrik Sigurðsson sem mætir nú laus og liðugur fyrir réttinum, og tjáist standa við allan sinn seinast gefna framburð, og kannast hann við, að hafa tekið frá mægðunum Steinunni og Björgu í Hólum þá tvo umvitnuðu **spæni, og sömuleiðis lyklana með koparhringjunum**, og sé þetta niðurkomið þar sem frá hefur verið sagt. Sömuleiðis kannast hann nú við, að **Þórunn hafi stolið strigahandklæði** frá þeim mæðgunum Steinunni og Björgu, og hafi Þórunn sagt sér frá því, en ei hafi hann séð það. Um ræfla þá er heim hafi verið bornir í Katadal næstliðið sumar, ber Friðrik saman við það sem fram hefur verið borið.

***Sonur prestsins séra Gísla á Hólum, Gísli, líka þjófur!***

Í fyrravetur segir Friðrik að Gísli, sonur prestsins í Vesturhópshólum hafi komið sér uppá við sig til að styrkja sig til að stela skinnum frá föður hans og hafi Brynjúlfur á Þorfinnstöðum [bróðir Þórunnar] hvatt sig eins sama, og segist hann því ásamt Gísla eitt kvöld hafa stolið tveimur sauðarskinnum og hafi Brynjúlfur sem þar hafi verið til staðar tekið á móti þeim, og hafi þeir metið skinnin 10 fiska virðir, og hafi svo verið ráð fyrir gjört að xxxx skyldi hafa 4ra fiska af andvirðinu, en 3 fiska hafi þeir fengið Gísla sem þeir hafi hjá

[163] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 277-278.

[164] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 297.

Brynjólfi uppborið.[165] /267 Næstliðið haust kveðst Friðrik eitt sinn hafa komið að Vesturhópshólum, og hafi sér verið vísað til að setja reiðtygi sín inní skemmu þar, og hafi Gísli sonur prestsins hjálpað sér til þess, og hafi hann þá Gísli hafi út aftur komið úr skemmunni *heyrt hringla líkt og í peningum* í vasa hans. Kveðst hafa spurt hann hvað það væri, en Gísli hafi ei viljað segja það, heldur roðnað við. Seinna kveðst hann frétt hafa, að séra Gísli hefði átt að vista upp á 2 spesíur í peningum. Eitt sinn í vetur, segir hann að Elínborg systir sín hafi gefið sér 1/3 spesíu og hafi sagt að Gísli Gíslason í Hólum hefði gefið sér hann fyrir brennivín. Líka kveðst Friðrik til vita að Brynjúlfur á Þorfinnsstöðum hafi næstliðinn vetur verið að fá Gísla í Hólum brennivín, en hvorki Brynjúlfur né Gísli hafi viljað segja sér frá, hvað hann léti fyrir það og þess vegna kveðst hann **hugsa** *að Gísli* með vitund Brynjúlfs hafi *stolið* fyrrnefndum *peningum frá föður sínum*, þar hann heyrt hafi að peningarnir hafi átt að vera 4/3 spesía og 2/3 ditto.

*Stolið í hvalfjöru – beisli og yfirgjörð:*

/258 beislið það, sem Friðrik hefur framborið að Jóhannes hafi stolið á Hindisvíkurfjöru næstliðið haust, segir nú Jóhannes að Friðrik hafi sjálfur stolið með sínum tilstyrk, og hafi Friðrik tekið það af brúnskjóttum hesti, sem þeir ei hafi vitað hvör átt hafi, en hann kveðst hafa staðið fyrir á meðan, svo fólk ekki sæi til hans. [rosalega fór allt úr böndunum kringum hvalinn!] Hafi Friðrik lofað sér þessu beisli, þar hann kveðst kvartað hafa um að hann væri beislislaus. Sömuleiðis segir hann að Friðrik hafi sagt sér frá, að hann sjálfur hefði á sömu fjöru stolið 2ur beislum, en ei hafi Friðrik umgetið að hann hefði þar fleiru stolið.

Framstóð þvínæst 26, ***bóndi Sigurður Björnsson í Gottorp***, [**Gottorp** er eyðibýli við vestanvert Hópið í Vestur-Húnavatnssýslu,. Lauritz Gottrup lögmaður á Þingeyrum stofnaði býlið út úr jörðinni Ásbjarnarnesi**]** sem hefur gefið sýslumanninum til kynna, að hann misst hafi ólarbeitsli í Hindingsvíkurtjörn næstliðið haust, hvorju beitsli hann lýst hefur, en sú lýsing ekki staðið heima að öllu leyti við þá sem er á þeim í Katadal teknu beitslum.[166] [**Hindisvík** er eyðibýli á Vatnsnesi í Vestur-Húnavatnssýslu. Þar var áður prestsetur. Bærinn stendur við samnefnda vík. Hindisvík var mikil hlunnindajörð og er þar stórt selalátur sem hefur verið friðað lengi.**]** Eru honum því þessi beitsli nú sýnd fyrir réttinum og tjáist hann þekkja stangirnar í einu beitslinu fyrir sína eign, að undanteknum járnhringum sem í þeim eru nú í staðinn fyrir koparhringa sem í þeim hafi átt að vera. Þó

[165] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 266-267.

[166] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 237-238.

þori hann ekki /238 fortakslaust sérstengurnar, en höfðuðleður í öðru beislinu, að neðan teknum stengunum, eyrnahringum og ennislaufi, kveðst hann frómt að sverja sína eign. Að öðru leyti er enga upplýsing í sök þessari af deponentnum að fá, og kveðst hann vera Katadalsfólki ókunnugur, og ekki kunna neitt til þess að segja að undanförnu og er hann svo dimitteraður.

**Þórunn**: Ekkert ófrómt kveðst Þórunn geta um Friðrik borið, en í haust, rétt eftir að Friðrik hafi komið af Hvalfjörunni, segist hún séð hafa hjá honum þau í gær fundin beisli og yfirgjörð og segist hún annað hvort hafa eftir bón hans látið beislin ofaní kistuna eður hann hafi gjört það sjálfur, þar hann hafi eins haft umgöngu um kistuna, en ekkert kveðst hún vita hvernig á þessum beislum hafi staðið og ei heldur hafi hann þar um spurt. Enga frekari upplýsing í þessari sök er af Þórunni að fá, og játar hún þennan sinn framburð rétt bókaðan, og tilkvödd neitar hún einnig að vita neitt ófrómt til hjónanna í Katadal eður Gísla. Dimitteruð.

Framstóð þvínæst ***vinnukona Þórunn Eyvindsdóttir*** og bætir því við sinn framburð að hjá sér séu geymdir nokkrir **beislis** ádrættir af kopar og ólarspottar, sem Friðrik eigi, og hafi komið með af hvalfjörunni.[167] og hafi hann tekið þetta af beislum sem hann /240 hafi verið að fara með, en ekkert kveðst hún vita hvörninn það hafi verið fengið. Sömuleiðis segir hún sé **stórt sax** vestur í Katadal sem Friðrik hafi komið með af **hvalfjörunni**.

***Gísli:*** /222 Líka hafi Friðrik sagt sér að á Hvalfjöru næsta haust hafi hann **stolið 2ur beislum**, öðru nefnilega frá Nathan, en hitt **yfirdekki** frá Jóni Skúlasyni á Haukagili í Vatnsdal og yfirdekkið hafi hann séð fólk í Katadal hafa handa á milli, sem hann haldi að ófrjálst muni hafa verið. Engan frekari ófrómleika kveðst Gísli vita að bera um Friðrik eður foreldra hans,

***Þórunn:*** /224 Hún kveðst til muna að Friðrik hafi komið heim með 2 beisli af hvalfjörunni, eina yfirgjörð og yfirdekk af bláu vaðmáli, og séu beislin og yfirgjörðin það sama sem sýslumaðurinn tók í Katadal þann 23. f.m. en yfirdekkið sé þar enn.

***Sigurður:*** Blátt yfirdekk kveðst hann séð hafa í Katadal, sem hann ei viti hvör eigi, en sem hann helst dragi sér í grun að Friðrik muni tilheyra, þar hann séð hafi Þórunni helst hafi hönd yfir því og fyrst kveðst hann hafa séð þetta eftir að Friðrik hafi komið af hvalfjörunni.[168] Sigurður enn nú fyrir réttinum xxxx þau áður umgetnu í Katadal teknu beisli, og kveðst hann ei fyrir víst þora að segja hvört hann og Friðrik ættu nokkurt af þeim, en eitt af þeim sé líkt beisli því er Friðrik átt hafi.

---

[167] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 239-240.
[168] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 225.

*Þýfi F frá hvalfjöru?:*

/207 Enga fjármuni kveðst Friðrik eiga utan lítið eitt af fatnaði, rúma 4 rbd silfurs í peningum, 2 af þeim beislum sem fundust í Katardal 23ja þ.m. og yfirgjörðina er hann fundið hafi næstliðið haust. Það framanskrifaða segir Friðrik rétt eftir sér bókað.

## *Friðrik stal ám frá Natan og fleirum:*

***Eldri sauðaþjófnaðir Friðriks:*** *honum vex smám saman ásmegin, er farinn að hegða sér eins og fullgildur, kaupir hest fyrir stolna sauði*

Elínborg: /277 Um á þá er Friðrik í gær hafi frásagt, að faðir hans tekið hafi vorið 1826 frá Nathan heitnum: Af þeim við auction seldu ám ber Elínborgu að öllu leyti saman við Friðrik, og segist hún enn eiga þá á sem faðir sinn hafi sér fyrir hana fengið, *bæði ána og lambið undan henni, segir hún faðir sinn hafi* ***markað undir sitt mark og hafi stjúpmóðir sín Þorbjörg verið viðstödd*** *þá þetta hafi framfarið*, og segir Elínborg að hér í dag hafi bæði faðir sinn og kona hans nefnt við sig að segja ekki frá, að Sigurður hafði þessa á markað *[aha, þau ná að tala saman!]* og Sigurður hafi talið sér trú um, að hún yrði þá sjálf ólukkuleg fyrir það, en hún kveðst hafa aftekið að sverja rangan eið og hafi faðir sinn sagt að hún kynni að geta flækt það svo einhvern veginn að hún þyrfti ekki frá þessu að segja. Engan frekari ófrómleika kveðst Elínborg vita til föður síns, utan hvað hann oft hafi hirt og **látið hriða dauða ræfla, meira og minna étna, sem fundist hefðu þar á Dalnum**. Þó hafi það miður verið seinustu sumrin sem hún hafi hjá föður sínum verið en áður.

Elínborg viðkannast að hafa fengið Friðrik *gráhviflóttan sauð* haustið 1826, sem hann hafi látið fyrir hest er hann hafi þá keypt.[169]

***Exraréttur 8, Miðhópi frh.***: Þarnæst kom laus og liðugur fyrir réttinn ***fanginn Friðrik Sigurðsson*** sem af réttinum tilkvaddur viðkannast nú að í fyrra vor, þá hann var **vinnumaður í Vesturhópshólum**, hafi hann verið smámsaman *sendur með lömb, sem verið hafi verið að færa frá vestari afrétt*, kveðst hann þá eitt sinn hafa, framarlega í Katadalnum **tekið 2 gemlinga**.[170] Hvítkollótta gimbur, sem Hjálmar á Sigríðarstöðum hafi átt, með mark skipt hægra gat undir og sneiðrifað aftan vinstra, en annað hvíthriflóttur gemlingur sem Jón á Litluborg hafi átt, og sem markað hafi verið húðrifið vinstra og standfjöður

[169] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 277.

[170] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 247-248.

framan hægra, náð þessum kindum í gljúfrum við ána, og markað þær undir yfirmark föður síns. Nokkru seinna kveðst hann aftur hafa verið *sendur með kindur vestur í afrétt* og kveðst hann þá aftur hafa **tekið hvíhyrnda gimbur með veturgamalli eður tvævetra** með marki Guðmundar á Syðri-Þverá, sem sig minni sé blaðskipt framan hægra, sneitt aftan vinstra og fjöður framan, og auk þess hafi á þessari kind verið biti aftan hægra, en önnur kindin hafi verið hvítkollótt gimbur veturgömul með marki Björns á Völlum, sem sig minni að sé sílt hægra og biti framan undir, og biti framan vinstra. **Þessar kindur segist hann og svo hafa markað undir yfirmark föður síns**, og sett gagnbitað undir á allar kindurnar. Segist hann hafa beðið föður sinn að kannast við kind sem hann markað hefði undir mark hans. Í fyrstu rétt í fyrrahaust segir hann allar þessar kindur hafi aðkomið, og segist hann halda að *faðir sinn* hafi engar þeirra séð nema hvíthriflótta sauðinn, og *hafi hann spurt* sig að hvaðan hann væri, og segist hann hafa sagt honum að hann *hefði keypt hann* af Þórði Eyvindssyni, sem þá var á Þorfinnsstöðum. Allar þessar kindur hugðist hann strax í réttinni afhent hafa bónda Þorsteini /248 *í skuld uppí hest er hann hafi af honum keypt*, og þar fyrir utan gelda á er hann hafi fengið hjá séra Gísla, og veturgamla kind er hann fengið hafi hjá Elínborgu systur sinni. Kindurnar sem Björn á Völlum og Jón á Borg hafi átt, segist hann hvörja meta á 30 fiska eður 1 spesíu og gimbrina frá Hjálmari á 25 fiska, en kind Guðmundar á Þverá á 36 fiska, og hafi Þorsteinn tekið þær allar af sér á móti 4 spesíum. Engum kveðst hann muna til að hann hafi sagt frá þessum kindaþjófnaði nema Gísla í Katadal um tvo af þeim. [sjálfur látinn meta til verðs!]

*Sigurður faðir hans veit af þjófnaðinum!*
*Ólafur föðurbróðir líka.*
*Sex ær Natans hverfa:*

/245 Sigríður viðkannast að Nathan hafi misst fyrir víst tvær ær í haust og eitt lamb, sem ekki hafi aftur fundist, og þá hafi undir eins farið 1 ær sem Bjarni vinnumaður á Síðu hafi átt á Illhugastöðum og í fyrravetur hafði hann Nathan misst 3 ær.

**Extraréttur 7 Stóruborg seinni dagur**: Eftir þetta kom laus og liðugur fyrir réttinn ***bóndi Sigurður Ólafsson í Katadal***, sem af réttinum tilkvaddur viðkannast að einhvörntíma í fyrrasumar, hafi Friðrik beðið sig að kannast við að hann hefði markað eina eður tvær kindur undir mark sitt.[171] En væri þó

[171] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 239.

eitthvað útaf brugðið, en ekkert hafi hann umgetið hvaðan eður hvörnin hann hefði þessar kindur fengið, *og hann kveðst ei heldur muna að hafa hann nokkuð þar um spurt*. **[sem faðir ekki að standa sig!]** Segir hann sig minni að hann hafi séð Friðrik draga aðra þessa kind í fyrrahaust, sem sér hafi sýnst vera hvíthníflóttur sauðuar, vetur gamall.

***vinnumaður Japhet Bjarnason í Stapakoti*** /232 Depon. viðkannast að Nathan hafi sagst hafa misst ær í haust, en hvað margar hann hafi nefnt kveðst hann ei muna að gefa, og játar framburð sinn rétt tilfærðan. Dimitteraður.

/222 Einu bætir Gísli við, að Friðrik hafi sagt sér frá að næstliðið haust hafi hann, mean Gísli var norður í Skagafirði, en Sigurður faðir Friðriks á hreppaskilum, **stolið 2ur ám**, annarri geldri, hinni mylkri og einu lambi, sem bóndi Nathan sálugi á Illhugastöðum hafi átt, og mun heimafólk í Katadal hafa hjálpað honum til þess, og hafi móðir hans tekið við slátrinu. Líka hafi Friðrik sagt sér að í fyrravor, þá hann var í Vesturhópshólum, hafi hann **stolið tveimur gemlingum**, sem Gísli kveðst ei muna að hann getið hafi um hvör átt hafi, markað þær einslega undir mark föður síns, sem sé sneiðrifað aftan bæði eyru og fjöður framan bæði eyru og fengið þær um haustið Þorsteini bónda í Hlíð á Vatnsnesi.

/222 Sömuleiðis [sagði frá bauki með koffortið] fæst loks af henni [***Ingibjörg Sigurðardóttir*** 12 ára gömul, barn hjónanna í katadal og ókonfirmeruð, en skýr og greind að heyra] með tregðu, að **Friðrik hafi skorið 3 sauðkindur** næstliðið haust, einhvern tíma þá faðir hennar ekki hafi verið heima og Gísli ekki heldur, sem Friðrik hafi sagt að Nathan á Illugastöðum átt hafi kindurnar. /223 verið skornar í smiðjunni og minni sig að Þórunn Eyvindsdóttir hafi haldið fótunum, móðir sín muni hafa soðið innan úr þeim en Þórunn hafi saltað kjötið niður í kerald. Hvörnin sem við er leitast er enga frekari meðkenning né upplýsing af Ingibjörgu að fá, og *segir hún að móðir sín hafi sagt sér að ef hún vissi nokkuð í þessari sök skyldi hún ei frá því segja*. Dimitteruð.

Þarnæst framstóð 18 ***Magdalena Tómasdóttir*** frá Katadal, systurdóttir bóndakonu þar Þorbjargar, og þar uppalin.[172] Hún tjáist vera 11 ára gömul og ókonfirmeruð, jafnvel þó hún engu að síður en hin álítist að vera skýr og greind, er enga minnstu meðkenningu eður upplýsingu af henni að fá, hvörju sem við er leitast, og er hún stíf og hörð að neita öllu, og jafnvel því sem nokkur rök eru til hún kunni að vita. Þó varð loks með mæði teygt útúr henni að hún muni til að Friðrik hefði **skorið einhvorjar kindur í smiðjunni** í Katadal þegar Sigurður, bóndinn, þar ekki

[172] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 223.

hefði verið heima, sem hún haldi að ekki hafi átt þar heima, og minni sig að Þórunn hafi haldið fótunum. En hvort sem reynt er til með blíðu eður stríðu er enga frekari upplýsingu af henni að fá og hún svo dimmitteruð.

Framstóð aftur 19 ***Bjarni Sigurðsson*** í Katadal 10 ára gamall sem og svo segist að vera mikið skýr og greindur, og er hann lengi margvíslega aðspurður að ýmsu sökinni til upplýsingar, án þess að nokkur upplýsing af honum fáist, en loksins viðkannast hann, að **Friðrik hafi skorið tvær kindur rosknar og eitt lamb** næstliðið haust, þegar faðir hans og Gísli ekki hafi heima veirð, sem sig gruni að verið hafi órjálsar, og Nathan hafi átt.[173] Þó hefur hann lengi áður þrætt fyrir alla vitund um þessar kindur. Móðir sín segir hann loks eftir þó lengi að hafa þrætt fyrir, hafi sagt sér að hann skyldi heldur segjast ekkert vita en tala of margt þegar hann kæmi fyrir réttinn, en hvörninn sem við er leitast er enga frekari upplýsingu af honum að fá, og er hann svo dimitteraður.

Þarnæst kom laus og liðug fyrir réttinn 20 vinnukona ***Þórunn Eyvindsdóttir*** í Katadal, sem enn margvíslega áminnt um að segja sannleikann /224 kveðst standa við allan sinn áður gefna framburð í þessari sök, þó bætir hún nú af réttinum þar um spurð því við, að næstliðið haust meðan Sigurður í Katadal hafi verið á hreppaskilnunum næstliðið haust en Gísli norður í Skagafirði, hafi Friðrik í Katadal skorið tvær ær og eitt lamb sem hann sagt hafi að Nathan á Illhugastöðum ætti, og kveðst hún eftir skipun Friðriks hafa haldið fótum á þessum kindum meðan Friðrik hafi skorið þær, og saltað niður fyrir hann kjöt af þeim og hafi hann fengið saltið hjá móður sinni.[174] Slátrið muni móðir hans hafa handtérað. Ullina segir hún Friðrik hafi lagt inní kaupstað, en skinni haldi hún að séu í Katadal, en hvað um tólg eður annað hafi verið látin í kaupstað, og munu þau hafa verið nálægt fjórðung eður 10 aurum.  Einhvörn tíma kveðst hún hafa orðið vör við seinna, að *Sigurður hafi vitað af þessu*, þar hann hafi nefnt það við sig, og sagt sér þækti ljótt að Friðrik hefði farið að gjöra þetta. Hvað þær kindur hafi kunnað að kosta, sem Friðrik skar og Nathan átti, kveðst Þórunn ekkert vit hafa á að verðleggja, en sig minni að önnur ærin hafi veirð geld en önnur mylk. Hvörnin sem við er leitast er engar frekari upplýsingar eður meðkenningu af Þórunni að fá og játar hún það framanskrifaða rétt bókað. Dimitteruð.

***Sigurður í Katadal:*** /225 Af réttinum ítarlega aðspurður viðkannast Sigurður að einhverntíma í haust hafi hann orðið var

---

[173] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 223.

[174] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 223-224.

við **spað í hálftunnu úti í skemmu**, sem sig hafi furðað á að í skyldi hafa verið saltað svo lélega, og kveðst hafa spurt fólk sitt að, hvörninn á þessu stæði, og hafi það ei gefið sér annað svar þar uppá en að Friðrik ætti það og honum munivera best að skipta sér ekkert af því. En hvört heldur kona sín, Þórunn eður Gísli hafi þetta sagt, kveðst hann ei muna. Segist hann svo þeinkt hafa að Friðrik hefði fengið þetta hjá móður sinni, sem hann ekki mætti vita, en litlu síðar hafi Friðrik beðið sig um annað ílát, þar hálftunnan hafi dottið utan af því og kveðst hann hafa afsagt honum um það, og muni hann hafa fengið kerald hjá Jóni á Gnýstöðum, og standi þetta kerald enn nú með spaðinu í skemmunni. Aldrei kveðst hann að neinum manni nákvæmar hafa hér um grennslast.

/ 225 Þau Þórunn og Sigurður eru samanborin í tilliti til þeirra umhöndluðu sauðkinda og kveðst hún nú ei kunna að segja, að Sigurður vitað hafi /226 hvörnin á þeim hafi staðið, en hann hafi sagt, að það væri ljótt þetta verk sem hefði svona verið gjört á laun við sig. Meiri upplýsingu er ei af Sigurði að fá, hvörninn sem við er leitast og játar sinn framburð rétt bókaðan. Dimitteraður.

***Þorbjörg: Þing 7 Stóruborg:*** /227 Margvíslega aðspurð viðkannast Þorbjörg með mestu tregðu að hún hafi fengið vitneskju um að Friðrik skorið hafi 2 kindur, meðan maður sinn verið hafi í hreppaskilunum næstliðið haust og minni sig að Friðrik hafi sagt sér frá því og að Nathan mundi eiga þær, en ekkert kveðst hún vita hvað hann hafi gjört við slátur úr þeim, og ekki hafi hann sér það fengið. Kveðst hún halda að Þórunn og hann hafi soðið slátrið. Aldrei kveðst hún hafa orðið vör við svið eður slátur af þessum kindum, en skinnin hafi Friðrik breitt uppí eldhús, og kveðst hún halda að þau séu enn í Katadal. Salt segir hún að Friðrik hafi einhvörn tíma hjá sér fengið í kjöt er hann hafi átt, og hafi hann fyrst saltað kindurnar ofaní hálftunnuskrifli og síðan fengið kerald hjá Jóni á Gnýstöðum til að láta þær í. Nokkru eftir að maður sinn hafi heim komið, hafi hann spurt sig að, hvör þetta ætti, og hafi hún sagt honum að Friðrik mundi koma það við. Ullina og mörinn segir hún að Friðrik muni hafa látið í kaupstað, og kveðst hún hafa brætt einhvörn mör fyrir hann, sem hann hafi verið búinn að brytja, og muni það hafa orðið nálægt 1 fjórðungur tólgar. [skýring skrifara: einn fjórðungur er um 5 kíló]

***Þorbjörg spurð aftur daginn eftir seinna daginn á extrarétti 7 Stóruborg:***

Þarnæst kom laus og liðug fyrir réttinn ***Þorbjörg Halldórsdóttir í Katadal***, sem af réttinum tilkvödd viðkannast, að hún hafi soðið slátrið úr þeim tveimur áður umvitnuðu ám sem

Friðrik tekið hafði frá Nathan.[175] Sömuleiðis viðkannast hún nú, að Friðrik undir eins skorið hafi 1 lamb sem Nathan og svo átt hafi, og hafi slátur úr því farið saman við slátur úr tveimur ömgum er hún sjálf hafi átt. Slátrið úr ánum kveðst hún hafa súrsað, og hafa það orðið mikið slæmt og því nær ónýtt, nema lambabagginn annar sem hún kveðst hafa gefið í burtu. Sviðin af kindunum segir hún Friðrik hafi líka tilslegið sér, og hafi lambssviðin farið saman við önnur svið af kindum sínum, en ærhöfuðin kveðst hún geymt hafa í skoti í eldhúsinu þar til þau hefðu verið orðin mikið skemmd, og hafi hún því þau brennt. **[óborganleg lýsing á hversdags paufi með stolið ket!]** Sviðin og slátrið af þessum 3ur kindum kveðst hún halda að hafi kunnað að vera tólf fiska virði. Reynt kveðst hún hafa að aftra Friðriki frá að stela kindunum og aldrei kveðst hún hafa sagt manni sínum frá því.

***Jón föðurbróðir á Gnýsstöðum:*** /228 Deponentinn viðkannast að næstliðið haust hafi Friðrik beðið honu sína að ljá sér kollu sem tekur nálægt 3ur fjórðungum til að salta kjöt niður í, en ekkert hafi hann gefið sér í skyn, hvörnin /229 á þessu kjöti stæði.

***Ólafur föðurbróðir F á Súluvöllum: veit af þjófnaðinum*** /231 Segir hann að Friðrik hafi þá loks viðkannast fyrir sér, að hann hefði stolið 2ur eður 3ur kindum frá Nathan á Illhugastöðum, meðan faðir hans og Gísli hafi ekki heima verið og kveðst deponentinn hafa hótað honum að fara upp með þetta, og hafði hann sagst mundi þræta fyrir það, en hitt heimilisfólk í Katadal væri svo mikið við það riðið, að það mundi aldrei fara að segja frá því. Meiri upplýsing í sök þessari er ei af deponentinum að fá, og játar hann það framan skrifaða rétt eftir sér bókað. Dimitteraður.

***Um virðingu stolnu sauðanna:***

***Þórunn Eyvindsdóttir, um virðingu stolnu sauðanna:***

Þarnæst kom laus og liðug fyrir réttinn vinnukona Þórunn Eyvindsdóttir í Katadal, sem af réttinum tilkvödd viðkannast Friðriks framburð í tilliti til tilstyrks þess, sem hún veitt hafi Friðrik við slátrun og hantering þeirra stolnu kinda.[176] Kveðst hún ekki heldur hafa neitt á móti þeirri virðingu, sem Friðrik hafi á þær lagt, og sömuleiðis kannast hún við að hjá sér sé geymt það sem Friðrik hefur tilsagt í dag. Að öðru leyti er nú enga frekari upplýsing af Þórunni að fá og játar hún sinn framburð rétt bókaðan og er hún að svo búnu frá réttinum dimitteruð. Með þá af Friðrik á þær stolnu sauðkindur lögðu virðingu tjáist bóndi Guðmundur gjöra sig ánægðan.

---

[175] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 240.

[176] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 255-254.

***Bóndakona Þorbjörg Halldórsdóttir í Katadal – um virðingu, þýfi og Þórunni, þöggun barnvitnanna:***

Þarnæst kom nú laus og liðug fyrir réttinn ... sem enn neitar að geta neina frekari meðkenning eður upplýsing gefið en hún hefur áður gjört.[177] Hún kveðst ekkert hafa á móti af Friðrik á þær stolnu kindur lögðu virðingar

*Friðrik stal hesti og fleira:*

***Ólafur föðurbróðir F á Súluvöllum:*** /231 Deponentinn viðkannast að Gísli hafi sagt sér frá kindum þeim sem Friðrik hafi átt að stela, eins og Gísli hefur þar um borið hér í gær, og eitt sinn snemma í vetur segir hann að Friðrik hafi komið til sín með brúnan húðarklár, og hafi hann sagst hafa fengið hann hjá séra Gísla í Vesturhópshólum, og einn saltkút, sem hann fengið hafi í haust. ... Kveðst hann svo loks hafa fengið hann til að hætta við þetta og senda hestinn til baka, en saltkútinn hafi hann selt sér.

*Friðrik býður þýfi til sölu:* beislisstangir

***Jóhannes Magnússon vinnumaður í Stapakoti:*** /233 Ekkert beisli kveðst depon. átt hafa hjá Friðrik, en hann hafi verið að bjóða að selja sér beislisstangir. Enga óráðvendni kveðst deponentinn vita /234 að bera þeim Agnesi og Sigríði, ei heldur Friðrik, annað en það sem hann hefur frásagt, eða öðru fólki í Katadal, og er yfirhöfuð enga frekari upplýsingu af honum í sökinni að fá, og játar hann það framanskrifaða rétt bókað. Dimitteraður.

# Virðingargjörð böðuls:

**Extraréttur 12 að Hvammi.**

*Guðmundur síðar böðull Ketilsson Nathansbróðir, mundugasti erfingi Nathans og curator sterfbúsins.*

Ár 1828 þann 6. maí [þriðjudagur] setti sýslumaður Blondahl einn extrarétt að sínu heimili Hvammi í Vatnsdal með undirskrifuðum þingvottum, hvar þá mætti fyrir réttinum bóndi Guðmundur Ketilsson í Neðri-Lækjardal, bróðir og erfingi þess myrta, Nathans Ketilssonar.[178] Kveðst sín eiginn og sinna meðerfingja vegna gjöra sig ánægðan með þá virðingu sem Sigurður Ólafsson í Katadal hefur þann 30sta fyrri mánaðar lagt á þá á, sem hann vorið 1826, skuldi Nathan heitnum, nefnilega 2 rbd silfurs, og sömuleiðis með þá virðingu er Friðrik Sigurðsson þann 1sta þessa mánaðar lagt hefur á þær frá Illhugastöðum stolnu reiðbuxur og rekkjuvoð, hverja erklæring rétturinn hlýtur í þessu tilefni, að antaka sem fullgilda af Guðmundi sjálfum, þar hann er

---

[177] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 255-256.

[178] Í fórum höfundar: *Dómþing um málið. 20 þing í héraði skráð í bók Blöndals sýslumanns*, 303.

myndugasti erfingi Nathans heitins, og hefu allra þeirra vegna upphaflega settur verið sem sterfbúsins curator, sömuleiðis eru nú Guðmundi sýndir þeir þann 20sta fyrri mánaðar af Jóhannesi Magnússyni afturskiluðu og hingað sendu fjármunir, og verða þeir ásamt öðrum sterbúsins fjármunum síðar eftir samkomulagi seldir við auction. Guðmundur er svo af réttinum dimitteraður.